


**skoðun 16**

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




## Opna verslun með finnska hönnun

*Satu Rämö og Maarit Kaipainen opna verslun með finnska hönnun í bakhúsi við Laugaveg í dag. Þar fást heimilisvörur, skartgripir, fylgihlutir og reiðhjól.*

**fólk 2**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**8. júní 2012**
133. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Vill rauðvín og osta

*Elvis Costello vill rauðvín og osta baksviðs á tónleikum sínum á sunnudaginn.*

**popp 46**

## Heiða á tvo tannbursta

*„Skyldan til að velja lögheimili býr til kerfisbundna skekkju á rétti foreldra," segir Pawel Bartoszek.*

**í dag 17**



## Óvænt Ólympíuför

*Eva Hannesardóttir hugsaði fyrst um ÓL í Lundúnum fyrir mánuði síðan.*

**sport 42**

## veðrið í dag




**LÉTTIR TIL** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s en 10-15 við S- og SA-ströndina. Dregur úr vætu syðra og léttir víða til síðdegis. Hiti 10-16 stig en svalara eystra.

**VEÐUR 4**

# Stjórnendur Byrs í fangelsi

**Hæstiréttur snýr sýknudómi í svokölluðu Exeter-máli og dæmir fyrrverandi yfirstjórnendur Byrs í fjögurra og hálfs árs fangelsi. Þyngsti dómur fyrir efnahagsbrot í sögu Íslands og hefur líklega fordæmisgildi.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sakfelldi í gær Ragnar Z. Guðjónsson og Jón Þorstein Jónsson, fyrrverandi forstjóra og stjórnarformann Byrs, fyrir umboðssvik í svokölluðu Exeter-máli og dæmdi þá báða í fjögurra og hálfs árs óskilorðsbundið fangelsi. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður sýknað þá.

Þetta eru þyngstu dómar sem kveðnir hafa verið upp vegna efnahagsbrota hérlendis.

Þætti þriðja mannsins, Styrmis Þórs Bragasonar, fyrrverandi forstjóra MP banka, er vísað aftur til héraðsdóms til efnislegrar meðferðar.

Þetta er annar dómurinn sem Hæstiréttur fellir í málum sérstaks saksóknara tengdum bankahruninu. Sá fyrri var yfir Baldri Guðlaugssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, sem hlaut tveggja ára fangelsi fyrir innherjasvik.

Athygli vekur að í báðum málunum hefur verið fallist á ítrustu kröfur saksóknara um refsingu.

Exeter-málið snýst um rúmlega eins milljarðs króna lán sem Byr veitti félaginu Exeter Holding í miðju bankahruni til að kaupa stofnfjárbréf í Byr af útvöldum aðilum, meðal annars Jóni Þorsteini sjálfum, félagi í eigu Ragnars og MP banka. Með því var allri áhættu af fallandi verði stofnfjárbréfanna velt yfir á Byr. Ragnar og Jón Þorsteinn tóku ákvörðun um



JÓN ÞORSTEINN JÓNSSON



RAGNAR Z. GUÐJÓNSSON

lánveitingarnar, sem gengu þvert gegn lánareglum.

Héraðsdómur komst að því að Ragnar hefði haft heimild til að lána þvert á lánareglur og að ekki væri sannað að ásetningur hefði staðið til þess að vinna sparisjóðnum tjón. Einn héraðsdómari skilaði sératkvæði og taldi að sakfella bæri Jón Þorstein og Ragnar en sýkna Styrmi, sem var ákærður fyrir hlutdeild í brotum þeirra og peningaþvætti.

Vegna þess að héraðsdómurinn ákvað að sýkna Jón Þorstein og Ragnar var engin efnisleg afstaða tekin þar til aðildar Styrmis og því vísar Hæstiréttur þætti hans aftur heim í hérað.

Björn Þorvaldsson saksóknari segist hafa búist við því að dómi héraðsdóms yrði snúið. „Þetta er afar skýr dómur og hnitmiðaður og líklegt að hann hafi áhrif á önnur mál sem snúa að lánveitingum með svipuðum hætti," segir Björn. **- sh**



**ENGIN SÁTT** Mikill hiti skapaðist á samstöðufundi LÍÚ í gær og létu báðar fylkingar vel í sér heyra undir erindum ræðumanna samtakanna á Austurvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fleiri tugir skipa komu í land vegna samstöðufundar LÍÚ á Austurvelli í gær:

# Andstæðar fylkingar mættust

**MÓTMÆLI** Ræðumönnum á Austurvelli var ýmist klappað lof í lófa eða þeir púaðir niður á samstöðufundi Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) í gær. Um tvö þúsund manns kom saman á í miðbænum og skiptist fjöldinn í tvær algjörlega andstæðar fylkingar sem báðar létu vel í sér heyra.

LÍÚ boðaði til fundarins til að mótmæla fyrirhuguðum breytingum stjórnvalda á kvótakerfinu og komu fleiri tugir skipa til Reykjavíkurhafnar í tilefni fundarins. Byrjað var að þeyta skipsflauturnar í gærmorgun og barst ómurinn um borgina allan daginn.

LÍÚ afhenti forseta Alþingis áskorun fyrir framan Alþingi eftir fundinn. Þá gaf Björgvin Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, Adolf Guðmundssyni, formanni samtakanna, bókina Sölku Völku, eftir Halldór Laxness, sem merki um sáttarvilja.

Lögreglan var með töluverðan viðbúnað á vellinum, en mótmælin fóru að mestu friðsamlega fram. Talið er að um tvö þúsund manns hafi komið saman



**SKIP VIÐ SKIP** Alls voru um 70 skip og bátar í Reykjavíkurhöfn í gær vegna mótmælanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

á Austurvelli þegar mest var. Einn maður þurfti þó að leita á sjúkrahús vegna mikils höfuðhöggs.

Maðurinn sem þurfti að yfirgefa Austurvöll með alblóðugt höfuð og blóðtauma niður á bak áður en fundi lauk í gær, lýsti því þannig að tveir menn hafi verið að rífa skilti hvor af öðrum þar sem hann stóð, en í atganginum hafi hann fengið skilti í hausinn. Lögregla kom manninum til hjálpar. **- sv /** **sjá síðu 10**

Ferlið tók fjóra mánuði:

# Á annan veg til Hollywood

**FÓLK** Kvikmyndin Á annan veg hefur verið endurgerð í Hollywood og það er leikstjórinn David Gordon Green sem leikstýrir. Endurgerðin nefnist Prince Avalanche og skartar leikurunum Paul Rudd og Emile Hirsch í aðalhlutverkum. Tökur fóru fram í Texas og lauk í síðasta mánuði.



DAVID GORDON

Davíð Óskar Ólafsson, einn af framleiðendum kvikmyndarinnar Á annan veg, segir ferlið hafa gengið óvenju hratt fyrir sig en hringt var frá Hollywood í febrúar. „Gordon Green heillaðist af hinni einföldu sögu myndarinnar og langaði að fara aftur til upprunans með því að gera þessa mynd." Davíð veit ekki hvenær endurgerðin fer á hvíta tjaldið en segir þetta opna margar dyr fyrir framleiðendurna og leikstjóra myndarinnar, Hafstein Gunnar Sigurðsson. **- áp /** **sjá síðu 46**


ÞEKKIR ÞÚ BLÓMIÐ?




www.forlagid.is



*Væl gagnist tær*
er føreyska og merkir hið sama og „verði þér að góðu".




*Knorr kemur með góða bragðið!*

## SPURNING DAGSINS



*Einar, er betur heima setið en af stað farið?*

Nei, maður verður bara að vera vel búinn til að takast á við fjöllin ef enginn er til þess að ryðja þeim í burtu fyrir mann.

Einar Magnús Magnússon upplýsingafulltrúi Umferðarstofu hefur gagnrýnt viðhald vega og sagt þá ógna öryggi vegfarenda.

Ný skoðanakönnun Capacent Gallup:

# Ólafur með mest fylgi

**FORSETAKJÖR** Ólafur Ragnar Grímsson og Þóra Arnórsdóttir mælast sem fyrr með langmest fylgi fyrir forsetakosningarnar 30. júní næstkomandi. Greint var frá niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Capacent Gallup í kvöldfréttum RÚV í gær.

Í könnuninni mælist Ólafur Ragnar Grímsson, sitjandi forseti, með 45,8% fylgi en Þóra Arnórsdóttir með 39,3%. Alls 9,2% hyggjast kjósa Ara Trausta Guðmundsson en aðrir frambjóðendur fá lítið fylgi.

Herdís Þorgeirsdóttir mælist með 2,6% fylgi, Andrea Jóhanna Ólafsdóttir með 2,1% fylgi og loks Hannes Bjarnason með 1,1%.

Könnunin var framkvæmd á netinu fyrstu vikuna í júní. Haft var samband við 1.500 kjósendur sem valdir voru af handahófi úr Viðhorfahópi Capacent Gallup.

Svarhlutfall var um 61% en um 13% taka ekki afstöðu. Alls 4% segjast ætla að skila auðu eða kjósa ekki og þá segist um 1% vilja kjósa einhvern annan í embætti forseta Íslands. - mþl




Röng lyfjanotkun:

# Torlæknanlegir berklar í Kína

**KÍNA, AP** Eitt af hverjum tíu berklatilfellum í Kína er ekki læknanlegt með þeim lyfjum, sem algengast er að nota við sjúkdómnum.

Þetta hlutfall er mun hærra en í öðrum löndum. Ástæðan er sú að lyf hafa verið ranglega notuð eða ekki prófuð nægilega með tilraunum.

Þetta eru niðurstöður nýrra rannsóknar, sem skýrt er frá í læknatímaritinu New England Journal of Medicine. - gb

Brotavilji sagður einbeittur:

# Fangelsi í fjögur ár staðfest

**DÓMSTÓLAR** **Fjögurra ára fangelsisdómur héraðsdóms yfir þeim Arkadiusz Zdzislaw Pawlak og Rafal Grajewski fyrir nauðgun stendur óraskaður samkvæmt dómi Hæstaréttar í gær. Þeir þurfa líka að greiða fórnarlambi sínu 1,2 milljónir króna í bætur.**

**Mennirnir voru ákærðir fyrir nauðgun með því að hafa í bifreið beitt ofbeldi til að hafa önnur kynferðismök en samræði við konu. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að mennirnir frömdu brot sín sameiginlega, auk þess sem þau hafi verið alvarleg og háttsemi þeirra niðurlægjandi fyrir fórnarlambið. Brotavilji þeirra hafi verið einbeittur.** - óká

Tölvuleikur um umhverfismál:

# Nemendur í HR vekja lukku

**MENNTUN** Tölvuleikur um orkunotkun og umhverfismál, sem hópur tölvunarfræðinemenda í Háskólanum í Reykjavík bjó til, er kominn í 10 liða úrslit Imagine-Cup keppninnar sem tæknirisinn Microsoft heldur. Keppnin er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum.Í keppninni er verkefni þátttakenda að kynna hugmyndir að tæknilausnum sem nota á til að takast á við stór vandamál sem að heiminum steðja.

Íslenski hópurinn, sem kallar sig Radiant, bjó til tölvuleik að nafni Robert's Quest sem á að auka meðvitund ungs fólks um umhverfismál og orkunotkun á skemmtilegan og gagnvirkan hátt. - mþl

## ELDSVOÐI

### Kviknaði í sumarbústað

Eldur kviknaði í sumarbústað Norðlingaholtsmegin við Elliðavatn í gærkvöldi. Slökkviliðið fór á vettvang og var slökkvistarfi ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í pretun.

# Kostnaðurinn margfaldur eftir nokkur ár

**Kostnaður ríkisins er margfalt meiri ef vegir fá að grotna niður. Vegamálastjóri segir viðhald þjóðvega komið niður fyrir lágmarksþröskuld. Vegakerfið er að hrynja undan okkur, segir Ólafur Guðmundsson, fulltrúi EuroRAP á Íslandi.**

**SAMGÖNGUR** Takmarkað viðhald á vegakerfi landsins mun kosta ríkið margfalt meira til langs tíma litið en að sinna nauðsynlegu viðhaldi strax. Þetta er mat vegamálastjóra.

„Ef farið er niður fyrir ákveðinn þröskuld í viðhaldi brotnar burðarlag vegarins niður og mjög dýrt er að byggja það upp aftur," segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri. „Það er mikið í það sækjandi að halda þessu í horfinu." Hreinn segir viðhald á vegum hafa farið niður fyrir lágmarkskröfur. „Þá fara vegirnir að grotna niður, verða hættulegir. Við getum ekki búið í mörg ár við fjárveitingarnar eins og þær eru núna."

Ólafur Guðmundsson, fulltrúi EuroRAP á Íslandi, hefur gert úttekt á vegakerfinu á Íslandi í ein sex ár. Hann segist aldrei hafa séð vegakerfið í eins lélegu ásigkomulagi. „Frá því að Íslendingar komu sér upp vegakerfinu sem við þekkjum í dag með bundnu slitlagi, þá held ég að ég hafi aldrei séð það jafn slæmt."

EuroRAP er verkefni regnhlífarsamtaka bifreiðaeigendafélaga í Evrópu og gengur út á að hafa eftirlit með vegum og sjá til að þeir séu í samræmi við evrópsk viðmið. Ólafur segir íslenska vegakerfið ekki fullnægja þessum kröfum. „Það eru staðlar um yfirborðsmerkingar í Evrópu samkvæmt samningum sem við eigum að fara eftir en gerum ekki. Vegagerðin er einnig með reglur um merkingar en það er ekki farið eftir þeim í dag að ég best fæ séð."

Spurður hvort lélegt viðhald muni á endanum kosta meira segir hann hikstalaust svo vera. „Við erum á fjórða ári og við getum ekki beðið lengur. Þetta er að hrynja undan okkur."

Ólafur segir aðferðina hætta að vera sparnað. „Þetta er orðin eyðilegging. Malbikið er að molna upp. Bindiefnið er farið sem þýðir það að eftir nokkur ár þurfum við að gera allt upp á nýtt. Þetta er eins og með sólpallinn þinn, þú átt að bera á hann einu sinni á ári en ef þú gerir það ekki fyrr en eftir fjögur ár þá er pallurinn ónýtur og þú þarft að skipta um allt timbrið."

birgirh@frettabladid.is



**ENGAR MERKINGAR** Yfirborðsmerkingar eru víða máðar eða alveg horfnar eins og á veginum í Leirársveitinni. Myndin er tekin í maí. MYND/ÓLAFUR GUÐMUNDSSON

## Vonast til að ástandið fari batnandi

Ögmundur Jónasson ráðherra samgöngumála segir stjórnvöld nú vinna að því að snúa vörn í sókn. Í endurskoðaðri samgönguáætlun er gert ráð fyrir að látnir verði auknir fjármunir í samgöngubætur. „Ég vonast til þess að ástandið muni fara batnandi á nýjan leik."

„Að vísu erum við að hugsa til þess að viðbótin fari fyrstu árin að uppistöðu í gangagerð," segir Ögmundur. „Norðfjarðargöng, Dýrafjarðargöng og Dynjandisheiði eru allt stórframkvæmdir. En það er mjög mikilvægt að við horfum ekki fram hjá þeirri brýnu nauðsyn að halda vegunum við."

Hann segir öryggissjónarmið hafa forgang við endurnýjun ganga. „Það er einnig á það að líta að endurnýjun, til dæmis Norðfjarðarganga, er brýn af öryggisástæðum. Allt er þetta blanda af því að hugsa um öryggi byggða og öryggi einstakra vega."



**BRIMBORG** Fyrirtæki geta ekki tekið einhliða ákveðið að skila lóðum gegn endurgreiðslu lóðagjalda. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Lóðagjöldin ekki endurgreidd:

# Einhliða skil eru ekki í boði

**DÓMSTÓLAR** Reykjavíkurborg þarf ekki að greiða bifreiðaumboðinu Brimborg tæpar 136 milljónir króna með vöxtum eins og Héraðsdómur Reykjavíkur hafði dæmt hana til að gera í fyrrasumar.

Brimborg vildi að borgin greiddi fyrirtækinu til baka vegna atvinnuhúsnæðislóðar sem borgin hafði úthlutað, en fyrirtækið ætlaði að skila. „Ekki var fallist á með [Brimborg] að samkvæmt skilmálum [Reykjavíkurborgar] hefði fyrirtækið átt einhliða rétt á að skila lóðinni gegn endurgreiðslu lóðagjalda," segir í dómi Hæstaréttar. - óká

Byrja að sekta í nóvember:

# Skylda að hafa vínmæli með

**FERÐALÖG** **Frá og með næstu mánaðamótum er ökumönnum í Frakklandi skylt að hafa í bílum sínum tæki til að mæla áfengi í andardrætti. Vakin er á þessu athygli á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB).**

**„Áfengismælirinn er viðbót við annan búnað sem skylt er samkvæmt frönskum umferðarlögum að hafa í bílnum, en það er viðvörunarþríhyrningur og öryggisvesti fyrir ökumann," segir á vef FÍB. Sekt fyrir að vera án mælis er sögð vera 11 evrur eða um 1.785 krónur.** - óká






Hæstiréttur segir húsnæðislán Íslandsbanka í erlendri mynt hafa verið lögleg:

# Lánið var í erlendum myntum

**DÓMSTÓLAR** Húsnæðislán Íslandsbanka í erlendri mynt eru ekki ólögmæt gengistryggð lán. Hæstiréttur staðfesti í gær niðurstöðu Héraðsdóms Suðurlands þar að lútandi í máli hjóna sem tekið höfðu slíkt lán hjá bankanum.

Bankinn hafði höfðað mál á hendur hjónunum til greiðslu á eftirstöðvum gjaldfallins skuldabréfs, en deilt var um hvort lánið hefði verið í íslenskum krónum og gengistryggt með ólögmætum hætti, eða hvort það hafi verið í erlendum myntum.

Fram kemur í dómnum að með vísan til heitis skuldabréfsins, tilgreiningar lánsfjárhæðarinnar og vaxta auk fyrirsagnar skilmálabreytingar hafi verið fallist á með bankanum að lánið hefði verið í erlendum myntum.

Upphafleg greiðslukrafa bankans í mars 2010 hljóðaði upp á tæpar 22 milljónir króna. Bankinn breytti svo þeirri kröfugerð í þinghaldi fyrir Héraðsdómi Suðurlands rétt tæpu ári síðar í tæplega 12,4 milljónir króna. Um þá upphæð var ekki ágreiningur og hjónin því dæmd til að greiða hana með vöxtum.

**21,9** milljónir króna var upphafleg upphæð kröfu Íslandsbanka vegna eftirstöðva gjaldfallins skuldabréfs í erlendri mynt. Krafan var svo lækkuð í 12,4 milljónir.

**DÓMUR HÆSTARÉTTAR**

Íslandsbanki áréttaði í tilkynningu í gær að húsnæðislán bankans í erlendum gjaldmiðlum og erlend lán með veði í íbúðarhúsnæði hafi verið endurreiknuð og þar með gengið lengra en lög frá Alþingi kveðu á um.

Að fenginni þessari niðurstöðu Hæstaréttar nú væri ólíklegt að dómur Hæstaréttar frá 15. febrúar síðastliðnum í máli 600/2011 eigi við um húsnæðislán Íslandsbanka.

Í því máli hafði lán í erlendri mynt ekki verið í vanskilum og því talið að erlendir vextir lánsins ættu að gilda, en ekki vextir Seðlabanka Íslands.

„Íslandsbanki mun halda viðskiptavinum sínum vel upplýstum þegar búið er að yfirfara dóminn," segir í tilkynningu Íslandsbanka í gær. - óká




E&Co. – Mynd Ari Magg

**Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Akureyri, Reykjavík & Haukadal . www.geysir.net – Sími 519 6000.

## GENGIÐ 07.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,39 | 129,01 |
| Sterlingspund | 198,73 | 199,69 |
| Evra | 161,26 | 162,16 |
| Dönsk króna | 21,69 | 21,816 |
| Norsk króna | 21,160 | 21,284 |
| Sænsk króna | 17,901 | 18,005 |
| Japanskt jen | 1,6167 | 1,6261 |
| SDR | 194,50 | 195,66 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

223,0019

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Cameron vill eyða óvissu sem fyrst en Merkel segir ekki hægt að vinda hratt ofan af vandanum:

# Telur nauðsynlegt að framselja meiri völd

**EVRÓPUMÁL** Spánverjum tókst að selja ríkisskuldabréf fyrir 2,1 milljarð evra í gær, aðeins fáeinum dögum eftir að fjárhagsvandræði spænskra banka juku enn á óvissuna á evrusvæðinu.

Spænskir bankar hafa ekki lengur aðgang að lánsfé frá öðrum evrópskum bönkum og fjárfestum, en þurfa tugi milljarða evra í fjárhagsaðstoð á næstunni. Einungis fimm milljarðar eru hins vegar eftir í neyðarsjóði spænska ríkisins, sem stofnaður var árið 2009 og ætlaður til þess að bjarga bönkum úr bráðavanda.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segir nauðsynlegt að evruríkin hraði viðbrögðum sínum til þess að eyða markaðsóvissu.

Angela Merkel Þýskalandskanslari sagði hins vegar ómögulegt að lagfæra með hraði þann fjárhagsvanda, sem safnast hefur upp síðan evran hóf göngu sína fyrir tíu árum.

„Við þurfum ekki bara gjaldmiðilsbandalag. Við þurfum líka svokallað fjárlagabandalag, sameiginlega stefnu á fleiri sviðum fjárlagagerðar. Og við þurfum fyrst og fremst stjórnmálabandalag," sagði Merkel að loknum fundi með Cameron í gær. „Það þýðir að við þurfum, skref fyrir skref eftir því sem hlutirnir þróast, að framselja völd til Evrópu líka." **- gb**



**EKKI ALVEG SAMMÁLA** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og Angela Merkel Þýskalandskanslari. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögreglan á Suðurnesjum:

## Nítján ára á ofsahraða

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði nítján ára ökumann fyrir ofsaakstur á Grindavíkurvegi. Hann reyndist vera á 173 kílómetra hraða, en þar er hámarkshraði 90 kílómetrar. Ökumaðurinn var sviptur ökuréttindum og þarf að auki að greiða 150 þúsund krónur í sekt.

Lögreglan á Suðurnesjum hafði afskipti af á fimmta tug ökumanna sem reyndust aka yfir leyfilegum hámarkshraða. Fjórir ökumenn reyndust ekki hafa spennt bílbelti, tveir töluðu í farsíma við akstur og þrír höfðu filmur í fremri hliðarrúðum. **-ktg**

Farþegum fjölgar um þriðjung:

## 65 skip fara norður í sumar

**FÓLK 65 skemmtiferðaskip munu heimsækja Akureyri í sumar. Fyrsta skipið lagðist að bryggju í gær, en von er á síðasta skipinu þann 17. september.**

**Í fyrra komu tæplega 50 þúsund farþegar til Akureyrar með skemmtiferðaskipum, en í sumar er gert ráð fyrir um 67 til 68 þúsund manns. Skipið sem lagðist að bryggju í gær er lítið og með um 320 farþega. Strax á laugardag kemur talsvert stærra skip, Ventura, sem er með um 2.500 manns um borð.** **- þeb**

### ALMANNAVARNIR

**Sjóslysaæfing á Skjálfanda**

Almannavarnanefnd Þingeyinga og embætti Lögreglustjórans á Húsavík standa fyrir sjóslysaæfingu á Skjálfanda og á Húsavík á morgun, laugardaginn 9. júní. Æfingin er haldin í samstarfi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæsluna. Æfa á viðbrögð við bruna um borð í hvalaskoðunarskipi.

# Olíuvinnsla skal háð ströngustu reglum

**Árið 2025 má búast við olíuvinnslu á þremur svæðum norðan Íslands. Samkomulag við Grænlendinga og Norðmenn um víðtækt samstarf er komið á dagskrá stjórnvalda. Afrakstur olíuvinnslu er best geymdur í sérstökum auðlindasjóði.**

**IÐNAÐUR** Olía verður ekki unnin á Drekasvæðinu fyrr en að uppfylltum ströngustu umhverfisreglum, og vinnsla mun ekki hefjast áður en allur nauðsynlegur öryggisbúnaður vegna mengunaróhappa er til staðar í landinu.

Íslendingar geta búist við því að upp úr 2025 verði þrjú olíusvæði norðan Íslands; á Drekasvæðinu, út af Austur-Grænlandi, og við Jan Mayen. Íslensk stjórnvöld stefna að því að byggja upp þjónustu á Norðurlandi við öll olíusvæðin þrjú.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Þetta kom fram í erindi Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra á morgunverðarfundi Arion banka um Drekasvæðið og hugsanlega olíuvinnslu Íslendinga.

Össur er bjartsýnn á olíufund á Drekasvæðinu, en mestum tíma varði hann til að lýsa þeirri skoðun sinni að, þrátt fyrir lofandi efnahagsleg áhrif á íslenskt samfélag, þá skyldi umhverfið njóta vafans. „Það sem gerðist í Mexíkóflóa var stórslys. Slys af sömu stærðargráðu á einu af þessum þremur svæðum norðan Íslands yrði hins vegar slys af allt annarri og hrikalegri stærðargráðu."

Össur útskýrði ástæðuna fyrir þessari fullyrðingu sinni. Í köldum sjó brotnar olía seint og illa niður og umhverfisáhrifin því mun meiri í okkar heimshluta. Fyrir Ísland er hættan sú sama, hvar sem slys yrði, þar sem straumrastir bera olíuna að ströndum Íslands óháð staðsetningu.

Varðandi uppbyggingu þjónustu á Íslandi fyrir olíusvæðin þrjú upplýsti utanríkisráðherra að hann hefði þegar átt formlegar viðræður við Kuupik Kleist, forsætisráðherra Grænlendinga, um samstarf. Sömuleiðis hefði málið verið tekið nýlega upp í samræðum milli hans og Jonasar Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, og þeir orðið sammála um að taka málið upp í opinberri heimsókn Össurar til Noregs síðar á árinu.

Össur leggur þunga áherslu á samvinnu þjóðanna þriggja en hann kvað það jafnframt farsælast fyrir Íslendinga, komi til vinnslu á Drekanum, að í framtíðinni verði settur á fót Auðlindasjóður að fyrirmynd Norðmanna, og sagði það sérstaklega nauðsynlegt til að tryggja að hugsanlegur afrakstur af olíuvinnslu á næsta áratug leiði ekki til ójafnvægis og ofhitnunar í íslenska hagkerfinu.

svavar@frettabladid.is



**MEXÍKÓFLÓI 2010** Olía brotnar hraðar niður í heitum sjó en köldum. Önnur staða og alvarlegri kæmi því upp ef olía lekur út norðan Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný lög í Danmörku:

## Samkynhneigðir fá að ganga í hjónaband

**DANMÖRK Danska þingið samþykkti með miklum meirihluta í gær frumvarp sem heimilar hjónabönd samkynhneigðra. Hingað til hafa samkynhneigðir í Danmörku ekki getað gengið í hjónaband, heldur aðeins haft möguleika á að skrá sig í sambúð.**

**Kirkju- og jafnréttismálaráðherra Danmerkur, Manu Sareen, sagði daginn í gær sögulegan. Bera mætti þennan áfanga saman við það þegar konu var leyft að fá prestvígslu.**

**Búist er við að fyrstu samkynhneigðu pörin geti látið gefa sig saman í kirkju föstudaginn 15. júní. Prestar ráða því sjálfir hvort þeir gefi samkynhneigða saman í hjónaband.** **-ibs**

Miss Teenager í Gvatemala:

## Sænsk stúlka fulltrúi Íslands

**SVÍÞJÓÐ** Sænsk stúlka verður fulltrúi Íslands í alheimsfegurðarsamkeppni fyrir ungar stúlkur, Miss Teenager, sem haldin verður í Gvatemala síðar í sumar.

Sænska stúlkan, Juliana Ardenius, hefur engin tengsl við Ísland.

Á vef sænska blaðsins Borås Tidning segir að hún hafi sjálf sótt um þátttöku í keppninni og verið valin fulltrúi Íslands. Norðurlöndin hafi verið ein heild í úrtakinu og einn keppandi valinn þaðan. Svíþjóð hefur þó eigin fulltrúa í fegurðarkeppninni.

Juliana Ardenius hefur stundað fyrirsætustörf og er að ljúka framhaldsskólanámi. **- ibs**


HÓPKAUP.IS Í DAG

Lúxus sumarþvottur: handforþvottur, bón og þurrkun

1.190 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 1.990 kr. | Afsláttur 40% | Afsláttur í kr. 800 kr.

Bíladagar þessu viku á Hópkaup.is

Glans bílaþvottastöð er þekkt fyrir góðan og hraðan þvott.



HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**

Það verða áfram austlægar áttir ríkjandi um helgina í þurru og nokkuð björtu veðri. Hitinn breytist lítið og verður áfram eilítið svalara austanlands en gæti náð yfir 16°C vestanlands.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 17° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 26° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 18° |
| París | 20° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


Læri að hætti kokkalandsliðsins!
HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN
HAGKAUP
Grillkjöt
TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa
GRILL-LÆRI
MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM
1.819 kr/kg
Verð áður 2.598,-
ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ
40%
afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.999 kr/kg
Verð áður 4.998,-
Lambainnanlæri
marinerað
Holta
TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.283 kr/kg
Verð áður 2.854,-
Kjúklingabringur
ferskar
Holta
TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa
TILBOÐ
749 kr/kg
Verð áður 998,-
Heill kjúklingur
ferskur
SS
TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa
TILBOÐ
1.799 kr/kg
Verð áður 2.398,-
Grísahnakkasneiðar
bragð frá Ítalíu
Vanilluís með brownies-kökum, karamellusósu og Bourbon vanillu
Súkkulaðimús með kókos og rommi
Silkimjúk súkkulaðimús með hindberjum
Heit súkkulaðikaka með mjúkri miðju
Súkkulaðiís
GOTT
– Eftirréttir –
Rikka
NÝTT
GOTT GRILLSÓSUR
TILBOÐ
ÍTÖLSK SMÁBRAUÐ GRÓF & FÍN
129 kr/stk.
Verð áður 149.-
Grillbakkar í úrvali!
NÝTT
BELGÍSK VAFFLA M/KÓKOSBOLLU
TILBOÐ
FREYJU REX BITAR
299 kr/pk.
Verð áður 335.-
DON SIMON
100% FERSK-PRESSAÐIR SAFAR.
EKKI ÚR ÞYKKNI!
COKE 2 LÍTRA
4 Í PAKKA
998 kr/pk.
TILBOÐ
MARS 10 Í PK
SNICKERS 10 Í PK
599 kr/pk.
Verð áður 699.-
MERBA SÚKKULAÐIKÖKUR
199 kr/pk.
DON SIMON SAFAR
299 kr/stk.
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
Gildir til 10. júní á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú í veiði í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 28,5% |
| Nei | 61,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér viðhaldi á vegum á Íslandi ábótavant?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Capacent Gallup hefur síðustu tvö ár mælt andlega líðan Íslendinga:

# Brúnin er að lyftast á Íslendingum

**SAMFÉLAGSMÁL** Íslendingar hafa orðið sífellt ánægðari með sinn hag síðustu misseri. Fleiri Íslendingar segjast dafna og færri eiga í basli en áður og þá hefur andleg líðan farið batnandi. Þetta leiðir ný könnun Capacent Gallup á líðan Íslendinga í ljós en Capacent hefur mælt stöðu og andlega líðan Íslendinga frá því í maí 2010.

Þegar Capacent hóf að nota þessa mælikvarða töldu 52% Íslendinga sig eiga í basli í lífinu en 45% sögðust dafna. Á síðustu tveimur árum hefur þróunin hins vegar verið nokkuð stöðug í jákvæðari átt. Þannig töldu alls 67,4% Íslendinga sig dafna í nýjust mælingunni. Þá telja 29,0% sig eiga í basli. Aldrei hafa fleiri talið sig dafna og færri talið sig eiga í basli.

Sá hópur Íslendinga sem er í erfiðastri stöðu hefur hins vegar ekki minnkað á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því að Capacent hóf þessar mælingar. Telja 3,6% sig nú vera í þrengingum en hlutfallið var 3% í maí 2010.

Spurð um andlega líðan sína kom í ljós að tæp 48% sögðust upplifa mikla hamingju en hafa litlar áhyggjur. Hefur það hlutfall ekki mælst hærra. Þá sögðust tæp 8% hafa miklar áhyggjur og upplifa litla hamingju en það er nálægt meðaltali mælinga síðustu tvö árin. - mþl



**ÍSLENDINGAR** Mælingar Capacent leiða í ljós að það hefur heldur birt yfir þjóðinni síðustu tvö ár. Sá hópur sem metur sig í mjög erfiðri stöðu hefur hins vegar ekki minnkað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skýrsla um dauða Lincolns:

## Nú fundin 147 árum síðar

**BANDARÍKIN, AP** Sagnfræðingar í Bandaríkjunum hafa nú fundið læknaskýrslur um dauða Lincolns, en þær hafa verið týndar í 147 ár. Lincoln dó árið 1865, þegar hann varð fyrir skoti morðingja í leikhúsi í Washington.



**ABRAHAM LINCOLN**

Hinn 23 ára gamli læknanemi, Charles Leale kom fyrst að forsetanum en hann skrifaði einnig skýrsluna.

Skýrslan þykir bæði sýna skjót viðbrögð læknanemans og fagleg vinnubrögð, en hún er talin skrifuð á sérstaklega nákvæman og faglegan hátt. -ktg

# Hillary Clinton ítrekar að Assad verði að víkja

**Hrottasveitir Sýrlandshers sagðar hafa myrt flesta þorpsbúa í Qubair í kjölfar loftárása á þorpið. Einungis örfáum tókst að komast undan og skýra frá því sem gerðist. Clinton ómyrk í máli um ofbeldið í Sýrlandi.**

**SÝRLAND, AP** „Það sem við sjáum gerast vekur okkur viðbjóð," sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna í gær, um nýjustu fjöldamorðin, sem framin voru í Sýrlandi á miðvikudag.

„Ofbeldið, sem við urðum vitni að aftur í Hama í gær og stjórnin ber ábyrgð á, er einfaldlega samviskulaust," sagði hún í Istanbúl í Tyrklandi í gær að loknum fundi sem hún átti þar með utanríkisráðherrum og erindrekum sextán ríkja.

„Grimmd og undirferli Assads hefur eflst um allan helming og Sýrland mun ekki verða og getur ekki orðið friðvænlegt, stöðugt og hvað þá lýðræðislegt fyrr en Assad fer," bætti hún við.

Bandaríkin og fleiri Vesturlönd jafnt sem arabaríki hafa undanfarnar vikur og mánuði reynt að ná samstöðu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um harðari aðgerðir gegn Sýrlandsstjórn. Þær tilraunir hafa jafnan mætt andstöðu Rússa og Kínverja sem geta ekki hugsað sér að styðja erlenda íhlutun í málefni Sýrlands, enda gætu bæði Rússar og Kínverjar þá hugsanlega átt von á sambærilegum kröfum síðar meir um alþjóðlega íhlutun, til dæmis í málefni ýmissa minnihlutahópa í Rússlandi og Kína.

Friðargæsluliðum á vegum Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins var í gær meinaður aðgangur að þorpinu Qubair, sem er skammt norður af borginni Hama. Það voru félagar í stjórnarher Assads, sem hindruðu för þeirra.

Nokkrum íbúum þorpsins tókst að flýja þaðan á miðvikudag, þegar vígasveitir fóru um þorpið og myrtu þar nánast hvern einasta mann, einkum konur og börn.

Þeir sem tókst að komast lifandi burt segja að árásin á þorpið hafi byrjað með sprengjuárásum stjórnarhersins en í framhaldinu hafi vígasveitirnar haldið inn í þorpið, gengið hús úr húsi og drepið fólk.

Þetta er lítið þorp. Íbúðarhúsin eru ekki nema um þrjátíu en engin leið hefur verið að fá staðfestar upplýsingar um það, hve margir voru myrtir.

Ríkisfjölmiðlar í Sýrlandi hafa neitað öllum frásögnum um fjöldamorð, en segja að stjórnarherinn hafi gert árás á þorpið eftir að hafa fengið ábendingu frá almenningi.

gudsteinn@frettabladid.is



**SÝRLENSKIR UPPREISNARMENN** Sveitir uppreisnarmanna segjast ekki lengur bundnar af vopnahléi og hafa síðustu daga fellt tugi stjórnarhermanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**LÖGREGLUMÁL**

### Ók á móti umferð

Kona á áttræðisaldri lenti í verulegum vandræðum í umferðinni á miðvikudag þegar hún ók bíl sínum á öfugum vegarhelmingi á Hafnarfjarðarvegi. Vegfarandi kom konunni til aðstoðar og hringdi í lögregluna, sem hjálpaði henni að snúa bílnum við. Fram kemur á vef lögreglunnar að henni hafi til öryggis verið fylgt á fyrirhugaðan áfangastað. „Konan var allsgáð en hún hafði óvart tekið „ranga beygju" með fyrrgreindum afleiðingum," segir þar.


Harðfiskurinn frá Stykkishólmi
Þessi sjúklega góði

Humarsoð frá Hornarfirði

Humar 2.350 kr.kg
Óbrotinn fyrsta flokks humar

Ferskur Túnfiskur
Alla föstudaga og laugardaga

Glæný Bláskel frá Stykkishólmi

Fiskibollur að dönskum hætti
(lax, þorskur, dill, rjómi, krydd)

OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755






**ÞINGMAÐUR BEITIR OFBELDI** Liana Kanelli verður fyrir barsmíðum af hendi Iliasar Kasidaris. NORDICPHOTOS/AFP

Þingmaður nýnasista í Grikklandi handtekinn:

## Líkamsárás í beinni

**GRIKKLAND, AP** Ilias Kasidaris, þingmaður fasistaflokksins Gylltrar dögunar, réðst í gærmorgun í beinni sjónvarpsútsendingu á Líönu Kanelli, þingkonu gríska kommúnistaflokksins.

Hann sló hana þrisvar í andlitið en hafði rétt áður skvett vatni á aðra þingkonu, Renu Dourou frá Róttæka vinstribandalaginu, í sama umræðuþætti.

Útsendingin var stöðvuð en átökin héldu áfram enn um sinn í sjónvarpssal. Ríkissaksóknari gaf þegar í stað út handtökubeiðni á hendur Kasidaris, en engin afsökunarbeiðni fékkst frá Gylltri dögun.

Deilurnar í sjónvarpssal milli Kasidaris og Kanelli snerust um það, hvort olía væri í Miðjarðarhafinu suður af Krít. Kasidaris reiddist hins vegar Dourou vegna þess að hún minntist á dómsmál gegn honum vegna ofbeldisverka frá árinu 2007, þegar félagar hans, sem voru í för með honum, réðust á námsmann í Aþenu, börðu hann og stungu með hníf og stálu loks persónuskilríkjum hans.

Félagar í flokknum, sem vilja ekki láta kalla sig nýnasista heldur fasista, hafa verið sakaðir um að beita óspart ofbeldi, einkum gegn útlendingum. - gb

Héraðsdómi var snúið við:

## OR þarf ekki að greiða Ístaki hf.

**DÓMSTÓLAR** Orkuveita Reykjavíkur var fyrir Hæstarétti sýknuð í tveimur málum af kröfum Ístaks um viðbótargreiðslur vegna breytinga sem gerðar voru með lögum á byggingarvísitölu. Við það lækkaði greiðsla til Ístaks án þess að kostnaður við verkið hafi breyst.

Héraðsdómur hafði áður dæmt Orkuveituna til að greiða Ístaki tæpar þrjá milljónir króna vegna þessa í öðru málinu og rúmar 26 milljónir í hinu. Hæstiréttur féllst ekki á að samningur fyrirtækjanna tæki til slíkra breytinga. - óká

Varð vélarvana við Engey:

## Bátur mjög nálægt strandi

**ÖRYGGISMÁL Skemmtibátur með tvo menn um borð var nálægt því að stranda við Engey í gær. Báturinn varð vélarvana. Björgunarliðsmenn frá Ársæli í Reykjavík komu þó taug í bátinn í tíma.**

**Beiðni barst frá bátnum um klukkan hálf tvö. Björgunarsveitin Ársæll var kölluð út og fór þegar á staðinn á tveimur björgunarbátum. Einnig var Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kallað út. Þegar björgunarsveitin kom var báturinn aðeins nokkrum metrum frá fjörunni. Báturinn var dreginn til hafnar í Reykjavík af björgunarbáti Ársæls.** - shá




# Íslenskir tómatar

## Úrval íslenskra tómata hefur aldrei verið meira

Tómatarnir eru í ýmsum stærðum og gerðum og henta í mismunandi matargerð. Þeim er pakkað í endurvinnanlegar umbúðir sem hafa að geyma upplýsingar um tegund og ræktendur ásamt uppskriftum og ýmsum fróðleik.



**Konfekttómatar**
eru mjög bragðgóðir, sætir og mildir. Þeir eru minni en hefðbundnir tómatar en stærri og kjötmeiri en kirsuberja-tómatar. Konfekttómatar sem og aðrir tómatar eru einnig hollt og gott snakk.

**Kirsuberjatómatar**
eru smávaxnir, bragðmiklir og sætir. Þeir henta mjög vel til að bragðbæta og skerpa salöt. Upphaflega voru tómatarnir mun minni en þeir eru í dag eða á stærð við kirsuber og þaðan er nafnið komið.

**Heilsutómatar**
innihalda þrefalt meira magn af lýkópeni sem er í flokki karótínóíða. Það gefur tómötum rauða litinn og er einnig öflugt andoxunarefni. Heilsutómatar eru ræktaðir bæði stórir og smáir.

**Plómutómatar**
einkennast af góðu, kröftugu bragði. Þeir eru kjötmiklir og henta því vel í salöt, sem álegg og í hvers konar matreiðslu. Lögun plómutómata gerir þá ennfremur frábrugðna öðrum tómötum í útliti.

**Íslenskir tómatar**
eru einstaklega bragðgóðir og spila stórt og mikilvægt hlutverk í hvers konar matargerð. Bragðgæði allra íslenskra tómata eru m.a. tilkomin af því að þeir fá að fullþroskast á plöntunni.




Endurvinnanlegar umbúðir

LÍFRÆNAR VARNIR VIÐ RÆKTUN

VISTVÆN LANDBÚNAÐARAFURÐ

íslenskt grænmeti

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvar mun Bubbi Morthens halda tónleika í nýrri þáttaröð sinni?*
2. *Hvaða menntaskóli er líklega að leggja upp laupana?*
3. *Hvaða stjarna gekk þvert yfir sólina síðustu daga?*

**SVÖR**

*1. Á bóndabæjum 2. Menntaskólinn Hraðbraut 3. Venus*

Þingmaður Samfylkingar kallar eftir auknu samstarfi stjórnvalda og ferðaþjónustuaðila:

# Varast gullgrafaraástand í ferðaþjónustu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ör fjölgun ferðamanna hér á landi er verkefni sem nauðsynlegt er að horfast í augu við, að mati Ólínu Þorvarðardóttur, þingmanns Samfylkingar.

„Það er mikill ágangur á vinsæla staði og nýleg skýrsla sýnir að það er vaxandi óánægja meðal ferðamanna með mannmergðina,“ segir Ólína. „En þetta verður að vera sameiginlegt verkefni stjórnvalda og ferðaþjónustunnar.“

Að mati Ólínu verður ferðaþjónustan í landinu að horfast í augu við að það sé ekki einungis verkefni stjórnvalda að byggja upp þá auðlind sem Ísland er fyrir ferðamenn. Brýnt sé að halda nánu samstarfi beggja aðila í uppbyggingu ferðamannastaða.

„Ég held að ferðaþjónustan þurfi að taka sér tak og leggja sitt af mörkum. Stjórnvöld hafa verið að sinna þessum málum, meðal annars með átökum til að tryggja jafnari dreifingu ferðamanna yfir árið,“ segir hún. „En það má ekki ríkja gullgrafaraástand í ferðaþjónustunni, sem að mínu mati hefur verið ákveðin tilhneiging til.“

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir nauðsynlegt að fá frekara fjármagn frá stjórnvöldum inn í framkvæmdir við vinsælustu staðina á landinu.

„Auðvitað er nauðsynlegt að hafa þessa hluti í lagi. En það kostar peninga og það hefur því miður ekki verið sett mikið í rannsóknir eða uppbyggingu á ferðamannastöðum,“ segir hún. „Þetta eru gríðarlega mikilvæg mál. Þegar ferðaþjónustan er orðin svona öflug verður stjórnsýslan að taka það alvarlega og setja peninga í hana eins og hefur verið gert við aðrar atvinnugreinar.“ **- sv**



**FERÐAMENN VIÐ SKÓGAFOSS** Búist er við allt að 700 þúsund erlendum ferðamönnum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**CHEN GUANGCHENG** Kom til Bandaríkjanna í lok maí. NORDICPHOTOS/AFP

Öryggisbúnaður horfinn:

## Geta um frjálst höfuð strokið

**KÍNA, AP** Varðstöðvar, eftirlitsmyndavélar og annar viðbúnaður er horfinn úr þorpinu þar sem blindi andófsmaðurinn Chen Guangcheng var hafður í stofufangelsi í tæp tvö ár.

Chen flúði úr stofufangelsinu í apríl og fékk síðan að fara til Bandaríkjanna til náms ásamt fjölskyldu sinni.

Íbúar þorpsins fundu illilega fyrir öryggisráðstöfunum meðan Chen var þar í stofufangelsi, en segjast nú loksins geta um frjálst höfuð strokið. **- gb**

# Mismunun sögð ríkja í skjóli laga um stjórnun fiskveiða

**Sjálfstæðar fiskvinnslur gagnrýna að ekkert í fiskveiðistjórnunarfrumvarpi lúti að því að jafna samkeppnisstöðu vegna hráefniskaupa. Mismunandi reglur um kaup á afla halli á fiskverkanir án útgerða. Vilja fá**

**SJÁVARÚTVEGUR** Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) telja að ef fiskveiðistjórnunarfrumvarpið sem liggur nú fyrir Alþingi verði óbreytt að lögum, gæti það markað endalok fiskmarkaða og þar af leiðandi rekstrurs sjálfstæðra fiskverkana. Þær séu að langmestu leyti háðar mörkuðum með hráefni og í núverandi kerfi þrífist mismunun.

Á fundi SFÚ í gær gagnrýndi Jón Steinn Elíasson, formaður samtakanna, það að ekki væri minnst á breytingar á fyrirkomulagi fiskmarkaða í frumvarpinu.

Um 2.500 störf hjá á fimmta tug aðildarfyrirtækja SFÚ eru í hættu, samkvæmt skýrslu Ólafs Arnarsonar hagfræðings, sem kynnt var á fundi samtakanna í gær. Þeim er áætlað að fylgi um 7.500 afleidd störf sem einnig væri ógnað.

„Krafa okkar er tvíþætt“, sagði Gunnar Örlygsson, hjá AG Seafood í Reykjanesbæ, en hann var meðal frummælenda á fundinum.

„Í fyrsta lagi viljum við fá fisk inn á fiskmarkaðina með því að skylda útgerðina til að landa ákveðnu hlutfalli af fiski, helst öllum, á innlenda fiskmarkaði.“

Með því segir Gunnar að megi rétta hlut sjálfstæðrar fiskvinnslu sem hafi hingað til þurft að greiða 30 til 40 prósentum hærra verð fyrir fisk á markaði en vinnslur útgerðarmanna greiði fyrir fisk af sínum skipum.

„Það er með ólíkindum að hið opinbera skuli styðja þetta fyrirkomulag og leyfa samkeppnismismunun að þrífast í skjóli laganna.“

Seinni krafa SFÚ lúti að því að allur fiskur sem hingað til hefur verið settur í gáma og fluttur úr landi, fari nú á markað.

Gunnar sagði tugi þúsunda tonna af fiski fara óunnin úr landi með þessum hætti í stað þess að fara til vinnslu hér á landi. Í ríkjandi atvinnuástandi sé „með ólíkindum“ að stjórnvöld hafi ekki gripið í taumana.

„Íslensk fiskvinnsla muni þá njóta þess lágmarksréttar að fá að bjóða í íslenskan fisk.“

Gunnar sagði það sýna fram á ábyrgðarleysi stjórnvalda að í frumvörpum ríkisstjórnarinnar skuli ekki koma fram breytingartillaga um verðmyndunarmál og fiskmarkaðsmál.

Jón Steinn sagði breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu þegar hafa haft þau áhrif að stóru útgerðarfyrirtækin séu síður að leigja frá sér kvóta og það skili sér í minna fiskmagni inn á markaðina.

Aðspurður um aðgerðir útvegsmanna síðustu daga og vikur sagði Jón Steinn að um alvarlegt mál væri að ræða.

„Við höfum ekki haft neitt hráefni til að vinna úr síðustu daga nema úr strandveiðunum. En þetta sýnir okkur hvað LÍÚ er sterkt. Það getur þarna sett ríkisstjórnina upp við vegg og það er ekki góð þróun.“

**thorgils@frettabladid.is**



**SEGJA MISMUNUN RÍKJA** Þeir Jón Steinn Elíasson, Gunnar Örlygsson og Ólafur Arnarson voru frummælendur á fundi SFÚ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það er með ólíkindum að hið opinbera skuli styðja þetta fyrirkomulag og leyfa samkeppnismismunun að þrífast í skjóli laganna.
>
> **GUNNAR ÖRLYGSSON**
> FISKVERKANDI





**Hollusta í hvelli!**

Gamli, góði hafragrauturinn í handhægu máli sem auðvelt er að grípa með sér hvert sem er. Þú bætir við heitu vatni og hann er tilbúinn á tveimur mínútum.




ENNEMM / SÍA / NM52323


Rannsóknarnefndir um fall sparisjóða og starfsemi Íbúðalánasjóðs:

# Nefndirnar ætla að skila í haust

**RANNSÓKN** Rannsóknarnefnd um fall sparisjóðanna mun skila Alþingi lokaskýrslu í fyrsta lagi þann 1. september næstkomandi. Nefndarmaður á þó frekar von á því að skilin dragist fram eftir árinu 2012.

Í þingsályktunartillögu um skipun rannsóknarnefndarinnar segir að hún eigi að „skila forseta Alþingis skýrslu eigi síðar en 1. júní 2012 um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.“ Bjarni Frímann Karlsson, lektor í viðskiptafræði, sem situr í nefndinni segir það hafa dregist í þrjá mánuði að skipa nefndina frá því að þingsályktunin var samþykkt. „Við vorum því í raun ráðin frá 1. september og ráðin til árs. Það er ætlað að segja til um það núna hvenær við ljúkum störfum nákvæmlega. Ég á von á að það dragist eitthvað aðeins fram eftir ári.“

Í september 2011 var líka skipuð nefnd til að rannsaka starfsemi Íbúðalánasjóðs frá árinu 2004 og til ársloka 2010. Í þingsályktunartillögu vegna þeirrar skipunar segir að hún skuli skila „um hana [rannsóknina] skýrslu til Alþingis innan sex mánaða frá skipun nefndarinnar“. Hún hefði því átt að skila skýrslu sinni í byrjun mars síðastliðins. Sigurður Hallur Stefánsson, fyrrverandi héraðsdómari og formaður nefndarinnar, segir stefnt að því að skila skýrslu til Alþingis í haust. „Það er svolítið erfitt að ákveða endapunkt. Þetta verk er ekki þannig að það sé auðvelt að segja til um hann. En það er verið að vinna á fullu og stefnan er sett á að skila niðurstöðum í haust.“ **- þsj**



**SPARISJÓÐIR** Önnur nefndin á að varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir rekstrarerfiðleika íslenskra sparisjóða sem leiddu meðal annars til gjaldþrots margra þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör




**GRÍSAHNAKKI**
ÚRB. MANGÓ/CHILI
25% AFSLÁTTUR
**1.499**
ÁÐUR 1.998 KR/KG

# VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ

**LAMBAHRYGGUR**
FRYSTIVARA
**1.689**
ÁÐUR 1.898 KR/KG




**SVÍNAHRYGGVÖÐVI**
NORRÆNN
**1.997**
ÁÐUR 2.698 KR/KG



26% AFSLÁTTUR

**NAUTAGRILLSTEIK**
USA
25% AFSLÁTTUR




**2.249**
ÁÐUR 2.998 KR/KG

NÝBAKAÐ TILBOÐ

**BAGUETTE**
BAKAÐ Á STAÐNUM*
50% AFSLÁTTUR



**115**
ÁÐUR 229 KR/STK

*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI

**VÍNARPYLSUR**
10 STK. 480 G




40% AFSLÁTTUR
**239**
ÁÐUR 398 KR/PK

**BÖKUNAR-KARTÖFLUR**
Í LAUSU
50% AFSLÁTTUR



**74**
ÁÐUR 148 KR/KG

**GREAT TASTE**
BLÁBER 225 G
GULT EÐA RAUTT MIX 300 G
JARÐARBER 400 G
43% AFSLÁTTUR



**199**
ÁÐUR 349 KR/PK

**ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ**
MATARKEX 2 X 250
MJÓLKURKEX 500G
**298**
ÁÐUR 359 KR/PK



**Mótmæli í miðborginni**

# Sundrung ríkti á samstöðufundi

**Mikill mannfjöldi kom saman á Austurvelli í gær á samstöðufundi LÍÚ. Fólkið skiptist í tvær andstæðar fylkingar og var ýmist klappað fyrir ræðumönnum eða þeir púaðir niður.**

Ekki ríkti mikil samstaða á samstöðufundi Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) á Austurvelli í gær. Hátt í tvö þúsund manns söfnuðust saman á vellinum og skiptist hópurinn í nokkuð jafnar fylkingar; stuðningsmenn LÍÚ og andstæðinga LÍÚ.

Margir héldu ræðu á fundinum og var ýmist klappað og fagnað, eða púað og öskrað þegar ræðunum lauk. LÍÚ boðaði til fundarins og var Reykjavíkurhöfn orðin full af skipum upp úr hádegi, en um 40 stór skip komu til hafnar til að styðja kröfur sambandsins um að stjórnvöld falli frá frumvarpi sínu um kvótann.

Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, er ánægður með útkomu dagsins. „Það er gott að sjá hversu margir eru hér saman komnir þó við hefðum gjarnan viljað hafa fundinn svolítið friðsamari,“ segir hann. „En menn eru að láta skoðanir sínar í ljós og það sýnir að þrátt fyrir að inni á Alþingi sé verið að tala um að þetta sé sáttaleið, þá er þetta ekki sátt. Það sést í dag að þetta er engin sátt, heldur öfgarnar á milli.“

Að mati Adolfs ætti sérstaklega að endurskoða breytingar á veiðigjaldi og ýmis atriði í frumvarpinu um stjórn fiskveiða sem séu mjög hættuleg útgerðinni til lengri tíma.

Andri Sigurðsson vefhönnuður boðaði til mótmæla vegna fundarins á Facebook á miðvikudag, þar sem um þúsund manns boðuðu komu sína.

„Mig langaði að fá fleira fólk til að tjá sig. Hér er mikið af ungum sjómönnum og það eru margar skoðanir uppi, en LÍÚ er bara einn aðili í þessu máli. Þetta kerfi er alls ekki það besta fyrir þjóðina, heldur það besta fyrir LÍÚ,“ segir Andri. Hann vill að ríkisstjórnin gangi enn lengra í breytingum sínum á kvótalögunum. „Frumvarpið um fiskveiðistjórnunina gengur bara hænuskref í áttina að einhvers konar lausn,“ segir hann.

sunna@frettabladid.is



**HÖFNIN FYLLTIST** Tugir togara komu til Reykjavíkurhafnar í gær og sigldu margir út aftur eftir fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**HÆTTI SEM SJÓMAÐUR** „Ég ætla ekki að láta LÍÚ kúga mig,“ sagði Þórólfur Júlían Daðason, sem sagði starfi sínu sem sjómaður lausu í vikunni. „Aðgerðirnar eru bara kúgun og mannréttindabrot. Ég hef mínar skoðanir og mér finnst ekki rétt að það sé verið að taka svona ákvarðanir fyrir okkur sem sjómenn. Þeir sjómenn sem vilja geta hætt að vinna og mætt hingað til að tjá sínar skoðanir, en það á ekki að stilla fólki svona upp. Auðvitað var erfitt að segja upp vinnunni, en frekar ætla ég að svelta frjáls maður heldur en að láta fjötra mig svona. Fiskurinn er eign okkar allra. Það þýðir ekki að einhverjir 80 einstaklingar eigi meirihlutann af þessu, það er bara ekki sanngjarnt.“



**BLYSIN TENDRUÐ** Fjöldi sjómanna kveikti á neyðarblysum að fundinum loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


GOTT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐABÍLUM



**Nissan Qashqai** LE
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 32.500 km, sjálfsk.
Ásett verð
**3.790.000,-**



**Kia Ceed** EX 1,6
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 75.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.090.000,-**



**MM Lancer** Intense
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.
Ásett verð 2.690.000,-
Tilboðsverð
**2.390.000**



**VW Caravelle** 2,5
TDi 4x4, Árgerð 2006, dísel
Ekinn 89.000 km, beinsk.
Ásett verð
**3.790.000,-**



**Honda CR-V** 2,0 Lifestyle, Árgerð 2011, bensín
Ekinn 20.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**5.350.000,-**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

olís Vinur við veginn

# Fjörið hefst í dag í Norðlingaholti

Stimpilleikur Olís, Ævintýraeyjan, hefst formlega í dag. Af því tilefni verður mikið um dýrðir **hjá Olís í Norðlingaholti í dag kl. 13–16.**

Þessa þrjá klukkutíma lækkum við **eldsneytislítrann um 10 kr.** og heppnir viðskiptavinir geta unnið **fría eldsneytisúttekt, gjafabréf á Quiznos, gjafabréf á Grill 66** og margt fleira. Auk þess verða óvæntar uppákomur og **Bylgjan** verður með **beina útsendingu** frá stöðinni.

Athugið að þessi eldsneytislækkun og gjafabréfaleikir gilda aðeins hjá Olís Norðlingaholti milli kl. 13–16, föstudaginn 8. júní.

**Komdu við, taktu þátt í fjörinu og byrjaðu að safna stimplum fyrir sumarið!**

Lækkum eldsneytislítrann um 10kr. í Norðlingaholti milli kl. 13–16 í dag!

Færð þú ... ... gjafabréf á Quiznos í dag?

Færð þú ... ... gjafabréf á Grill 66 í dag?

Færð þú ... ... fría eldsneytisúttekt í dag?




www.olis.is

PIPAR\TBWA · SÍA \ 121758

föstudagur **Föstudagsviðtalið** **Rauði kross Íslands tekur þátt í neyðaraðstoð vegna uppskerubrests á Sahel-svæðinu**

# Veita 50 þúsund manns aðstoð

Rauði kross Íslands ætlar að leggja 40 milljónir í neyðaraðstoð til Gambíu á næstu mánuðum. Sendifulltrúi Rauða krossins, **Hlér Guðjónsson**, er nýkominn þaðan. Hann sagði ***Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur*** frá því að nauðsynlegt sé að aðstoð berist strax í þessum mánuði. Þannig megi mögulega koma í veg fyrir að algjört neyðarástand skapist í landinu vegna uppskerubrests.

Alvarlegur uppskerubrestur veldur því að þúsundir sjálfsþurftarbænda í Gambíu hafa nú hvorki matarforða né tekjur. Fjölmörg dæmi af öðrum löndum á Sahel-svæðinu og víðar hafa sýnt að fyrstu fórnarlömb fæðuskorts eru börnin, aðallega þau sem eru yngri en fimm ára. Með aðgerðum sínum í Gambíu stefnir Rauði krossinn að því að koma í veg fyrir að hlutfall vannæringar aukist meðal barna.

„Þetta eru að miklu leyti fyrirbyggjandi aðgerðir,“ segir Hlér Guðjónsson, sendifulltrúi Rauða kross Íslands. Hann sneri heim til Íslands frá Gambíu síðastliðinn miðvikudag, þar sem hann dvaldi í þrjár vikur til að leggja mat á þörfina fyrir neyðaraðstoð þar. Hlér er einn af reyndari sendifulltrúum Rauða kross Íslands, en hann hefur meðal annars unnið við stjórn hjálparstarfs í Kína, sunnanverðri Afríku, Afganistan, Palestínu og Srí Lanka. Hann varð þess fljótt áskynja að nauðsynlegt væri að grípa inn í málin í Gambíu sem allra fyrst. Rauði kross Íslands tilkynnti í gær að 50 þúsund manns í Gambíu myndu fá neyðaraðstoð frá Íslandi. Hún verður veitt í gegnum Alþjóða Rauða krossinn, sem stendur í mikilli neyðaraðstoð á Sahelsvæðinni öllu, sem Gambía telst til.

### Nær öll uppskeran brást

Um 75 prósent Gambíumanna hafa lífsviðurværi sitt af landbúnaði. Flestir eru sjálfsþurftarbændur sem reiða sig algjörlega á ræktun þriggja tegunda: hrísgrjóna, hirsis og jarðhneta. Þeir misstu á einu bretti mikilvægustu fæðu sína og tekjulind, þegar um 80 prósent af hrísgrjónauppskerunni og 70 prósent af jarðhnetuuppskerunni brugðust á einu bretti. Hirsið og hrísgrjónin borða þeir sjálfir en jarðhneturnar selja þeir og afla sér þannig tekna. „Við heimsóttum nokkur héruð, þar sem áætlanir eru uppi um að dreifa matvælum og útsæði. Við komumst að því að matarskorturinn er víða mjög alvarlegur og mikil þörf fyrir tafarlausa neyðaraðstoð,“ segir Hlér, sem auk þess að meta þörfina samdi skýrslur og upplýsingaefni fyrir Rauða krossinn, svo að kynna megi ástandið og útvega þeim sem leggja fé í neyðarsöfnun upplýsingar.

Uppskeran brást í Gambíu í fyrra í fyrsta sinn í fimmtán ár og kom það því íbúum landsins í opna skjöldu. Uppskerubresturinn í Gambíu varð ekki eingöngu vegna þurrka, heldur líka vegna þess að sú rigning sem þó kom, kom öll á sama tíma. Allar þær tegundir sem ræktaðar hafa verið á svæðinu drápust því á sama tíma. „Það er hægt að rækta ýmislegt annað í Gambíu, sem gefur minna af sér en þolir meira. En í landi, þar sem ekki hefur verið þurrkur svo lengi, eru menn hættir að búast við honum.“

### Stefnir í neyðarástand

Einmitt núna stendur mangótíminn yfir í Gambíu. Margir geta því haldið í sér lífinu nú, með því að borða mangó í flest mál, þar til neyðaraðstoðin berst. Margir reyna líka að bjarga sér með því að tína villtar jurtir sér til matar og eldivið til að selja úti á þjóðvegunum. Með þessu móti tekst þeim að skrapa saman fyrir hluta af þeim matvælum sem þeir þurfa, en því fer fjarri að það sé nóg. „Ég hitti margar fjölskyldur úti í Gambíu sem hafa fækkað máltíðunum niður í eina á dag. Og sú máltíð er ekki vel útilátin. Fólk er farið að finna verulega fyrir skortinum. Fæðuskorturinn birtist líka í meiri fábreytni og ef ekkert er að gert mun það hækka mjög hlutfall vannærðra barna á næstu misserum. Af þeim sökum er mjög mikilvægt að útvega bændum útsæði til að þeir eigi möguleika á uppskeru á næsta ári. Við viljum forðast að börnin verði vannærð. Gerist það þroskast þau ekki almennilega og deyja jafnvel í stórum stíl.“

Samhliða því að dreifa matvælum og útsæði eru sjálfboðaliðar Rauða krossins sérþjálfaðir í að finna vannærð börn. Oft er hlutfall vannærðra barna notað sem mælikvarði á hversu alvarlegt ástand er í löndum. „Hlutfall vannærðra barna, eða svokallaður „long term indicator“, hækkar eftir því sem erfiðleikarnir standa lengur. Fullorðið fólk byrjar á því að svelta sig sjálft, en sem betur fer þolir það matarskort og lélegt fæði mun lengur en börnin. Í Gambíu erum við farin að sjá allar vísbendingar um að vannæring meðal barna eigi eftir að aukast mikið á næstu misserum.“

### Getur brugðið til beggja vona

Stefnt er að því að búið verði að dreifa bæði matvælum og útsæði hinn 15. þessa mánaðar. Búið er að velja þær fjölskyldur sem eiga að fá hjálp, en í heild eru það um 50 þúsund manns. „Við munuum fyrst og fremst aðstoða bændur sem hafa misst alla sína uppskeru, hafa ekkert til að borða og ekkert til að selja. Sjálfboðaliðar skrá alla sem eiga að fá hjálp. Miðað er við að lítil börn séu á heimilinu og fólk hafi ekki annað framfæri. Ef einhver í fjölskyldunni er til að mynda með kaup, eða eldri börn með vinnu í borginni, fær sú fjölskylda ekki aðstoð, jafnvel þótt hún hafi misst alla uppskeruna.“

Það, hvort algjört neyðarástand muni skapast í Gambíu veltur að sögn Hlés á tveimur þáttum. Hvort neyðaraðstoð berst bændum strax á næstu mánuðum og hvort næsta uppskera bregðist líka, eins og sú síðasta. „Neyðaraðstoðin á eftir að duga fyrst um sinn. Svo veltur framhaldið á því hvernig veðurfarið verður í sumar. Regntíminn er að hefjast núna. Ef hann bregst gerir uppskeran það líka.“ Íbúar Gambíu leggja því allt sitt traust á að veðurguðirnir verði þeim hliðhollir þetta árið.

Þar sem langt er liðið frá síðasta uppskerubresti í Gambíu hafa margir íbúar landsins enga hugmynd um hvernig þeir eiga að bregðast við neyðarástandinu. „Hér eins og annars staðar er misjafnt hversu vel fólk kann að takast á við svona vanda. Gömlu konurnar vita vel hvernig á að bjarga sér. Þær hafa upplifað þetta áður. En ungar stelpur sem eiga börn vita oft ekkert hvernig þær eiga að takast á við svona hluti og það eru oft þeirra börn sem verða vannærð.“

### Afleiðingar loftslagsbreytinga

Gambía er hluti af Sahel-svæðinu sunnan Sahara, sem nær milli austur- og vesturstrandar Afríku. Um 18 milljónir manna á svæðinu, nánar tiltekið í Níger, Chad, Malí, Márítaníu, Búrkína Fasó, sumum hlutum Senegals, auk Gambíu, standa frammi fyrir matarskorti. Ástæðan er uppskerubrestur af völdum þurrka, óútreiknanlegra rigninga og skordýraplágu. Þetta neyðarástand segir Hlér mega rekja beint til loftslagsbreytinga í heiminum. Það sé því í raun afleiðing iðnvæðingarinnar og á ábyrgð heimsbyggðarinnar allrar að bregðast við því. Alls óvíst sé hvort veðurfar muni nokkurn tímann aftur færast í fyrra horf á svæðinu. „Ástandið á Sahelsvæðinu er víða orðið mjög slæmt. Sahel er á mörkum eyðimerkur og ræktanlegra svæða. Þar hafa beitilönd líka orðið mjög illa úti, þannig að hirðingjar á öllu svæðinu eru mjög illa staddir. Það bendir margt til þess að víða á þessu svæði munu íbúar þurfa stöðuga matvælaaðstoð eða hreinlega að flytjast á brott.“




**HLÉR OG HEIMAMENN** Hlér ferðaðist um Gambíu í þrjár vikur til að leggja mat á þörfina fyrir neyðaraðstoð. MYND/RAUÐI KROSSINN



## Sími 904 1500 til að hjálpa

Rauði krossinn á Íslandi gerir ráð fyrir að verja alls 40 milljónum úr hjálparsjóði til neyðaraðstoðarinnar í Gambíu á næstu sjö mánuðum. Almenningur er hvattur til að leggja aðstoðinni lið. Það má gera á raudikrossinn.is eða með því að hringja í söfnunarsímann 904 1500 og gefa þannig 1.500 krónur.

## Minnsta landið á meginlandi Afríku

Gambía er minnsta landið á meginlandi Afríku, um 11.300 ferkílómetrar að stærð. Þar búa um 1,8 milljónir manna. Gambía er eitt af fátækustu ríkjum heims og er í 168. sæti á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna. 75 prósent þjóðarinnar hefur lífsviðurværi sitt af akuryrkju. Landið er eins og lítill kassi í kringum Gambíu-ána og Senegal liggur allt í kring. Á nýlendutímanum stjórnuðu Bretar Gambíu en á árum áður var þar miðstöð þrælasölu til vesturheims.



# Þökkum fyrir fundinn

**Sjómenn, útgerðarmenn, landverkafólk og samstarfsaðilar útgerða eru sameinaðir í afstöðu gegn frumvörpum til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.**

**Krafan um vönduð vinnubrögð er skýr, hávær og einróma.**

**Ríkisstjórnin getur ekki látið eins og þær raddir hafi ekki heyrst.**




Kraftakarlinn
ofursterka drifvélin sem þrífst best í átökum
Garðeigandinn
lipra og létta bensínvélin í garðinn þinn
Sérvöldu sláttuvélar
Mikið af góðum tilboðum svo sem:
stjúpur | flauelisblóm | fjólur
daggarbrá | silfurkambur | skrautnál
Tilboð
10 sumarblóm í bakka
995kr
Tilboð
20 sumarblóm að eigin vali
2.480kr
1. flokkur
Öll sumarblóm í Garðheimum eru íslensk ræktuð
Tilboð
4 sumarblóm í bakka
margaríta og sólboði 2.250kr
Tilboð
4 sumarblóm í bakka
nellikka og petunia 1.780kr
4 matjurtir saman



**Luxus Lísa** *rafmagnssláttuvél*
þægindin í fyrrúmi og full af krafti



**Pena Lísa** *rafmagnssláttuvél*
lítil og ljúf en gerir allt svo fínt

og fást nú með
# 30%
sumarafslætti

nar okkar
eru við allra hæfi

persónuleg þjónusta



Útskriftarblómin

Útskriftargjafirnar

eva solo
menu
Joseph Joseph
ROSENDAHL COPENHAGEN



**Ís**
**50kr**

FÖSTUDAGSGRILL í hádeginu á Spírunni



Hinrik kokkur grillar lambasneiðar í hvítlauk og rósmarín.

spíran
bistro á 2. hæð

Opið til 21:00 öll kvöld

GARÐHEIMAR
ÍSLENSKA FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKIÐ

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Neytendur eiga að fá réttar upplýsingar:

## Kínverska lopapeysan

Mikið er um að lopapeysur sem auglýstar eru og kynntar sem íslenzk vara séu framleiddar í Kína. Um þetta hefur Fréttablaðið fjallað að undanförnu. Heimsóknir í verzlanir leiða í ljós að ekki er gerður neinn greinarmunur á peysum sem eru prjónaðar á Íslandi og þeim sem eru gerðar í Kína. Framleiðsluland er ekki tilgreint á peysunum og ómögulegt fyrir neytandann að fá að vita hvar varan er framleidd. Fréttablaðið hefur með örfáum undantekningum átt í mestu erfiðleikum með að fá nokkur svör frá þeim sem selja lopapeysur framleiddar erlendis; þetta virðist vera feimnismál sem ekki má tala um.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Bryndís Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri Handprjónasambandsins hefur gagnrýnt þetta fyrirkomulag harðlega hér í blaðinu og í Fréttablaðinu í gær upplýsir Ásmundur Einar Daðason alþingismaður að hann hyggist skoða með lögfræðingum þingsins hvort hægt sé að skerpa á reglum. Honum finnst miður að lopapeysurnar skuli yfirhöfuð framleiddar í Kína.

Það er í raun ekkert athugavert við að íslenzk framleiðslufyrirtæki og verzlanir láti prjóna lopapeysur fyrir sig í Kína, úr íslenzkri ull og samkvæmt íslenzkri hönnun. Þannig er stuðlað að því að mæta vaxandi eftirspurn, ekki sízt frá ferðamönnum, eftir lopapeysunum og væntanlega að því að halda verðinu hóflegu. Sömu lögmál eiga við þarna og um framleiðslu alls konar vestrænnar hönnunarvöru, sem er framleidd í Austurlöndum þar sem vinnuafl er ódýrara.

Þetta snýst ekki um þjóðarstolt, eins og Ásmundur lætur skína í, heldur að neytendur fái réttar upplýsingar. Sumum neytendum er áreiðanlega alveg sama þótt þeir kaupi peysu prjónaða í Kína ef hönnunin og munstrið er íslenzkt og verðið hóflegt. Hins vegar fer sá hópur neytenda stækkandi, eins og Bryndís Eiríksdóttir bendir á, sem vill fá réttar og skilmerkilegar upplýsingar um það hvar vara er framleidd.

Fyrir suma skiptir það máli af því að þeir vilja vera nokkuð vissir um að aðstæður fólksins sem vinnur við framleiðsluna séu sem beztar. Aðrir vilja að hlutirnir séu ekta og myndu hvorki kaupa „íslenzka“ lopapeysu, „skozkan“ tvídjakka né „finnskan“ veiðihníf ef hlutirnir væru framleiddir í Kína, jafnvel þótt enginn gæðamunur væri á þeim. Þessi hópur neytenda er gjarnan reiðubúinn að greiða hærra verð fyrir vöru sem hann er viss um að sé ekta. Þetta er vaxandi þáttur í menningarferðamennsku; að taka með sér heim mat og hluti sem framleiddir eru af heimamönnum og partur af sögu þeirra og arfleifð.

Það er þess vegna full ástæða til að Neytendastofa skoði málið, eins og sviðsstjóri þar á bæ segir í Fréttablaðinu í gær að verði gert. Æskilegast væri auðvitað að hafa merkingar sem auðvelda neytendum, bæði erlendum og innlendum, að hafa uppi á ekta íslenzkum lopapeysum, handprjónuðum á Íslandi, ef það er það sem þá langar í. Sama á við um alla aðra vöru; upprunamerkingar eiga að vera skýrar og skilmerkilegar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Til þjónustu reiðubúinn?

Alþingismönnum er tíðrætt um að þeir sitji í umboði þjóðarinnar. Þeir séu þjónar almennings. Þjónsstarfið er margslungið. Þeir hafa yfirleitt það markmið að sjá til þess að viðskiptavinir eða vinnuveitendur fái það sem þeir biðja um, innan eðlilegra marka þó, og að upplifun þeirra verði sem best. Einn frægasti þjónninn er skáldsagnapersónan Jeeves, sem var húsbónda sínum, Bertie Wooster, innan handar í einu sem öllu. Svo er það þarfasti þjónninn, íslenski hesturinn sem var landsmönnum í senn fararskjóti og félagi og jafnvel síðar fæða.



### Hvað má bjóða?

Þjónarnir á Alþingi virðast margir hverjir leggja annan skilning í hlutverk sitt. Hvernig væri að koma inn á veitingastað þar sem þjónarnir vændu hvorn annan um drykkju á vinnutíma eða að byrla kúnnum eitur. Hvað hefði Wooster sagt ef Jeeves hefði í hans umboði úthúðað öðru heimilisfólki fyrir að vera honum ósammála. Þó hestar hafi misjafnt geðslag er harla ólíklegt að hestur hafi nokkru sinni hneggjað og frýsað dögum saman og neitað að hreyfast úr stað vegna þess að hann var ósáttur við leiðina sem meirihluti hópsins hafði valið. Sá ætti varla skilið að vera tekinn með í næstu ferð.



### Tvífarasamsærið

Forsetaframbjóðandinn Ástþór Magnússon sendi út tilkynningu í gær þar sem hann tíundaði aðfinnslur sínar um verklag RÚV í umfjöllun um forsetakosningarnar. Hann lét fylgja með upptöku af spjalli við ritstjóra Kastljóss þar sem Ástþór kastaði fram sprengju. Brynja Þorgeirsdóttir, sem var nýlega ráðin til Kastljóssins eftir að Þóra Arnórsdóttir tók sér frí vegna framboðs, er „nánast tvífari Þóru“. Þar væri „dulbúinn áróður“. Jahá! Sum samsærisplott fjölmiðlanna eru lymskulegri en önnur.

thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR




## Hjálpum fólki í neyð

Hjálparstarf



Kristján Sturluson
framkvæmdastjóri Rauða krossins

Um 430.000 manns, þar af 74.000 börn undir fimm ára, þjást nú vegna mikils matvælaskorts í Gambíu, minnsta ríki á meginlandi Afríku. Gambía er eitt fátækasta land heims og er hluti af Sahel svæðinu sunnan Sahara þar sem milljónir manna svelta nú heilu hungri.

Hlér Guðjónsson, sendifulltrúi Rauði krossins, hefur síðustu tvær vikur verið í Gambíu og metið þörfina fyrir neyðaraðstoð í landinu. Um 75% landsmanna lifa af landbúnaði og eru hrísgrjón aðalfæða fólksins. Gríðarlegir þurrkar leiddu til þess að hrísgrjónauppskeran síðasta haust var aðeins um fimmtungur af því sem hún var árið áður.

> Fjöldi fólks á nú hvorki mat fyrir börnin sín né útsæði til að planta í akra sína.

Fjöldi fólks á nú hvorki mat fyrir börnin sín né útsæði til að planta í akra sína. Fólk selur það litla sem það á til að eiga fyrir nokkrum bollum af hrísgrjónum. Þeir sem eiga húsdýr hafa margir slátrað þeim til matar fyrir fjölskylduna. Börn eru tekin úr skóla og send út að leita að mat.

Rauði krossinn á Íslandi hefur svarað neyðarbeiðni frá Gambíu og er að hefja umfangsmikla dreifingu matvæla og útsæðis til um 50.000 manns sem verst eru settir. Áhersla er lögð á að hjálpa fjölskyldum með börn yngri en fimm ára en þau eru í mestri hættu vegna vannæringar.

Systurfélag okkar, Rauði krossinn í Gambíu, hefur dreifingu á útsæði og matvælum til þeirra fjölskyldna sem mest þurfa á hjálp að halda um miðjan júní. Miklu skiptir að vinna hratt til að fólk eigi að borða og eigi möguleika á að planta útsæðinu án tafar og tryggja sér uppskeru í haust. Þannig hjálpum við fólki til að hjálpa sér sjálft.

Birna Halldórsdóttir, sendifulltrúi Rauða krossins, er komin til Gambíu þar sem hún mun stýra neyðaraðstoð Íslands fram á haustið og sjá til þess að hún komist til skila.

Rauði krossinn á Íslandi biður almenning að leggja neyðaraðstoðinni lið. Það má gera á vefsíðu okkar raudikrossinn.is eða með því að hringja í söfnunarsímann 904 1500 og gefa þannig 1.500 krónur. Það eru ekki miklir peningar á Íslandi en geta skipt sköpum fyrir fólk sem á engan mat fyrir börnin sín.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# „Heiða á tvo tannbursta“

Í DAG
Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur



Samkvæmt rannsókninni „Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda – Rannsókn um sjónarhorn foreldra“, frá árinu 2008, dvöldu 24% barna sem áttu fráskilda foreldra jafnlengi hjá þeim báðum. Ýmsar útgáfur af helgarfyrirkomulagi summuðust upp í 40%. Þótt nýrri tölur liggi ekki fyrir segir tilfinningin manni að víxlbúsetufyrirkomulagið hafi heldur sótt á síðan.

Samfélög eru oft framsæknari en löggjafinn. Vikupabbinn er að stinga helgarpabbann af. En hvorki gildandi barnalög né þær breytingar sem til stendur að gera á þeim gera sérstaklega ráð fyrir „viku og viku“. Það stendur reyndar til að setja það í lög að heimilt verði „þegar sérstaklega stendur á“ að úrskurða um umgengni í allt að 7 daga af hverjum 14. En jafnframt er áfram áréttuð sú skekkja sem felst í sterkari réttarstöðu þess foreldris sem barnið hefur lögheimili hjá (sem oftast er mamman).

Í frumvarpinu segir: „Ef foreldrar búa ekki saman hefur það foreldri sem barn á lögheimili hjá heimild til þess að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið skuli eiga lögheimili innan lands, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tómstundastarf. Foreldrar sem fara saman með forsjá barns skulu þó ávallt leitast við að hafa samráð áður en þessum málefnum barns er ráðið til lykta.“

Ég get kannski skilið þá þörf stjórnvalda að vilja að það sé ábyrgð eins aðila hvort barnið fari í fótbolta eða skák en lagagreinar sem þessar eru óneitanlega ekki í anda þess sem manni finnst að orðin „sameiginleg forsjá“ ættu að þýða. Fyrst til eru foreldrar sem ekki búa saman en vilja deila að fullu ábyrgð á uppeldi barna sinna ættu barnalög að bjóða þeim upp á það.

Í gildandi barnalögum segir: „Foreldrar geta samið um að forsjá barns verði sameiginleg. Í samningi um sameiginlega forsjá skal greina hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa fasta búsetu.“ Börn verða því lögum samkvæmt að jafnaði með fasta búsetu á einum stað. Af hverju? Geta börn átt tvær mömmur, en ekki tvo tannbursta?

> Vikupabbinn er að stinga helgarpabbann af.

**Sameiginleg en samt ekki alveg**

Skyldan til að velja lögheimili býr til kerfisbundna skekkju á rétti foreldra, sama hvort þeir kæra sig um hana eða ekki. Algeng krafa feðra um möguleikann á tvöföldu lögheimili er sprottin af þessu. Og þótt forritarinn í mér hafi reyndar örlitla samúð með þeim sem halda því fram að þetta gæti verið vesen þá verður kerfið að þjóna fólkinu en ekki öfugt. Út frá sjónarmiðum jafnréttis og heilbrigðrar skynsemi þarf því klárlega eitt af tvennu að gerast: Annað hvort þarf að heimila tvöfalt lögheimili barna eða að afnema þann sjálfkrafa umframrétt sem lögheimilið veitir öðru foreldrinu.

Þetta lögheimilisrugl er reyndar hluti af stærra vandamáli: Hið opinbera biður okkur um að segja því hvar við búum, oftast með þeim mjúku rökum að það „það sé gott að vita hver sé hvar svo hægt sé að ná í hann“ en síðan hefur þessi skráning áhrif á allt frá skattamálum til aðgengis að tómstundastarfi. Meira að segja sumar af tillögum að lögum um tvöfalt lögheimili barna vildu einskorða möguleikann við sama sveitarfélag. Rétt eins og það væri óleysanlegt vandamál fyrir bæði að deila kostnaðinum af skólagöngu þessara barna. Eða það að barn gæti labbað í skólann trompaði alla aðra þætti í velferð þess.

**Fínt að dæma fólk til sátta**

Þrátt fyrir að nefndin sem átti að yfirfara barnalögin hafi lagt til að dómarar fengju heimild til að dæma foreldrum sameiginlega forsjá vildi innanríkisráðherra ekki fara að ráðum hennar. Nú virðist stefna í að þingið ætli að hafa þá heimild inni sem er gott, enda verður ekki séð að þau rök ráðuneytisins að vont sé að „dæma fólk til sátta“ séu sterk. Staðan í dag er nefnilega þessi: ef ekki tekst að semja þá er móðurinni að jafnaði dæmd forsjáin. Þetta hefur auðvitað áhrif að samningsstöðu feðra. Tillögum þingsins má fagna. En það þarf að ganga lengra.

# Óverðtryggð lán

Fjármál
Halldór I. Elíasson
stærðfræðingur



Á forsíðu Fréttablaðsins 4. júní er viðtal við framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs, þar sem hann varar við óverðtryggðum húsnæðislánum. Því vil ég fagna, þótt einungis sé hálf sagan sögð, eins og vikið skal að síðar. Raunar virðast aðaláhyggjur framkvæmdastjórans stafa af því að ÍLS sé alls ekki samkeppnisfær við bankana sem fjármagna útlán sín með ódýrum innlánum (hár vaxtamunur). Áhyggjur hans eru eðlilegar og raunar hlýtur maðurinn að hafa samviskubit, að hann skuli þurfa að gefa út sérstök ríkisskuldabréf í þessu skyni, þrátt fyrir góðan vilja ríkissjóðs að greiða háa vexti.

Meginástæða skrifa minna er hins vegar athugasemd af minni hálfu fyrir nokkrum mánuðum í grein í Mbl. í þá veru að nú sé góður tími til að leggja niður ÍLS. Þótt ekki væri þar útskýrt hvers vegna leggja skuli ÍLS niður, þá mátti ráða af samhenginu að lífeyrissjóðirnir ásamt bönkunum ráði fullkomlega við að veita öll íbúðalán. Auk þess hefur lengi verið vitað að ÍLS er gjaldþrota. Það er rétt eftir athyglissjúkum alþingismönnum, nú þegar áróðurinn er gegn verðtryggðum lánum, að leggja ÍLS þær skyldur á herðar að veita óverðtryggð lán. Er ekki vaxtakostnaður ríkissjóðs orðinn nægjanlega hár?

Hin hliðin á óverðtryggðu lánunum snýr að því hvað gerist þegar verðbólgan lækkar en hækkar ekki eins og framkvæmdastjórinn víkur að.

Raunar hefur fjármálaheimurinn verið að bíða eftir styrkingu gengis krónunnar, auknum kaupmætti og lækkun verðbólgu. Ríkisstjórnin hefur sýnt mjög ákveðinn vilja til að halda okkur í stöðugu ástandi fast við botn efnahagslægðarinnar. Þess vegna mun ástandið ekki batna meðan hún ræður ríkjum. Nú sér hins vegar fyrir endann á því og þá gæti fjárfesting farið af stað og gengið farið að styrkjast. Þá hafa bankarnir enn eftir nokkur ár í að unnt sé að segja upp óverðtryggðum útlánum og raunvaxtakostnaður lántaka vex mikið. Það kemur illa við þá alla, ekki bara þá sem „spenntu bogann of hátt“ eins og framkvæmdastjórinn nefnir. Það er raunar þessi framtíðarsýn sem hvetur bankana til óverðtryggðra útlána á vöxtum sem breytast ekki í 3 til 5 ár. Þessir vextir eru raunar ekki hátt yfir verðbólgu núna (raunvextir ekki háir), en það er ekki verðbólgan núna sem skiptir máli, heldur væntanleg verðbólga næstu árin. Þannig ættu lögin að skylda Seðlabankann til að hugsa í stað þess að byggja á vitleysu.

> Ríkisstjórnin hefur sýnt mjög ákveðinn vilja til að halda okkur í stöðugu ástandi fast við botn efnahagslægðarinnar.

Frumherji
Bifreiðaskoðun
opnar í Hafnarfirði




1. Actavis
2. Fjarðakaup

Í dag **8. júní kl. 13.00** opnum við nýja og glæsilega bifreiðaskoðunarstöð að **Dalshrauni 5** í Hafnarfirði










**OPNUNARTILBOÐ:**
15% afsláttur af aðalskoðunum ökutækja og ferðavagna. Ef þú lætur skoða bílinn og vagninn saman færðu 20% afslátt af skoðunargjaldi vagnsins.

Láttu skoða ökutækið þitt eða ferðavagninn hjá okkur.
Góð aðstaða fyrir viðskiptavini og að sjálfsögðu kaffi á könnunni.

Frumherji
- örugg bifreiðaskoðun

Sími 570 9000 - **Þjónustuver og tímapantanir 570 9090** - www.frumherji.is

# Í kosningamánuði

Forsetaembættið



Hannes Pétursson
rithöfundur

Við erum nokkrir sem vinnum að því saman með hægð og lagni að Ólafur Ragnar Grímsson verði tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels fyrstur Íslendinga. Að sjálfsögðu skortir okkur kennivald, en erum bjartsýnir, treystum því að þegar nær dregur hafi forsetahjónin þá sem endranær nógan mannskap erlendis (lobbýista) til þessa verkefnis sem annarra hluta í framdráttarskyni, allt frá kokkaþáttum í sjónvarpi upp í Davos-ráðstefnur hákapítalistanna. Við í hópnum gerum því skóna að tilnefningin gleðji ekki sízt nánustu trúnaðarvini forsetans í Hinu íslenzka fræðafélagi hrunsins, til að mynda ritstjóra Morgunblaðsins.

Eitt varpar þó skugga á starf samtakanna: Forsetinn hefur viðurkennt að á útrásaröld hafi klókir fésýslumenn „misnotað forsetaembættið“. Af þeirri ástæðu vakna spurningar: Hvernig fóru þeir að því? Misnotuðu þeir síma embættisins og tölvur, bifreiðar þess og risnu? Gátu þeir misnotað forsetaembættið án þess að misnota forsetann sjálfan? Nei, það gátu þeir ekki. Forsetinn hefur því hlotið að vera verkfæri í höndum fépúkanna, en sá þegar ballið var búið að hann hafði hlaupið á sig. Og skellti skuld á „embættið“ eins og væri það óhlutbundin stærð, kom sér ekki til að játa beinum orðum að sá sem fór með forsetaembættið hefði verið misnotaður.

Ekki minnumst við þess að nokkur annar forseti íslenzka lýðveldisins hafi þurft að viðurkenna að á sinni vakt væri æðsta embætti þjóðarinnar misnotað. En svo vel

> Gátu þeir misnotað forsetaembættið án þess að misnota forsetann sjálfan? Nei, það gátu þeir ekki.

vill til að þetta telst styrkleikamerki, því hinn telefóníski útvarpsmaður, Pétur Gunnlaugsson á Sögu, mælir mjög fyrir endurkjöri Ólafs Ragnars Grímssonar á þeirri forsendu „að þjóðin vilji sterkan forseta“. Og ef einhver þekkir hjörtun og nýrun símleiðis þá er það Pétur. Reyndar á hann hér úr vöndu að ráða að einu leyti. Hann hefur nefnilega dögum oftar horn í síðu útlendinga sem hingað leita, ég tala nú ekki um séu þeir óskírðir til kristinnar trúar. Sögu-Pétur verður því heldur betur að gæta tungu sinnar þar sem er frú Dorrit Moussaieff. Hún er óbeinlínis í framboði líka, ef ekki beinlínis, sbr. fyrirtækið „Ólafur & Dorrit“. Og annar heitur stuðningsmaður Ólafs Ragnars Grímssonar, guðfræðingurinn Jón Valur Jensson, ætti einnig að vara sig á því að halda Nýja testamentinu að mikið að frúnni, það er trúvillurit, fyrir hennar fólki lýkur hinni einu og sönnu Biblíu á punktinum aftan við Gamla testamentið.

Við sem vinnum að tilnefningu Ólafs Ragnars Grímssonar til friðarverðlauna Nóbels vonum að sjálf kosningabarátta hans núna eftir sextán ára setu í embætti spilli á engan hátt fyrir. Ekki mátti miklu muna þegar forsetinn afréð að klæðast leðjugallanum í upphafi baráttunnar, því óvíst er að hann komist nokkurn tíma úr honum aftur, hvernig sem hann að venju hagar svip eftir sveitum og seglum eftir vindi. Kannski hefur hann fyrir bragðið tapað kosningunum nú þegar á vissan hátt, þótt hann næði endurkjöri. Á hinn bóginn dáumst við að þeim tveimur meginviðmiðum sem leynast undir niðri í öllum framboðsræðum hans, ávörpum og svörum. Þau viðmið endurspegla annars vegar frægt tilsvar í mannkynssögunni: „Ríkið, það er ég!“, hins vegar hvatningarorð lausnarans í Mattheusarguðspjalli: „Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld.“

# Forseta-þingræði: fulltrúalýðræði + ópólitískt beint lýðræði

Forsetaembættið



Björn Einarsson
læknir og heimspekinemi

Forsetakosningarnar snúast um aukið beint lýðræði. Stjórnarskráin var samin þannig 1944 að hún sameinar pólitískt fulltrúalýðræði og ópólitískt beint lýðræði. Þannig á forsetinn að vera bremsa á pólitíska valdið, þegar það fer fram úr vilja þjóðarinnar. Allt frá lýðveldisstofnun hefur hið pólitíska vald reynt að túlka burtu beina lýðræðið. Nú þegar beina lýðræðið hefur verið virkjað er mikilvægt að við kjósum okkur forseta, sem heldur áfram að þróa beint lýðræði innan marka stjórnarskrárinnar, en er jafnframt ópólitískur.

Lýðræði felur í sér að uppspretta valdsins er hjá fólkinu í landinu, þ.e. fullveldisréttur borgaranna. Fulltrúalýðræðið í huga John Stuart Mills fól í sér að kjósendur væru valdalausir milli kosninga. Forseta-þingræðið skv. núverandi stjórnarskrá var frá upphafi ætlað að blanda saman fulltrúalýðræði og beinu lýðræði þannig að þjóðin tæki ákvörðun um mikilvæg málefni milli þingkosninga. Það gerir hún með málskotsrétti forsetans, sem á að vera bremsa á pólitíska valdið, þegar vilji þingsins er annar en almennings. Það er löng hefð fyrir beinu lýðræði hérlendis, allt frá þjóðfundinum 1851, með Jón Sigurðsson í forsæti. Hann var haldinn þjóð fyrir nýlega endurreisn Alþingis 1848. Sveinn Björnsson kom beinu lýðræði inn í stjórnarskrána, með þjóðina á bak við sig, í óþökk Alþingis. En þegar hann var kominn í forsetaembættið virti hann það ekki. Síðan þá hefur það markvisst verið túlkað í burtu af stjórnmálamönnum, með tvo lagaprófessora fremsta í flokki, þá Bjarna Benediktsson og Ólaf Jóhannesson, en þeir voru jafnframt stjórnmálaforingjar.

Fulltrúalýðræðið á ekki að fela í sér alvald þingræðisins. Það leiðir til stjórnmálaspillingar, eins og við höfum reynslu af, þ.e.a.s. fyrirgreiðslupólitíkin alla síðustu öld. Alvald þingræðis leiddi einnig hinn vestræna heim til öfga í stjórnmálum, bæði til hægri og vinstri; nasismann, kommúnismann og óheftan kapítalismann. Í alvaldi þingræðis eru stjórnmálaákvarðanir teknar af forystumönnum stjórnmálaflokkanna eða með hrossakaupum milli flokka. Fulltrúalýðræðið þarf að þróast. Stjórnmálamönnum er ætlað að vera sérfræðingar í stjórnun landsins. Þeir eiga að hafa frumkvæði og vera framsýnir og hafa hagsmuni allra landsmanna í huga, hvar í flokki sem þeir standa. Stjórnmál snúast um heildina en ekki sérhagsmuni. Þeir eiga að stjórna í umboði okkar og í samræmi við vilja fólksins í landinu. Rökræðulýðræði (deliberative democracy) felur í sér aukin samráð stjórnmálamanna og borgaranna. Skylda þarf stjórnmálamenn til að réttlæta allar stjórnvaldsákvarðanir. Sjónarmið fólksins þarf að leggja að jöfnu við sjónarmið sérfræðinga og hagsmunaaðila við samningu lagafrumvarpa. Halda ætti borgarafundi á vegum Alþingis um einstök málefni.

Beint lýðræði er tvenns konar. Pólitískt beint lýðræði, þar sem pólitískar ákvarðanir eru í höndum borgaranna án aðkomu stjórnmálamanna, hefur ekki reynst vel. Í Sviss hefur það almennt leitt til afturhaldsemi og í Kaliforníu hefur það sligað fjármál fylkisins, þar sem ákvarðanir eru teknar án aðkomu stjórnmálamanna og því ekki í samræmi við fjárhagsgetu þess. Tölvukosningar eru því ekki lausnin. Ópólitískt beint lýðræði felur hins vegar í sér að kjósendur hafa eitthvað að segja um einstök málefni og lög sem hafa verið samþykkt á Alþingi, en eru á skjön við vilja þjóðarinnar. Málskotsréttur forsetans hefur það hlutverk. Honum er ætlað að vera bremsa á pólitíska valdið en ekki að hafa frumkvæði, sem keppir við það. Forsetinn á ekki að vera pólitískur. Ekki gengur það upp að hafa tvenns konar pólitískt vald í landinu, pólitískan forseta annars vegar og ríkisstjórn með þingið hins vegar. Það gengur ekki frekar en að hafa tvenn lög í landinu, svo vitnað sé í Þorgeir Ljósvetningagoða. Forsetinn á að vera umboðsmaður fólksins í landinu, eftirlitsmaður með pólitísku valdi, svo að stjórnvöld brjóti ekki á fullveldisrétti þess. Hann á að vera ópólitískur hemill á stjórnmálin, en ekki að taka efnislega afstöðu til pólitískra mála eða taka pólitískt frumkvæði.

Betri stjórnskipun fæst með auknu lýðræði. Fulltrúalýðræðið og ópólitískt beint lýðræði þurfa því að fara saman. Aukið lýðræði fæst ekki með auknu vægi Alþingis, eða að pólitíska valdið sé einráða. Það fæst heldur ekki með pólitískum beinum kosningum í tölvum án aðkomu stjórnmálamanna. Aukið lýðræði fæst með því að jafnvægi sé milli starfa þingsins og vilja þjóðarinnar. Við núverandi aðstæður fæst betri stjórnskipun með því að auka beint lýðræði, þannig að fólkið sé ekki valdalaust milli kosninga. Það fæst með því að auka vægi forsetans sem eftirlitsaðila með pólitíska valdinu, sem umboðsmanns almennings í landinu.

Forsetakosningarnar snúast því um aukið beint lýðræði. Ólafur Ragnar Grímsson virkjaði málskotsréttinn og hann á heiður skilinn fyrir það. En hann er stjórnmálamaður sem tekur pólitíska afstöðu til mála. Ég vil því hvetja frambjóðendur til að tala skýrt, hvort þeir myndu þróa áfram ópólitískt beint lýðræði. Eins vil ég hvetja alla til að kjósa ópólitískan frambjóðanda, sem kemur til með að standa vörð um aukið ópólitískt beint lýðræði í landinu.

# Stórt skref í rétta átt

Fjármál



Þórarinn Guðjónsson
forseti Vísindafélags Íslendinga og dósent við Háskóla Íslands

Föstudaginn 18. maí kynnti ríkisstjórnin fjárfestingaáætlun 2013-2015. Áætlunin er framsækin og mun efla innviði atvinnuskópunar, rannsókna og samgangna á Íslandi. Fjárfestingaráætlunin tekur á mörgum þáttum svo sem ferðaþjónustu, skapandi greinum, grænu hagkerfi, samgöngum, vísindum og nýsköpun. Í raun má segja að þetta verði eitt mikilvægasta skrefið í upprisu landsins eftir hrun og því afar mikilvægt að áætlunin gangi eftir.

### Rannsóknir og nýsköpun

Í þessari grein fjalla ég einungis um þann þátt sem snýr að vísindum og nýsköpun. Í fjárfestingaáætluninni er stefnt á verulega aukningu á framlögum til rannsókna og þróunar. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður Vísinda- og tækniráðs eru hryggjarstykkið í vísindastarfi og tækniþróun á Íslandi. Með því að efla þessa sjóði gefst tækifæri á að styðja við aukna þekkingarsköpun og hámarka nýtingu rannsókna til tækniþróunar. Vísindastarf er forsenda hagvaxtar nútímasamfélaga þar sem þekkingarsköpun sem verður til við vísindastarf er forsenda rannsóknartengdrar nýsköpunar.

### Samkeppnissjóðir Vísinda- og tækniráðs

Á undanförnum árum hafa fjárframlög til rannsóknasjóða vísinda- og tækniráðs rýrnað verulega að raunvirði. Þetta kemur engum á óvart enda varð hér efnahagshrun sem erfitt hefur verið að vinna úr. Á undanförnum árum hefur úthlutunarhlutfall Rannsóknasjóðs farið niður fyrir 15% í ýmsum fræðigreinum. Margir aðilar innan vísinda- og fræðasamfélagsins hafa bent á hættuna sem þessu fylgir. Við erum að sjá að rannsóknahópar eru í hættu að flosna upp með óafturkræfu tapi á verðmætri þekkingu og mannafla. Það er vel þekkt að margar þjóðir sem staðið hafa frammi fyrir efnahagskreppu svo sem eins og Finnar á 9. áratug síðustu aldar hafa nýtt sér þekkingarsköpun og hagnýtingu þekkingar sem lykilþátt í uppbyggingu samfélagsins.

Í fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir aukningu um 750 milljónir í bæði Rannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð Vísinda- og tækniráðs, auk þess sem 500 milljónum verður varið árlega í markáætlun á sviði rannsókna og nýsköpunar. Þetta eru afar góðar fréttir og getur átt stóran þátt í að snúa við stöðnun vísindastarfs og tækniþróunar við núverandi aðstæður.

Jafnframt mun efling samkeppnissjóðanna auka við nauðsynlega nýliðun vísinda- og fræðimanna og efla þannig vísindastarf til framtíðar. Ísland er í samkeppni við önnur lönd um hæfustu vísinda- fræðimenn á hverju sviði. Til þess að við getum staðið okkur í þessari samkeppni þarf að tryggja grundvöll vísindastarfs og tækniþróunar.

### Margfeldisáhrif fjárfestingastefnunnar

Sú stefna sem hér er mótuð er skynsamleg og mun hafa margfeldisáhrif inn í vísindasamfélagið óháð stofnunum og fræðasviðum. Með aukinni fjármögnun skapast meira svigrúm fyrir samstarf hópa á milli hvort sem er innan sama fræðasviðs eða þvert á fræðasvið. Efling Rannsóknasjóðs mun styrkja verulega uppbyggingu doktorsnáms í landinu en mörg doktorsverkefni eru háð úthlutun úr Rannsóknasjóði. Styrking samkeppnissjóða Vísinda- og tækniráðs mun jafnframt auka samkeppnishæfni íslenskra rannsóknahópa í að ná í erlenda rannsóknastyrki.

### Stefnur og eftirfylgni

Þetta er að sjálfsögðu einungis stefna og eftir er að tryggja fjármögnun meðal annars í samvinnu við Alþingi. Hér er á ferðinni mál sem ætti að vera möguleiki að fá alla flokka til að sameinast um óháð því hver átti upphaflega hugmyndina. Alltof oft hefur það gerst að stefnumál hafa verið sett fram og þeim ekki fylgt eftir. Ef hér er alvara á ferð ættum við strax í byrjun árs 2013 að fá verulega innspýtingu inn í íslenskt atvinnulíf. Það má hins vegar ekki gerast að svona áætlun sé lögð fram einöngu til þess að slá ryki í augu fólks í aðdraganda kosninga.

# ... að vita meira í dag en í gær

Evrópumál



Birna Þórarinsdóttir
framkvæmdastýra Evrópustofu

Fyrir réttum mánuði var Evrópudeginum 9. maí fagnað víða um álfu – einnig á Íslandi. Evrópustofa, upplýsingamiðstöð ESB á Íslandi, stóð þá fyrir ýmsum viðburðum þar sem eitthvað var í boði fyrir alla. Dagskráin spannaði breitt svið enda snýst Evrópusambandið um svo margt annað og meira en bara það sem ber hæst í fréttum hverju sinni.

Varðveisla og stuðningur við fjölbreytileika evrópskrar menningar er eitt af helstu áhersluatriðum ESB eins og fjölmargir Íslendingar þekkja af eigin raun. Því var sérstaklega ánægjulegt að ljúka Evrópuvikunni með húsfylli og frábærri stemningu í Hörpu á tónleikum Stórsveitar Reykjavíkur og European Jazz Orchestra.

Markmiðið með Evrópuvikunni var að vekja athygli, umræðu og vonandi áhuga á málefnum Evrópu. Möguleg aðild Íslands að Evrópusambandinu er ákvörðun sem snertir alla Íslendinga. En eru Íslendingar í stakk búnir til að taka upplýsta ákvörðun? Nýleg Eurobarometerkönnun sýnir að helmingur karla og einungis ein kona af hverjum þremur telja sig vel upplýst um Evrópumál. Þá telja 74% aðspurðra að Íslendingar séu almennt illa upplýstir um Evrópumál.

Grundvallarverkefni Evrópustofu er að auka þekkingu og skilning almennings á Evrópusambandinu. Við segjum að blindur sé bóklaus maður en Evrópustofa býður gestum upp á aðgang að upplýsingaefni um Evrópusambandið í húsakynnum sínum við Suðurgötu í Reykjavík og við Kaupvangsstræti á Akureyri, sem og á netinu (www.evropustofa.is). Hún stendur jafnframt fyrir og styður við fundi og aðra viðburði þar sem Evrópumálin og aðkoma Íslands að þeim eru krufin til mergjar.

Þannig gefst kjörið tækifæri í dag til að kynnast fjölmiðlun í Evrópu og á Íslandi á spennandi málþingi í Háskólanum á Akureyri (HA), sem er skipulagt af HA, fimm ára útskriftarnemum úr Fjölmiðlafræði við HA og Evrópustofu. Málþingið hefst kl. 13.00 og eru allir velkomnir.

Það er full ástæða til að hvetja alla Íslendinga til að kynna sér Evrópumálin og íhuga til fullnustu kosti og galla mögulegrar aðildar að Evrópusambandinu. Evrópustofa, ásamt fjölda annarra og fjölbreyttra upplýsingamiðla, eru til staðar fyrir þig.


ÚTILÍF
20% AF ÖLLUM
NIKE BARNASKÓM
SÚPERTILBOÐ Á FATNAÐI FRÁ NIKE.
ALLT FYRIR SUMARFRÍIÐ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA Í ÚTILÍF.
TILBOÐ: 4.490 KR.
NIKE MILER SS KVK
Almennt verð: 6.990 kr.
TILBOÐ: 7.990 KR.
NIKE SIDE STRIPE
TAFFETA PANT KVK
Almennt verð: 11.490 kr.
TILBOÐ: 4.490 KR.
NIKE MILER SS KK
Almennt verð: 6.990 kr.
TILBOÐ: 6.990 KR.
NIKE AD BREAKLINE
POLY OH PANT
Almennt verð: 9.990 kr.
TILBOÐ: 9.592 KR.
NIKE COURT
TRADITION 2 PLUS (GS)
Stærðir: 35,5-40.
Almennt verð: 11.990 kr.
TILBOÐ: 9.592 KR.
NIKE COURT
TRADITION 2 PLUS (GS)
Stærðir: 35,5-40.
Almennt verð: 11.990 kr.
TILBOÐ: 5.592 KR.
NIKE BACKBOARD
2 (TDV)
Stærðir: 19,5-27.
Almennt verð: 6.990 kr.
TILBOÐ: 5.592 KR.
NIKE BACKBOARD
2 (TDV)
Stærðir: 19,5-27.
Almennt verð: 6.990 kr.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Gámasala í

## MÚRBÚÐARVERÐ

Slönguhjól
1/2" f/45 metra
**1.590,-**

Slönguvagn á hjólum
1/2" f/50 metra
**2.490,-**



DEKAPRO útimálning,
10 lítrar (A stofn)
**6.995,-**

DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar
**9.995,-**

Álstigi 2x12 þrep
3,1-6,2 m
**26.990,-**



Þrýstiúðabrúsi 5 lítrar
WZ-6004
**1.590,-**

Þrýstiúðabrúsi
1,5 líter WZ-6002
**595,-**

Þrýstiúðabrúsi
1 líter WZ-4001
**495,-**

ODEN EÐAL OLÍA á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 3 lítrar
**4.290,-**

ODEN þekjandi
viðarvörn. 1 líter
**1.795,-**
Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.
Sjá www.murbudin.is

Garðverkfæra hirsla
52x32x20 cm
**1.390,-**

**690,-** **1.290,-**
**790,-** B 60 cm



**37.900,-**

## GAS GRILL
4 brennarar
14 kw/h. (12.000Btu)
Kveikja í stillihnapp
– hitamælir
Grillgrind er postulínshúðuð. 43x37 cm
Hitaplata er postulínshúðuð. 43x39 cm
Þrýstijafnari og slanga fylgir.



Moltutankur grænn 350 l **12.990,-**

Álstigi 3x8 þrep
2.27-5.05 m
**16.990,-**

Multi-Function trappa
**13.990,-**

Jarðvegspokar 60 L
**1.090,-**

Grænmetisyfirbreiðsla
**715,-**

Garðverkfærasett
**430,-**

Mako sterkir ruslapokar 120 lítrar 10stk
**390,-**

SUPERSEAL
TOP COAT



Steypugljái
á stéttina

Laufhrífa
**690,-**

Strákústur 30cm breiður
**695,-**

Jarðvegsdúkur 10x1,2 m
**1.290,-**

Flúðamold 20 l
**590,-**

Kalkkorn 5 kg
**699,-**

Blákorn 5 kg
**1.290,-**

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágma



Múrbúðinni
Slöngutengjasett með úðabyssu Q308
590,-
Úðabyssa með 6 stillingum WZ-402
390,-
Slöngutengjasett með úðara WZ-9304
395,-
Garden tools
Slöngusamtengi
98,-
(mikið úrval tengja)
110 cm
1.890,-
1.890,-
GÆÐAVERKFÆRI
1.290,-
1.290,-
1.290,-
1.290,-
1.250,-
1.290,-
Málmgarðúðari 3 arma WZ-212
1.495,-
Garðúðari Púls WZ-203
450,-
1/2" slanga 15 metra með byssu og tengjum
1.390,-
208 3ja arma garðúðari
325,-
Gormaslanga 15metra m/úðabyssu
1.395,-
1/2" Slanga 25 metrar
2.390,-
Garðskilveggir verð frá
790,-
Malarhrífa verð frá
1.390,-
Haki
1.890,-
Plastpottur ø26 cm H22 cm
330,- Diskur 130,-
Leirpottur ø18 cm H15 cm
120,-
Diskur 70,-
(stærðir 18-52 cm)
Leirpottur ø30 cm
295,-
Garðkarfa 65L
1,990,-
Garðkanna 5 L
695,-
WZ-1008 Slönguhengi - plast
395,-
Plastpottur ø25 cm H20 cm
370,-
Diskur 120,-
Leirpottur ø35cm H33 cm
890,-
Leirpottur ø31cm H25 cm
1.250,-
Garðkanna 10 L
790,-
12 lítra fata
298,-
Garðkarfa 25L
990,-
Hjólbörur 75L
3.890,-
MÚRBÚÐIN
Barnahjólbörur
2.990,-
Áburðardreifari 12 ltr
3.990,-
MIKIÐ ÚRVAL AF RISAPOTTUM
WZ-9019 Greinaklippur
1.490,-
WZ-9008 Hekk klippur 8"
1.690,-
Black&Decker háþrýstidæla max 110 bar
14.900,-
1400W 360/lit/klst
Þolir 50C heitt vatn
5 metra barki
Sápubox
15 metra rafmagnssnúra
2.995,-
WZ-9006 Greinaklippur
690,-
WZ-9017 kr 25cm hekk klippur
1.890,-
WZ- 512 Klóra
495,-
Garðverkfæri Raka/skafa WZ-522
495,-
Reykjavík | Klettháls 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Akureyri | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Húsavík | Garðarsbraut 50 | Opið virka daga kl. 8-18
Vestmannaeyjar | Flötum 29 | Opið virka daga kl. 8-18
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# „Öllu er hagrætt í burtu“

Byggðastefna

Svavar Gestsson
fv. viðskiptaráðherra



Orðið byggðastefna þýðir í eyrum margra ný uppbygging úti á landi. Af fréttum síðustu daga er ljóst að það má ekki vera raunverulegt og tæmandi innihald. Byggðastefna þarf nefnilega líka að fjalla um það sem er til og er lágmarksforsenda þess að byggð haldist við í landinu. Það þarf til dæmis greinilega að setja viðmið um lágmarksbankaþjónustu fyrir svæði. En þetta á að sjálfsögðu líka við um almannaþjónustu af öðru tagi eins og skóla og heilbrigðisþjónustu. Vegasamgöngur á vetrum.

Er svona vísir til? Þar sem kveðið er á um lágmarksþörf byggðarlaga til þess að þau geti verið til sem sjálfstæðar einingar?

### Lokað samstundis

Tilefni þessara spurninga er lokun bankaútibúsins Landsbankans í Króksfjarðarnesi. Fyrir örfáum misserum yfirtók Landsbankinn útibú Sparisjóðs Keflavíkur áður Vestfjarða í Króksfjarðarnesi. Flestir létu sér vel líka því forræði sparisjóðsins var farið úr byggðarlaginu hvort eð var. Allir tengdust nú samstundis Landsbankanum. En Adam var ekki lengi í þeirri Paradísinni. Síðasta dag maímánaðar var sent bréf úr Reykjavík í Reykhólahrepp til þeirra íbúa þar sem skipta við Landsbankann. Þeim var tilkynnt að DAGINN EFTIR yrði útibúinu í Króksfjarðarnesi lokað og þann dag – á lokunardaginn – barst þeim bréfið. Það er ósvífni númer eitt að gefa fólki engan frest til að flytja viðskipti sín úr útibúinu áður en útibúinu var lokað. Þetta var greinilega gert vísvitandi nákvæmlega svona. Þetta var ekki tilviljun, Þeir sem hafa átt viðskipti við bankann munu nefnilega flestir flytja viðskipti sín í Sparisjóð Strandamanna á Hólmavík eða Arionbanka sem er bæði í Búðardal og á Hólmavík. En það var reynt að loka þetta fólk sem þarna hafði viðskipti inni í Landsbankanum.

### Vísað á útibú í 200 kílómetra fjarlægð

Ósvífni númer tvö í bréfinu var þegar íbúum Reykhólahrepps var ráðlagt að fara með viðskipti sín í Landsbankann á Patreksfirði. Yfir fjöll og hálsana frægu – það eru um tvö hundruð kílómetrar hvora leið. Það er eins og að vísa Reykvíkingi á útibú banka á Hvammstanga eða íbúa á Kirkjubæjarklaustri á Höfn í Hornafirði. Þetta gengur ekki; íbúar Reykhólahrepps hafa lítið sem ekkert að sækja til Patreksfjarðar nema þegar þeir neyðast til að leita til sýslumanns með þinglýsingar og þess háttar verkefni. Þessi skilaboð – um að koma sér á Patreksfjörð frá Reykhólum – segja allt sem segja þarf: Það er skilningsleysi, tilfinningaleysi og viljaleysi á bak við svona kveðjur. Það er enginn vilji til að setja sig inn í aðstæður þess fólks sem býr á þessu svæði. Það er að vísu þannig að ef hlýða ætti markaðshagsmunum bankans þá væri eðlilegast að leggja Reykhólahrepp niður og flytja íbúana í lítið hverfi á þéttbýlissvæðinu sem þess vegna mætti heita Reykhólar. En ég hélt að það væri skoðun okkar allra að láta markaðshagsmunina ekki ráða öllu á Íslandi.

### Öllu hagrætt í burtu

Það er verið að hagræða öllu í burtu frá okkur sagði greindur nágranni

> Það er skilningsleysi, tilfinningaleysi og viljaleysi á bak við svona kveðjur. Það er enginn vilji til að setja sig inn í aðstæður þess fólks sem býr á þessu svæði.

við okkur á dögunum. Það er kjarni málsins; auðvelt er að finna það út að það væri skynsamlegast að hagræða Íslendingum burt af hólmanum og reka hér þjónustumiðstöðvar fyrir fiskipskip og umfram allt hætta að tala íslensku sem er óskiljanlegt hrognamál í eyrum allra annarra en okkar sjálfra.

Auðvitað á að setja reglur um lágmarksþjónustu við landsbyggð. Það á að setja reglur um bankaútibú og það á að leggja þá „kvöð“ á bankana að þau skipti með sér landinu í „áhrifasvæði“ þannig að allir hafi aðgang að banka. Og hið sama á við um aðra þjónustu.

Í nýrri byggðastefnu þarf að draga varnarlínur um landsbyggðina og hagsmuni hennar. Já, það kostar peninga, en miðað við hvað? Það kostar peninga að tala íslensku miðað við ítrustu hagsmuni heimskapítalismans. Þann boðskap höfum við fyrir löngu ákveðið að hafa að engu.
Frá þeirri varnarlínu þarf svo að hefja nýja sókn.

Greinin er endurbirt þar sem niðurlag hennar vantaði við birtingu í gær.

# Sagan og efndirnar

Samgöngumál

Þorvaldur Jóhannsson
fv. bæjarstjóri og nú eldri borgari á Seyðisfirði

Fyrri grein



Margt hefur verið sagt og fært á prent um jarðgöng, forgangsröðun og þýðingu þeirra fyrir nærliggjandi byggðir landshluta og þjóðina síðustu árin. Skoðanir og áherslur eru mismunandi og fara þá ekki alltaf saman eftir því hvar í landshlutum einstaklingar búa sem þær setja fram. Eitt eru menn þó sammála um og það er að jarðgöng í gegnum fjöll við t.d. þéttbýli sem losa umferð yfir erfiða fjallvegi eru nauðsynleg og þjóðhagslega hagkvæm. Jarðgangagerð á Íslandi þó ung sé hefur sýnt fram á að svo er.

Eftirspurn eftir nýjum jarðgöngum er meiri á Íslandi en framboðið og því þarf að huga vel að öllum aðstæðum, skoða söguna og gæta réttlætis í umræðu og athöfnum á leiðinni að niðurstöðu þegar kemur að forgangsröðun. Á það finnst mér lengi hafa skort. Undirritaður er mikill áhugamaður um jarðgangagerð – ég hef fylgst vel með umræðu og skrifum og var hér áður fyrr nátengdur og þátttakandi í ýmsum vinnuhópum og nefndum sem fjölluðu um hana, sérstaklega varðandi Austurland. Var m.a. þáttakandi í sögulegri ferð sveitarstjórnarmanna Vestfirðinga og Austfirðinga ásamt fulltrúum Vegagerðar og Byggðastofnunar til Færeyja 1986, sem farin var til að kynna sér sérstaklega og skoða jarðgangagerð frænda okkar þar í landi. Að lokinni þeirri ferð var gert sögulegt „heiðursmannasamkomulag“ sveitarstjórnarmanna sem kvað á um að Vestfirðingar og Austfirðingar gerðu með sér samkomulag um að standa saman og styðja hver annan í baráttunni fyrir jarðgangagerð í landshlutunum. „Vestfjarðagöng (Botnsheiði og Breiðdalsheiði) væru næstu göng og strax í kjölfarið Austfjarðagöng (Fjarðarheiði og Oddskarð).“ Vestfirðingar og Austfirðingar og margir áhugamenn um vegagerð, sem ég þekki til, hafa horft til vilja samkomulagsins og virt.

Minnisstæð er ráðstefnan „Byrjum að bora“ sem haldin var á Seyðisfirði 28. maí 1988. Samgönguráðherrar seinni ára – sumir, ekki allir – hafa lítið gert með samkomulagið og bent m.a. á að svona samþykktir, þó að bak við þær standi heiðursmenn heilla landshluta, binda ekki hendur ráðherra. Reynslan sýnir að það er víst rétt. Í skrifum nokkurra einstaklinga um jarðgöng og forgangsröðun þeirra nú nýverið er vitnað í þetta samkomulag svo það virðist lifa og er það vel. Ef sagan, og síðan efndirnar, er skoðuð og sett í samhengi þá eru staðreyndirnar þessar. Skýrsla Nefndar um jarðgangaáætlun 1987 (1), sem síðan var samþykkt og fylgt eftir með fjárveitingum og í vegaáætlun (2) og langtímaáætlun (3) næstu ára, lagði til að þau byggðarlög sem tengjast um eftirtalda fjallvegi eigi að hafa forgang við jarðgangagerð og röð verkefna þannig: 1. Ólafsfjarðarmúli, 2. Botnsheiði og Breiðdalsheiði og 3. Fjarðarheiði og Oddskarð. Fjárveitingar til Austfjarðaganga voru á vegaáætlun allt frá 1989 og sérstaklega tilgreint að þar sé miðað við göng sem leysi vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar (4).

Að loknum greiðslum við Vestfjarðagöng (1998) átti að hefja framkvæmdir við Austfjarðagöng. Framkvæmdir við Ólafsfjarðarmúla hófust 1988 og lauk 1990 og við Breiðdals- og Botnsheiði á Vestfjörðum 1991-1995. Ekkert bólar enn árið 2012 á framkvæmdum á Fjarðarheiði og í Oddskarði. Fjarðarheiðargöng virðast alveg hafa gleymst og tröllum týnd en Oddskarðsgöng eru í gildandi samgönguáætlun 2009-2012. Þar er nær allt klárt til að byrja að bora en þá bregður svo við að ekki á að standa við að hefja þar framkvæmdir eins og gildandi samgönguáætlun kveður skýrt á um.

Við Austfirðingar erum ekki sáttir við það hik og þrýstum því ákveðið á stjórnvöld um að endurskoða ákvörðun sína og hefjast nú þegar handa við göngin eins og skrifað stendur. Á eftir Oddskarðsgöngum á Austurlandi er gert ráð fyrir (í gildandi áætlun) að hefja framkvæmdir við Dýrafjarðargöng á Vestfjörðum. Heiðursmannasamkomulagið er því lifandi. Er þá ekki næst komið að Fjarðarheiðargöngum á Austurlandi? Eða eiga þau að bíða enn um sinn? Ef svo er þá er spurt af hverju?

# Fiskurinn verður alltaf veiddur!

Sjávarútvegsmál

Jón Gröndal
kennari



Mikið ofboðslega er maður orðinn leiður á kveinstöfum útgerðarmanna þessa dagana við að verja arðinn sinn. Þeir hika ekki við að beita fyrir sig sjómönnum, landverkafólki, þjónustuaðilum sjávarútvegsins og jafnvel barnakennurum. Það vakti athygli um daginn hversu mjög skuldsett mörg útgerðarfyrirtæki eru og hve stór hluti kvótans er veðsettur útlendingum. Skiptir öllu máli hver veiðir fiskinn? Halda menn að fiskurinn fái að synda óáreittur um íslenska lögsögu þótt stóru útgerðarfyrirtækin taki hann ekki. Staðsetning landsins og miðanna gerir það að verkum að það verður alltaf hagkvæmast og verðmætast að verka fiskinn á Íslandi. Skiptir höfuðmáli hver landar fiskinum?

Fólk úti á landi er meira eða minna bundið átthagafjötrum. Mörg smærri bæjarfélög hafa misst mikinn kvóta og miklar tekjur með þessu kvótafyrirkomulagi. Mér finnst það vera skylda stjórnvalda að skila einhverju af kvótanum aftur til byggðarlaganna. Þótt það sé ekki endilega þjóhagslega hagvæmasti kosturinn. Einhverjir pottar eru því nauðsynlegir. Stærð þeirra ætti að vera samkomulag en ekki tilvist.

Útgerðarmenn ættu að geta endurnýjað skip og tæki vegna þess að það fellur undir rekstur fyrirtækjanna og minnkar arðinn væntanlega sem lækkar veiðigjaldið. Stórútgerðarmennirnir verða bara að læra að lifa af minni arði eða tekjum eins og við hin. Að minnsta kosti þeir sem hafa ekki þegar skráð stóran hluta einkaneyslunnar á fyrirtækið.

### Íslenska aðferðin

Íslendingar hafa eftir hrun fylgst með falli hvers stórfyrirtækisins á fætur öðru. Dag eftir dag berast fréttir af því að eftir endurskipulagningu og skuldaniðurfellingar komi fyrri eigendur á einn eða annan hátt aftur að fyrirtækjunum. Nú síðast þeir Bakkavararbræður. Menn eru farnir að tala um íslensku leiðina í þessum „skuldaleiðréttingum“. Væri það ekki ágætt fyrir skuldsettustu útgerðarfyrirtækin að fara í „endurskipulagningu“, losna við skuldir og koma þeim yfir á banka og almenning eins og gert hefur verið að undanförnu. Þá losnaði kannski eitthvað um veðsetningu kvótans til útlendinganna. Bankarnir og ríkið fengju hann og endurúthlutuðu. Haldið þið virkilega að himin og jörð farist þó það séu ekki Samherji, Eskja eða Þorbjörninn sem borgi ykkur launin heldur einhver ný fyrirtæki (kannski á gömlum grunni). Það verður sama þörf fyrir þjónustu við flotann.

Stjórnarþingmenn eiga heiður skilinn fyrir að taka slaginn og fleiri þingmenn munu styðja málin. Þetta er ekki landsbyggðarskattur heldur nokkur leiðrétting á hræðilegri þróun síðustu áratuga. Íbúar á suðvesturhorninu munu örugglega fagna tækifæri til að laga ranglætið í þjóðaratkvæðagreiðslu ef til þess kemur.




# Ný og glæsileg verslun á Stórhöfða

Flügger hefur opnað nýja og glæsilega verslun á Stórhöfða 44. Fjölbreytt úrval af gæðavörum fyrir íslenskar aðstæður, fagleg ráðgjöf og frábær þjónusta.













**KaffiFlügger**
MATSTOFA

Heitur matur í hádeginu alla virka daga. Hagstætt verð og gæði eins og þau gerast mest.



## Lengri afgreiðslutími!

Betri afgreiðslutími fyrir alla; fagmanninn sem byrjar snemma, þá sem velja að koma eftir annasaman vinnudag … og alla hina líka! Einfalt og gott, opið alla daga vikunnar frá 7–19.

## Vöruna beint í bílinn!

Nú færðu vöruna beint í bílinn – fljótlegt og þægilegt fyrir alla, sama hvernig viðrar.

Einnig er þvottaaðstaða fyrir vinnufatnað og málningarverkfæri og aðstaða til geymslu á því sem ekki rúmast í bílnum.




# OPIÐ 7–19 ALLA DAGA

# 7-7-7

Stórhöfði 44, 110 Reykjavík | Sími 567 4400 | www.flugger.is

**Flügger litir**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



61 **BONNIE TYLER** söngkona á afmæli í dag.

*„Alltof margir aðilar gefa út plötur fyrir jólin og týnast þar af leiðandi í jólaflóðinu.“*

## Merkisatburðir

1435 Dómkirkjan í Uppsölum er vígð.
1624 Jarðskjálfti skekur Perú.
1887 Herman Hollerith fær einkaleyfi á stimpilklukku.
1789 Jarðskjálftar hefjast á Suðurlandi og koma með allt að tíu mínútna millibili.
1968 James Earl Ray er handtekinn fyrir morðið á dr. Martin Luther King.
1968 Robert F. Kennedy er jarðsettur.
2002 Íslensk stjórnvöld neita meðlimum Falun Gong-hreyfingarinnar um landvistarleyfi vegna ótta við mótmæli.

**ÞETTA GERÐIST:** 8. JÚNÍ 1783

## *Skaftáreldar blossa upp*

Miklir jarðeldar með ákófu gosi komu upp á Síðumannaafrétti þennan dag, árið 1783. Skaftá þornaði upp en hraunflóð vall fram árgljúfrið milli Skaftártungu og Síðu með ógurlegum drunum og skruðningum og ógnaði byggðinni. Þessu fylgdu miklir jarðskjálftar og öskufall. Fýlan var svo megn að fólki sló fyrir brjóst.

Þannig er upphafi Skaftárelda lýst í Öldinni okkar. Þar kemur fram að undanfari gossins hafi verið snarpir jarðskjálftakippir sem færðust í aukana uns mökkur mikill hafi sést rísa yfir byggðarfjöll norðan Síðu í heiðskíru og spöku veðri um miðjan hvítasunnudag, þann 8. júní. Sá mökkur hafi breiðst um Síðuna alla og austur um Fljótshverfi og orðið hafi dimmt í húsum inni. „Í Skaftártungu ýrði úr lofti og var það svört leðja, áþekk bleki, sem lagðist yfir jörðina.“



**LAKAGÍGAR** Löngu orðnir mosavaxnir.
MYND/VILHELM/ÚR EINKASAFNI



## 40 ára afmæli

**Margrét Ósk Ragnarsdóttir**

Föstudaginn 8. júní mun ég fagna 40 ára afmæli mínu.
Endilega hringið í mig og samgleðjist mér á þessum merku tímamótum.
Sími: 895 1043
Kveðja, Margrét Ósk

---

†



Elskulegur sonur minn, faðir okkar og bróðir,

**STURLA RÖGNVALDSSON**
**bifvélavirkjameistari,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi 31. maí sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju 13. júní kl. 13.00.

**Rögnvaldur Þorkelsson**
**Hjörtur Sturluson**
**Viðar Sturluson**
**Rögnvaldur Sturluson**
**Agnar Sturluson**
**Jón Þorkell Rögnvaldsson**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**ELÍNAR ELÍSABETAR GUÐMUNDSDÓTTUR**
**húsfreyju frá Ófeigsfirði.**

**Bára Guðmundsdóttir**
**Ragnar I. Jakobsson**
**Pétur Guðmundsson** **Margrét Ó. Eggertsdóttir**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Torfi Þorkell Guðmundsson** **Helga V. Rósantsdóttir**
**Ásgeir Guðmundsson** **Inga A. Waage**
**Böðvar Guðmundsson** **Hrönn Valdimarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

†



Sonur minn og bróðir,

**INGI GUNNAR BENEDIKTSSON**

lést að heimili sínu 16. maí síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigríður Sigurðardóttir**
**Sigrún Björk Benediktsdóttir og fjölskylda.**

---

†



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG HELGADÓTTIR**
**frá Kolviðarnesi,**

sem andaðist á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi föstudaginn 1. júní, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 9. júní kl. 14.00.

**Jónasína Oddsdóttir** **Reynir Bragason**
**Sigurður Oddsson**
**Helgi Oddsson** **Sigríður Þórðardóttir**
**Hjalti Oddsson** **Elín Þorsteinsdóttir**
**Sesselja Oddsdóttir** **Lárus Gestssson**
**Jón Oddsson** **Herdís Þórðardóttir**
**Þorbjörn Oddsson** **Jóhanna B. Þorvaldsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

**7 TINDA HLAUPIÐ:** ERFIÐASTA UTANVEGAHLAUP LANDSINS FER FRAM Á MORGUN

# Öflugum hlaupurum fjölgar

„Þetta er eitt af erfiðustu hlaupum landsins. Þeir sem hafa bæði hlaupið það og Laugaveginn segja að 7 tinda hlaupið sé töluvert erfiðara. Samt erum við með 20 til 30 þátttakendur á hverju ári, sem eru að hlaupa þessa vegalengd,“ segir Hlynur Sigurðarson, einn skipuleggjenda 7 tinda hlaupsins sem fram fer á morgun. Það eru björgunarsveitin Kyndill og Skátafélagið Mosverjar sem standa að því, í samstarfi við landsmót UMFÍ 50+ sem einnig fer fram í Mosfellsbæ um helgina.



**HLYNUR SIGURÐARSON**

Hlaupið verður ræst klukkan 10 við Íþróttamiðstöðina að Varmá. Hlaupið er utanvega um fjöll, heiðar og dali í bæjarlandi Mosfellsbæjar og komið aftur í mark við Varmá. Vegalengdir sem eru í boði eru 7 tindarnir sem hlaupið er nefnt eftir, en sú leið er 37 kílómetrar, 5 tindar eða 34 kílómetrar, 3 tindar eða 19 kílómetrar og 1 tindur sem er 12 kílómetra hlaup. Þá verður einnig boðið upp á þriggja tinda göngu og eins tinds göngu. Frekari upplýsingar um hverja leið fyrir sig er meðal annars að finna á vefsíðunni www.hlaup.com.

Búist er við metfjölda þátttakenda í ár. Í fyrsta hlaupinu voru þátttakendur nálægt eitt hundrað en í ár er búist við að þeir verði 200. Þetta segir Hlynur vera í réttu hlutfalli við aukinn fjölda góðra langhlaupara á Íslandi. „Markhópurinn okkar fyrir lengstu vegalengdina er á milli 50 og 100 manns. Þeir eru orðnir svo margir hér á landi sem geta léttilega hlaupið þessa veglengd. Hlauparar hér eru stöðugt að verða tæknilegri og öflugri. En þetta er ekki fyrir neina aukvisa. Það eru bara hörkuhlauparar sem taka þátt, enda eru átök í þessu.“

Björgunarsveitarfólk verður í viðbragðsstöðu á öllum tindunum sjö, vígbúið silkiplástrum, sáraplástrum, heftiplástrum og vaselíni. Á leiðinni verða líka drykkjarstöðvar með orkudrykkjum og næringu. Er búist við því að hlauparar ofkeyri sig? „Nei, alls ekki. En fólk getur auðvitað verið óheppið, snúið sig og dottið. Þá er gott að vita af því að það er stutt í aðstoð. En hingað til hafa allir skilað sér heilir heim og vonandi verður það svoleiðis í ár líka,“ segir Hlynur.

holmfridur@frettabladid.is



**HLAUPIÐ UPP DAUÐABREKKUNA** Hlauparar í 7 tinda hlaupinu hlaupa í mýri, kargaþýfi, upp brekkur og niður skriður.
MYND/HLYNUR SIGURÐARSON

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, ömmu, langömmu og systur,

**HALLDÓRU BJARNADÓTTUR**
**Kvígindisfelli, Tálknafirði.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæslu Landspítalans í Fossvogi fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Magnús Guðmundsson**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdasonar, tengdaföður og afa,

**ÓLAFS EINARS ÓLAFSSONAR.**

Þorbjörg Jónsdóttir og fjölskylda.

---

†



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**ARNHEIÐUR HALLDÓRSDÓTTIR**
**Strandgötu 97, Eskifirði,**

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut fimmtudaginn 31. maí. Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirkju mánudaginn 11. júní kl. 14.00.

**Sólveig Kristmannsdóttir** **Árni Helgason**
**Atli Börkur Egilsson** **Bea Meijer**
**Kolbrún Brynja Egilsdóttir** **Bernhard Nils Bogason**
**Karl Ingvar Egilsson** **Kristín Kristinsdóttir**
**Guðbjörg María Egilsdóttir** **Sayd Mechiat**
**Haukur Björnsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ættingjar.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**MAGNÚS JÓNSSON**
**fyrrverandi skólastjóri,**

lést miðvikudaginn 6. júní sl. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 12. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Grundar, s.: 530 6100.

**Sigrún Jónsdóttir**
**Gyða Magnúsdóttir** **Ársæll Jónsson**
**Jón Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

# FÓLK



KYNNINGARBLAÐ

**HRESSANDI SUMARSMELLUR**
**Pina colada er sannkallaður sumardrykkur. Hér er óáfengt afbrigði. Setjið einn bolla af ananas, einn bolla af kókosmjólk, banana, 1/4 bolla af klökum og 2 teskeiðar af hunangi í blandara og blandið saman. Hellið í tvö glös og berið fram.**




**FLJÓTLEGT OG GOTT** Máltíðin er fljótleg í framreiðslu en hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða hana á ÍNN í kvöld.

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Þór Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir á forsíðu Fólks alla föstudaga. Í dag býður hann upp á foreldaða kjúklingarétti frá Holta.*



Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka rétti með Holtakjúklingum frá Reykjagarði. Næstu föstudaga mun hann bæta um betur með girnilegum kjúklingaréttum á forsíðu Fólks. Hér er hann með uppskrift að máltíð sem samanstendur af þremur foreldaðum kjúklingaréttum frá Holta; Holta BBQ-vængjum með gráðostasósu, Holta kjúklingaborgara með salati og heimagerðri sósu og Holta bratwurst-pylsu með chilisalsa-sósu.

Rétturinn er fljótlegur og þægilegur í framreiðslu og tilvalinn til að skella á grillið í útilegunni. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpstöðinni ÍNN. Þættirnir eru endursýndir yfir helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.

## FORELDAÐIR KJÚKLINGARÉTTIR

**FORELDAÐIR HOLTA KJÚKLINGABORGARAR OG SÓSA**
Borgararnir hitaðir upp á grilli

Heimagerð sósa
1 msk tómatsósa
1 msk Dijon-sinnep, honey
1/2 laukur, smátt skorinn
1 msk. pickles
1 msk. sojasósa
1 tsk. hrásykur
4 msk. Hellmanns light majones
Öllu blandað saman

**FORELDAÐIR BBQ HOLTA KJÚKLINGAVÆNGIR MEÐ GRÁÐOSTASÓSU**
Vængirnir hitaðir upp á grilli

Gráðostasósa
180 ml 10 % sýrður rjómi
80 g gráðostur
50 ml vatn
salt og pipar
sellerí skorið í þunna strimla og sett í kalt vatn

**HOLTA BRATWURST-PYLSUR Í FRÖNSKU PYLSUBRAUÐI MEÐ CHILISALSA-SÓSU**
Grillið pylsurnar og brauðið

Chilisalsa-sósa
2 stk rauður chili
1 stk grænn chili
1 stk laukur
1/4 box kóríander
1/4 poki steinselja
2 stk tómatar
1/2 flaska Heinz-chilisósa
salt og pipar
Saxið allt smátt og látið standa í 20 mínútur.


MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA



*Sérstök brúðkaupsgjöf*

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.






Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.

Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



sumar tilboð NINGS

- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Wok steiktar eggjanúðlur með karrý og grænmeti
- Kjúklingur og grænmeti Kung Pao
- Stökkt svínakjöt og grænmeti orange
- Jasmín hrísgrjón og soyasósa.

3790 krónur fyrir tvo
1895 krónur á mann
Tilboðið er eingöngu fyrir 2 eða fleiri

Veru vinur okkar á facebook. Drögum út 20 vinningshafa í sumar á facebook, vertu með.

2 l. af Pepsi eða Pepsi Max á ...
99 krónur
þegar þú kaupir Sumartilboð Nings

Nings-is kókos eða mangó
149 krónur
í allt sumar




Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is

# FLÓRA Á SKÖRINNI

*Ingunn Þráinsdóttir grafískur hönnuður sýnir á Skörinni textíllínuna Flóru. Línuna vann Ingunn út frá jurtaflóru Austurlands og Norður-Noregs.*

„Ég dvaldi tvær vikur í Vesteraalen í Noregi haustið 2010 og skissaði plöntur. Ég skoðaði hvað ég fyndi af plöntum þar sem ég þekkti einnig frá Austurlandi. Þetta voru óvísindalegar rannsóknir en út úr þeim kom fjöldi teikninga sem ég sýndi bæði í Noregi og á Austurlandi og vann síðan upp úr textíllínu,“ segir Ingunn.

Á Skörinni sýnir Ingunn púða, viskastykki og munnþurrkur úr náttúrulegum efnum eins og bómull og tvinnar saman silkiþrykki og prjóni úr íslenskri ull í púðana.

„Ég prjóna lítil stykki úr einbandi og sauma í kringum þau mismunandi bómullarstykki. Þannig blandast saman hlutar af mismunandi plöntum og enginn púði er eins,“ segir Ingunn. „Jurtirnar sem ég notaði í línuna eru bláklukka, skógarkerfill og lokasjóður. Ég á margar skemmtilegar æskuminningar um lokasjóðinn en við systkinin kölluðum það peningablóm. Ég á enn mikið af teikningum og mun gera eitthvað meira úr þeim í framhaldinu,“ segir Ingunn.

Sýningin stendur til 9 júlí.



**HEIMILISVÖRUR** Ingunn Þráinsdóttir sýnir nýja textíllínu á Skörinni, Aðalstræti 10. MYND/GVA





**JURTAFLÓRA** Línan inniheldur púða, viskastykki og munnþurrkur.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

# NAFNIÐ BLÓTSYRÐI

**NÝ VERSLUN** *Vinkonurnar Satu Rämö og Maarit Kaipainen opna verslun með finnska hönnun í bakhúsi við Laugaveg 27 í dag. Boðið verður upp á finnskan harmónikuleik fram á kvöld.*

Við opnum klukkan fimm og höfum opið til hálf átta í kvöld. Það verður góð stemning, finnskur harmónikuleikari spilar tangó og boðið verður upp á finnskan fingramat,“ segir Satu Rämö, en hún opnar verslunina Suomi PRKL Design í miðbænum ásamt Maarit Kaipainen.

Báðar hafa þær búið á Íslandi í mörg ár en kynntust fyrst fyrir hálfu ári. Þá langaði þær báðar til að breyta til og ákváðu að stofna saman fyrirtæki.

„Við erum báðar viðskiptafræðingar og smullum saman. Við byrjuðum sem viðskiptafélagar en erum orðnar góðar vinkonur. Okkur langaði til að gera eitthvað skemmtilegt á Íslandi og ákváðum að kynna finnska hönnun. Mörg finnsk merki eru vel þekkt hér en það eru einnig mörg spennandi merki sem Íslendingar þekkja lítið til,“ útskýrir Satu en í versluninni er meðal annars að finna heimilisvörur, skartgripi og fylgihluti en einnig reiðhjól.

„Jopo-hjólin eru æðisleg. Ég saknaði þeirra svo frá Finnlandi,“ segir Satu. „Við bæði seljum þau og leigjum út því við stefnum einnig á að þjónusta ferðamenn.“

Verslunin ber nafnið Suomi PRKL! Design. Þegar Satu er beðin um að útskýra nafnið verður hún sposk á svip. „Suomi þýðir Finnland en PRKL stendur fyrir hálfgert blótsyrði á finnsku. En það hefur samt ekki neikvæða merkingu heldur er frekar lýsandi fyrir það viðhorf að drífa í hlutunum og taka þá ekki of alvarlega,“ segir hún. „Auðvitað er þetta líka smá innanbúðargrín,“ segir hún hlæjandi.

■ **heida@365.is**



**STOFNUÐU SAMAN BÚÐ** Satu Rämö og Maarit Kaipainen kynntust fyrir hálfu ári, einmitt þegar þær langaði báðar til að breyta til og gera eitthvað skemmtilegt. MYND/SUOMI PRKL DESIGN



**SHEILA** Í versluninni er að finna bæði skart og fylgihluti.

**JOPO HJÓLIN** Satu og Maarit bæði selja og leigja út hjólin.

**LENTO** Reykskynjari í felubúningi.

UPPLIFÐU FRELSIÐ!

Verið velkomin í nýjan sýningarsal okkar að Ögurhvarfi 2, Kópavogi.

P. KARLSSON EHF.



Sýnum og seljum húsbíla frá Touring Cars Iceland á verði sem kemur á óvart.
Verð frá 4.990.000.-





Komið og skoðið LMC hágæða hjólhýsin í nýjum sýningarsal!
Verð frá 4.395.000.-

Sími: 517-5200
pkarlsson@pkarlsson.is
www.pkarlsson.is
www.lmc.is

Fimm stjörnu ferðafrelsi! LMC Made in Germany

P.Karlsson er umboðsaðili LMC á Íslandi

Opnunartímar:
Virka daga: 10-18
Laugardaga: 12-16
Sunnudaga: 13-17

Meirapróf









ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 13. júní





8. JÚNÍ 2012

# Lífið

VINTAGE-VERSLUN FLYTUR

GUNNAR HILMARSSON HANNAR FYRIR WOW AIR

BRYNJA VALDÍS, ÓHEFLUÐ Á NETINU

# ÞETTA ER LÍFSSTÍLL SEM ÉG HEF VALIÐ MÉR

## AÐALHEIÐUR ÝR ÓLAFSDÓTTIR HEIMSBIKARMEISTARI Í BIKINÍFITNESS UM FERILINN, UMTALIÐ OG ÖFGARNAR

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Fjölmenni var í fjörutíu ára afmæli og útskrift **Einars Bárðarsonar** í Hörpu á laugardaginn var. Þar voru athafnakonan **Eva Dögg Sigurgeirsdóttir** og unnusti



hennar, Bjarni Ákason, eigandi Epli.is, fjölmiðlakonan **Jóhanna Vilhjálmsdóttir**, Pálmi Guðmundsson, sjónvarps-



stjóri á Stöð 2 og Skarphéðinn Guðmundsson, Svanhildur Konráðsdóttir, sviðstjóri menningar- og ferða-



málasviðs Reykjavíkurborgar, Atli plötusnúður og Stuðmaðurinn Jakob Frímann Magnússon svo einhver séu nefnd.



Lífið

UMSJÓN
**Ellý Ármanns** elly@365.is
**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf.
**Forsíðumynd** Einkasafn Aðalheiðar
**Útlitshönnun** Arnór Bogason
**Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
**Lífið** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid



Gunnar Hilmarsson, fatahönnuður að störfum.

Búningarnir voru frumsýndir í jómfrúarflugi Wow á dögunum.

MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR



Liv stjórnarmaður WOW air, ásamt eiginmanni sínum Sverri Haukssyni.



Marta María Jónasdóttir og Friðrika Hjördís Geirsdóttir.

# LEITAÐ AFTUR TIL SJÖUNDA ÁRATUGARINS

Gunnar Hilmarsson fatahönnuður var fenginn í það áhugaverða og spennandi verkefni að hanna starfsmannabúninga flugfélagsins WOW air. Hann segir það skemmtilega áskorun að hafa fengið að taka þátt í hönnun fatnaðarins.

„Það sem hefur verið einstakt við verkefnið er hin sterka sýn á ímynd félagsins sem eigandi og stjórnendur félagsins hafa. Stemningin er sótt til sjöunda áratugarins þegar heimurinn breyttist til framþúðar. Tíska og tíðarandi þessa áratugar voru einstök. Fólk ferðaðist meira, uppgötvaði heiminn, tónlist, kvenfrelsi og frjálsar ástir. Hinn almenni borgari hafði efni á að ferðast og heimurinn minnkaði heilan helling. Bítlarnir, Martin Luther King, Kennedy og hipparnir mótuðu áratuginn. Sjónvarpið og tískublöð mótuðu tískuna og útlitið skipti öllu máli. Tískan var fjöldaframleidd og aðgengileg hinum almenna borgara.“

Verkefnið var því að færa hinar kynþokkafullu og kvenlegu línur sjöunda áratugarins yfir í einkennisbúning sem virkar árið 2012.

„Nægilega kynþokkafullur til að búa til rétta stemningu en þó þannig að hann hentar í vinnuna um borð í WOW Air-flugvélunum.“

Gunnar segir útkomuna eins og hann sá fyrir sér, að flugfreyjurnar séu kvenlegar, kynþokkafullar og geislandi af sjálfsöryggi en flugþjónarnir eru eins „slick“ og herramenn sjöunda áratugarins voru. „Þeir drekka reyndar ekki í vinnunni eins og tíðkaðist í þá daga. Einhver myndi segja að ég væri „a bit stuck in the past“ en það er bara svo skemmtilegt,“ segir Gunnar að lokum.



Pétur Jóhann Sigfússon ásamt unnustu sinni, Sigrúnu Halldórsdóttur, en hann sá um að halda uppi stuðinu í vélinni.




## HANNAR FYRIR ÍTALSKT STREETWEAR-MERKI

**Þorbjörn Einar Guðmundsson, hönnuður og tónlistarmaður, stökk á tækifærið þegar það gafst.**





Þorbjörn er ungur og efnilegur hönnuður sem lærði myndlist og fatahönnun. Hann er menntaður margmiðlunarfræðingur og er einnig sjálflærður tónlistarmaður. Hægt er að skoða efni frá Þorbirni á vefslóðinni www.thorbjorneinar.com

Hvernig kom það til að þú fórst að vinna með Dojo Clothing? Samstafið byrjaði þannig að þeir Arash Haddadi og félagar voru í leit að tónlist fyrir auglýsingar og höfðu samband við mig. Þeir sáu að ég var á fullu við að hanna auglýsingar, fatnað, tónlist og fleira sem því tengist og vildu endilega fá mig til að hanna þessa sumarlínu með sér fyrir vor/sumar 2012. Ég hef einnig unnið að vetrarlínunni svo samstarfið heldur því eitthvað áfram.

**Hvað er Dojo Clothing?** Dojo Clothing er ítalskt streetwear-merki sem er í eigu Arash Haddadis og hefur verið starfandi í tæplega fimm ár. Orðið Dojo er oftast notað í tengslum við bardagaíþróttir og eigendur fyrirtækisins eru miklir aðdáendur Bruce Lee og fannst þeim því nafnið Dojo henta fyrirtækinu sínu vel.

**Þú ert líka í hljómsveitinni Úlfur Úlfur, segðu okkur aðeins frá henni?** Við gáfum út breiðskífu í desember 2011 og höfum verið að spila mikið og kynna plötuna sem fæst frítt á vefsíðunni okkar, www.ulfurulfur.com. Nýlega komum við okkur upp nýju hljóðveri og vinnuaðstöðu og erum á fullu að vinna nýja tónlist og ýmist efni tengt því.

**Verðið þið eitthvað að spila í sumar?** Já, við verðum að spila í Amsterdam, á Bestu útihátíðinni, Þjóðhátíð í Eyjum, Ljósanótt og Airwaves. Þess á milli verðum við að spila um allt land. Hægt er að fylgjast með okkur á facebook.com/ulfurulfur.


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
Skartgripir
í miklu úrvali
-20%
SUMARSPRENGJA
20%
afsláttur
af öllu!
-20%
Öll glös
Luktir
í miklu úrvali
-20%
Afsláttur gildir
helgina 8.-10. júní.
Afsláttur bætist ekki ofan á annan afslátt.
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



Brynja Valdís er ófeimin við að ræða samskipti kynjanna í vídeóinnslögum sínum.



Það er alltaf stutt í húmorinn hjá leikkonunni.



# BRYNJA VALDÍS TEKUR SIG EKKI OF HÁTÍÐLEGA

„Ég er aðallega að gera litla „vídeósketsa“ á DV á lífsstílssíðunni Fókus. Markmiðið er að gera sketsa og vídeóblogg um allt og ekkert. Þetta er í þróun. Aðalmálið er að hafa gaman af þessu og taka sig ekki of hátíðlega,“ segir leikkonan Brynja Valdís Gísladóttir, sem hefur vakið athygli á veraldarvefnum fyrir að vera á persónulegu nótunum um samskipti kynjanna meðal annars.

**Finnst þér ekkert mál að opna þig svona á veraldarvefnum í myndskeiðunum?**

„Þetta er bara fjör og góð áskorun. Sem skemmtikraftur þá þarf maður að þora að láta vaða og í vídeósketsunum notfæri ég mér það og spinn og blanda saman reynslu minni og annarra sem ég sný svo út úr og færi í stílinn. Auk þess geri ég það sem mér dettur í hug út í bláinn. Eins og þegar ég talaði um hvernig á að ná í góðan mann. Þá er ég með ýmsar ráðleggingar um hitt og þetta. Maður þarf bara að vera einlægur. Svo krydda ég það með húmor,“ segir þessi skemmtilega leikkona en hún er með heimasíðuna Brynjavaldis.com.




JÁKVÆÐAR FRÉTTIR AF FÓLKI

Lífið

AUGLÝSINGAR: SIGRÍÐUR DAGNÝ
S: 512 5462 | sigridurdagny@365.is

– FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM OG DAGLEGA Á VÍSI



NAUTRAL KYNNIR:

BJARGAÐU ANDLITINU FRÁ ILMEFNUM OG ÖÐRUM ÓÞARFA AUKAEFNUM

Snyrtivörur sem innihalda ilmefni auka hættuna á að þú fáir ofnæmi sem mun fylgja þér alla tíð. Með nýju andlitslínunni frá Neutral getur þú með góðri samvisku hugsað vel um húðina því að í henni eru engin ilmefni, litarefni eða paraben.











„Tískan í sumar er full af pasteli og rokki í bland. Við elskum pastellitina og rokkuðu gaddahálsmenin og svo eru blómamunstur og neonlitir líka heitir í sumar.“



Systurnar Ása ogJóna Ottesen eigendur.

# VINTAGE VERSLUN FLYTUR

**Tískuverslunin Lakkalakk flutti á Hverfisgötu 41 í sólarblíðunni í síðustu viku. Fjöldi fólks lagði leið sína í búðina þar sem pastellitir og rokk ráða ríkjum.**



Það ríkti frábær stemning daginn sem Lakkalakk var opnuð á Hverfisgötunni.



Hólmfríður Helga Sigurðardóttir og dóttir hennar Þórunn Birna.



Heimasíða verslunarinnar er Lakkalakk.com en þar getur fólk einnig verslað.



„Nafnið kemur frá litlu systir sem gat ekki sagt naglalakk heldur bað hún okkur alltaf um lakkalakk.“


Lolita.is
.... best geymda leyndarmálið
Full verslun af fallegum fatnaði og fylgihlutum..
Lolita.is Trönuhraun 2 , 220 Hafnarfjörður
Opnunartími: þriðjudaga - föstudaga 14.00 - 18.00
laugardaga 12.00 - 16.00
Sendum hvert á land sem er
Tízkuverslun & Netverslun
s: 544 5554
www.lolita.is

# FYLLTIST MIKLU ÞJÓÐARSTOLTI

**Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir náði þeim frábæra árangri að verða heimsbikarmeistari í Bikini Fitness í sínum flokki á stórmóti sem haldið var í Búdapest í Ungverjalandi á dögunum. Mótið ber titilinn IFBB Childrens European Championship and Bikini World Cup. Aðalheiður á stuttan en glæsilegan feril að baki. Hún ræddi við Lífið um kosti og galla íþróttarinnar, umtalið um öfgarnar og árangurinn.**



**„Þetta er meira lífsstíll sem ég hef valið mér til að lifa eftir – ekki bara tímabil sem ég vil vera flott á í einn dag. “**

**AÐALHEIÐUR ÝR ÓLAFSDÓTTIR**
**ALDUR?** 28 ára.
**HJÚSKAPARSTAÐA?** Er í sambúð með kærastanum mínum Ara Páli Samúelssyni.

**Heimsbikarmeistari í Bikini Fitness? Hvaða merkingu hefur það fyrir þig?** Úff, þar sem ég er enn á bleiku skýi í sigurvímu hér úti í Búdapest þá hef ég ekki komist í það að hugsa svo langt, en ég trúi því að þetta muni hafi góð áhrif á áframhaldandi feril minn í sportinu.

**Hvernig var tilfinningin að vinna mót af þessari stærðargráðu?** Hún var ólýsanleg og ég er enn að segja sjálfri mér það að ég hafi unnið. Ég fylltist miklu þjóðarstolti þegar úrslitin voru tilkynnt og íslenski þjóðsöngurinn var spilaður og allir stóðu upp, þá fór óneitanlega svolítill fiðringur um mig.

**Hvernig hefur dvölin í Búdapest í Ungverjalandi verið?** Dvölin hér hefur verið ekkert nema æðisleg, þegar ég kom var ég sótt út á völl af tveimur IFBB-dómurum og vel hugsað um mig á fínu hóteli með öllu. Núna er ég svo aðeins að njóta lífsins með kærastanum mínum eftir langt keppnistímabil. Hann kom hingað með mér sem aðstoðarmaður. Við erum búin að ferðast hér um alla Búdapest og skoða þessa sögulegu borg.

**Hvenær byrjaði áhugi þinn á líkamsrækt?** Ég hef alla tíð verið í einhverjum íþróttum. Ég stundaði ballett og djassballett í tólf ár, einnig var ég í frjálsum íþróttum með því. Ég keypti mér svo fyrst kort í World Class þegar ég var sextán ára og hef æft þar síðan. Ég lyfti alltaf bara of létt þangað til ég kynntist kærastanum mínum fyrir fimm árum. Þá fóru hann og bróðir hans Magnús Samúelsson sem er margfaldur meistari hér heima og erlendis í vaxtarrækt, að kenna mér að lyfta fyrir alvöru og ég smitaðist af sportinu svo um munaði.

**Ertu með þjálfara?** Ég er sjálf einkaþjálfari, en finnst betra að hafa einhvern sem ýtir mér áfram og styður við bakið á mér fyrir mót. Ég hef því verið hjá Konráð Val Gíslasyni síðustu þrjú árin en hann á stóran þátt í öllum mínum árangri enda fer ég eftir öllu sem hann segir. Hann er án efa einn besti fitness-þjálfari sem við eigum á Íslandi.

**Hvenær ákvaðstu að keppa í fyrsta sinn og á hvaða móti var það?** Ég ákvað fyrst að keppa eftir að ég horfði á Bikarmótið árið 2008 og hugsaði þá að þetta væri kannski eitthvað fyrir mig. Og þegar ég bít eitthvað í mig þá geri ég það 100% og fer með það alla leið. Ári seinna keppti ég á Bikarmótinu og hafnaði í þriðja sæti.

**Varð ekki aftur snúið eftir það?** Tilfinningin að fá verðlaun á fyrsta mótinu var bara svo góð að ég ákvað að gera enn betur og laga það sem ég gat bætt. Það er ótrúlega góð tilfinning að sjá muninn á sér á milli móta og finna það á hverju móti að ég er hvergi nærri hætt og það er alltaf hægt að gera betur.

**Geturðu lýst síðustu dögum fyrir mót?** Þeir geta verið erfiðir, þetta tekur gríðarlega á líkamlega og andlega. Líkaminn er svo fullkominn að hann venst þessu ástandi alltaf betur með hverju móti. Svo þegar nær dregur eða svona síðustu tvær vikurnar fyrir mót hjá mér allavega þá finnst mér alltaf svo stutt eftir að þetta verður aftur auðvelt. En svo fylgir þessu líka að fara í alls kyns bjútímeðferðir síðustu dagana því þetta er jú smá fegurðarsamkeppni líka; hár, neglur, ég hugsa vel um húðina og fer í Ultratone í Laugum Spa. Fer einnig líka reglulega í íþróttanudd – einu sinnu í viku allavega síðustu vikurnar – hjá Einari Carli Axelssyni.

**Hver er munurinn á bikiní-fitness og módel-fitness?** Bikiní-fitness og módel-fitness eru það sama. En ég held að Íslendingar séu eina þjóðin sem kallar þetta módel-fitness og er óhætt að segja að keppnin sé tískulota á Íslandi. Þá koma stelpurnar fram í íþróttafatnaði og sýna á sviði, og er hugsunin sú að sjá hvort það sé hægt að nota þær í auglýsingar. En annars staðar í heiminum er þetta bara kallað

Framhald á síðu 8






## UPPÁHALDS

**TÍMI DAGSINS?** Á æfingu. Fæ aldrei nóg af því að lyfta.
**MATUR?** Steik með bernaise-sósu og kalkúnninn og allt sem honum fylgir á jólunum hjá mömmu og pabba.
**TÍMARIT?** Oxygen – kvennafitness-blað.
**DRYKKUR?** Íslenska vatnið.
**MATSÖLUSTAÐUR?** Nings.
**DEKUR?** Dekur í Laugum Spa. En svo er auðvitað besta dekrið að hafa það kósý með kærastanum, helst uppi í bústað með rottweiler-tíkinni okkar Gracie Lee.
**HEIMASÍÐA?** Youtube að skoða æfingamyndbönd og svo má ekki gleyma Facebook-fíkninni.
**SJÓNVARPSÞÁTTUR?** Þessa dagana eru það Modern family og Biggest loser.



Aðalheiður Ýr var örugg á pallinum.





Þetta er alls ekki fyrir alla, segir Aðalheiður.

## DAGUR Í LÍFI AÐALHEIÐAR

**05.30** Vakna, tek öll vítamínin mín og glútamín. Borða banana og Thermo booster frá QNT, það er eins og kaffið mitt.

**06.15** Kenni Fitness form sem er lokað námskeið fyrir stelpur á öllum aldri í World Class Laugum.

**07.30** Borða morgunmat sem er yfirleitt hafrar og eggjahvítur.

**08.00-12.00** Einkaþjálfa í World Class Laugum. Borða millimál kl.10.00; prótein-shake frá QNT og ávöxt.

**12.00** Hádegismatur á Nings eða alltaf í undirbúningi fyrir mót.

**13.00** Fer sjálf á æfingu en ég lyfti sex sinnum í viku.

**15.00** Borða prótein-shake frá QNT og ávöxt. Þjálfa svo fleiri kroppa, misjafnt hversu lengi fram eftir ég vinn.

**17.00** Millimál: Bygg-morgunkorn eða boost með höfrum og próteini frá QNT (verð oft að hafa það eitthvað fljótlegt þegar ég er að þjálfa).

**20.00 Kvöldmatur.** Ég er mjög mikið fyrir fisk og fæ allan minn fisk hjá fiskverslunninni Hafinu.

**22.00** Casein-prótein frá QNT fyrir svefninn. (Það er prótein sem meltist hægar yfir nóttina.)

## Framhald af síðu 7

bikiní-fitness og þá er bara komið fram í einni lotu eða í bikiníi. (Sundbolir eru alveg dottnir út alls staðar). Stöðurnar eða pósurnar eru frekar frjálsar í bikiní-fitness.

Svo er body-fitness eða figure-fitness-flokkurinn fyrir ofan okkur. Þar eru þær með meiri vöðvamassa, skurð og aðrar pósur.

**Nú hafa háværar raddir verið uppi um öfgar þessarar íþróttar og að þær séu ekki hollar líkamanum. Hvaða skoðun hefur þú á því?** Ég held að það geti verið öfgar í öllu sporti, sama hvert það er.

Mér finnst alltof margar stelpur fara út í það að keppa og vita ekki alveg hvað þessu fylgir – bæði er fyrirvarinn alltof stuttur grunnurinn enginn. Svo fara þær að æfa sex til tólf sinnum í viku eða oftar eins og atvinnumenn, skilja svo ekkert í því að þær bæta á sig því þær fara bara í gömlu rútínuna sína strax aftur. Þetta er engan veginn búið eftir mót. Það er ekki hægt að leggjast í leti og sætindi. Til að gera þetta rétt þarf að trappa líkamann aftur upp hægt og rólega. Þetta er meira lífsstíll sem ég hef valið mér að lifa eftir en ekki bara tímabil sem ég vil vera flott á í einn dag.

**Hvernig líður þér bæði andlega og líkamlega eftir mót – kemur niðursveifla eins og oft er talað um?** Já, ég vil alveg að fólk viti það að þetta er alls ekki fyrir alla, það koma sveiflur eftir mót, en ég er auðvitað búin að læra á mig og veit að þetta er bara í hausnum á mér og er hætt að pæla í því. Ég reyni bara að undirbúa hugann þeim mun betur áður en það gerist. Og er ég það dugleg að halda mér í formi allt árið og búin að gera þetta að lífsstíl svo það er miklu minni sveifla núna en áður. En fólk verður að átta sig á því að formið sem það sér á keppendum upp á sviði er ekki eðlilegt dagsform þar sem keppendur eru kannski ekki búnir að drekka neinn vökva þann dag og búnir að bera lit og olíu á sig til að ýkja allar línur og pumpa allt upp. Svo við erum ekki alveg svona alla daga.

**Hvernig hagar þú þér eftir mót, leyfirðu þér að borða allt sem þig langar í eða eru þetta lítil skref til eðlilegs lífs aftur?** Ég hef alltaf fengið mér góða máltíð og nammi eftir mót, kannski líka smávegis daginn eftir. En ég reyni svo eftir það að fara aftur í sama fæði og ég var í meðan ég var í köttinu og trappa mig hægt upp og bæti inn stærri nammidögum til að byrja með. En ég verð svo að viðurkenna að ég er algjör matarsælkeri og elska að gera vel við mig með góðum mat og baka kökur.

**Hver eru næstu skref/markmið þín?** Slaka vel á í sumar og þjálfa aðra kroppa. Svo ætla ég að sjálfsögðu að halda áfram að bæta mig og búa mig undir að gera betur næst en það er ekkert ákveðið hvar og hvenær það verður.

**Stundarðu nám eða vinnu samhliða íþróttinni eða er þetta full vinna?** Ég vinn sem einkaþjálfari í World Class Laugum og er einnig með fjarþjálfun.

**Hefurðu góðan stuðning frá fjölskyldunni?** Já, fjölskyldan mín styður mig 100% í öllu sem ég geri og er svo stolt af mér. Og kærastinn minn á heiðursverðlaun skilin fyrir þolinmæðina í kringum þetta allt saman.

**Nú hlýtur að vera kostnaðarsamt að taka þátt í mótum af þessum toga, gengur vel að afla styrkja?** Já, þetta kostar allt sitt og er í raun mjög dýrt sport. En ég er komin með svo marga góða styrktaraðila núna að þetta er orðið mun auðveldara. Fæ öll mín fæðubótarefni frá Core.is/QNT í Skeifunni, fæ mat á Nings, fisk frá Hafinu fiskverslun, keppnislit fæ ég frá Jan tana Íslandi, ljósakort frá Stjörnusól, förðunarvörur frá Youngblood.is. Aðrir styrktaraðilar eru svo Choke.is, Bíla- og réttingaverkstæði Auðuns og Cintamani.

**Hvaða ráð hefurðu handa ungum konum sem hafa áhuga á íþróttinni?** Ég ráðlegg engum að keppa strax nema þær hafi ágætan íþróttagrunn að baki og gefi sér svo að minnsta kosti ár í að búa sig undir svona keppni. Þær gætu gert það á styttri tíma ef þær hafa verið að lyfta stíft áður, en þetta er meira fyrir þær sem eru búnar að vera í formi í einhvern tíma og hoppa ekki út í þetta nema vita hvað tekur við eftir keppni. Það er líka mjög óhollt að rokka hratt upp og niður með fituprósentuna. Þetta getur allt verið skemmtilegt ef rétt er farið að en einnig mjög erfitt og þá sérstaklega andlega fyrir marga. Og enginn ætti að fara út í þetta nema með þjálfara.

**Eitthvað að lokum?** Það sem ég hef verið að stimpla inn í mig seinustu ár er að „believe“ – trúa á sjálfa mig! Bættur lífsstíll – betri líðan.



# MIKLU MEIRI HOLLUSTA

*Láttu skynsemina ráða og byrjaðu daginn á bragðgóðum og hollari morgunverði.*

50% heilkorna

Færri kalóríur

Mikilvæg næringarefni

41% minna af sykri en í sambærilegum heilsukornflögum

Græna Skráargatið hjálpar þér að velja hollasta kostinn

Meira af trefjum




Í græna Skráargatinu er lykillinn að hollara mataræði. Merkið var fyrst tekið upp í Svíþjóð árið 1989 og hefur síðan öðlast sess sem norræna hollustumerkið, nú síðast á Íslandi. Vörur merktar Skráargatinu uppfylla strangar kröfur um hollustu. Þess vegna er Fitness merkt með Skráargatinu.

ÍSLENSKA SIA.IS NAT 59285 04.2012



HAMINGJUHORNIÐ

Heiðar Jónsson

## NÝTUR ÞESS AÐ VERA AFI

**Hvað gerir þú til að tæma hugann eftir erfiða vinnuviku?**

Hlusta, eða horfi á óperu. Fer og hitti afastrákinn minn. Tala við börnin mín og afastelpuna í Ameríku.

**Hvernig hleður þú batteríin?**

Með því að fara í sveitina ef tíminn leyfir. Annars fer ég bara í labbitúr hér í nágrenninu og sundsprettur svíkur mig yfirleitt ekki.

**Hugleiðir þú eða notar þú aðrar aðferðir til að rækta hugann?**

Bið bænirnar mínar og dett inn í mína uppáhaldshugleiðslu sem tengist ömmu Stefaníu og barnæskunni.

Amma Stefanía laggði (hennar stafsetning) sig, utan í Helguhól, við Krossa, ef veður var gott. Þar komst hún í gott samband við vinkonu sína. Hún heitir Helga og er álfkona sem býr í hólnum. Ég vildi vera hjá henni en var oft óvær (alltaf verið ofvirkur)! Þá saggði hún mér (aftur hennar stafsetning) að fara úr skóm og sokkum og vaða út í mórauðu mýrina og láta hlýjuna í járnblönduðu mórauðu mýrarvatninu róa mig. Svo kom ég rór og sæll og laggði (eins og áður) mig í handarkrikann hennar. Viss um að hún habbði (aftur eins og áður) ekki ögmund um að rótarstöðin okkar er mórauð.

Þegar ég er sorgmæddur, er kalt á tánum eða get ekki sofnað, flýg ég á vængjum hugans yfir Faxaflóann. Leggst svo í fang ömmu og læt hana senda mig út í volgruna.

Þessi minning og hugleiðsla læknar öll mín sár!





MYNDIR/EINKASÖFN



# SÆTAR Í SUMARSKAPI

## LOVÍSA ÁRNADÓTTIR

fjölmiðlakona

**Hvað á að gera í sumarfríinu?**

„Ég er nýkomin úr dásamlegu og rómantísku fríi á Ítalíu, þar sem við unnusti minn ráfuðum um litlar þröngar götur í þorpinu Mattinata, borðuðum geggjaðan mat og böðuðum okkur í túrkísbláum sjó. Svo ætla ég að nota afganginn í frí með syninum, tveggja ára, í júlí. Ég hlakka mikið til.“

**Nú fórstu út með Eurovision-hópnum til Bakú. Hvað fannst þér um sænska sigurvegarann?**

„Loreen var jarðbundin, sjálfsörugg og ein fallegasta kona sem ég hef hitt. Hrikalega flott týpa. Svo var hún áhugasöm um Ísland og spurði margra spurninga um landið og tungumálið.“

## DILJÁ ÁMUNDADÓTTIR

varaborgarfulltrúi Besta flokksins

**Sumarið fram undan?**

„Ég seldi íbúðina mína og hætti í vinnunni með nokkurra daga millibili um daginn og ætla í smá reisu sem vill svo til að nær hringinn í kringum heiminn – þó að ég komi ekki við í öllum álfunum. Ég fer af stað í byrjun ágúst en áður en ég legg í hann ætla ég að ganga með fjölskyldunni í náttúrufegurðinni á Hornströndum, fljúga um loftin blá í svifvængjaflugi (paragliding) og vera eins mikið í íslenskum sundlaugum og ég get.

Áætluð sumarleyfislok 2012 er rétt fyrir jólin, en svo veit maður aldrei.“

## KATRÍN BRYNJA HERMANNSDÓTTIR

flugfreyja, blaðamaður og Lottóþula

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?**

„Fyrir utan að vinna í einni skemmtilegustu vinnu í heimi þar sem maður hittir ógrynni af frábæru fólki þá lengist „bucket-listinn“ fyrir sumarið mjög hratt. Þar er sjósund efst á listanum og við Kolla vinkona ætlum að láta verða af því. Svo stefni ég á 10 kílómetra í ágúst (guð minn góður!).

Og svo væri tær snilld ef reyndur fallhlífastökkvari væri til í að taka mig með sér í stökk en mér skilst að það sé eitthvað ólýsanlega magnað. Inn á milli eru molarnir mínir númer eitt, eins og alltaf.“




AUGLÝSING: PRODERM KYNNIR

# PRODERM-SÓLARVÖRN REYNIST BEST

**Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona er stödd í Canet í S-Frakklandi þar sem hún æfir og keppir ásamt sex öðrum Íslendingum. Ragnheiður hefur valið að nota Proderm-sólarvörn til að verja sig gegn sterkri sólinni.**

„Proderm-sólarvörn er hægt að nota jafnt á líkamann sem andlitið sem ég tel góðan kost. Hún hentar öllum húðgerðum, jafnt börnum sem fullorðnum. Fjölskylda mín er mikið í golfi og notar eingöngu Proderm,“ segir Ragnheiður og bætir því við að hún noti vörn númer 20 og verði fallega brún án þess að brenna.“

Proderm er sænsk uppfinning og þróuð fyrir norræna húð. Ragnheiður segir að Proderm After Sun hafi sömuleiðis reynst henni afskaplega vel. „Ég hef einnig notað AstaZan til að styrkja húðina en þegar maður er mikið í vatni er nauðsynlegt að hugsa vel um hana. Ég get hiklaust mælt með Proderm-sólarvörninni.“

Ragnheiður veit ekki enn hvort hún verður meðal keppenda á Ólympíuleikunum en það er að sjálfsögðu markmið hennar. „Æfingar undanfarið hafa miðað að þátttöku en keppendalistar verða birtir um næstu mánaðamót,“ segir Ragnheiður sem var á leið til Mónakó til frekari æfinga en hún hefur æft sund frá sex ára aldri.




**PRODERM**
Er gott á allan líkamann, andlit og varir. Hentar öllum aldri, börnum og fullorðnum. Drjúg og endingargóð. Prófun sýnir að 150 ml af Proderm-froðu er helmingi drýgra en sólkrem. Bakteríuheldar umbúðir. Bindur vel raka í húðinni og ekki gleyma að nota á varirnar.

**AFTER SUN - BEST I TEST**
Prófuð voru 5 þekkt vörumerki í sænska Aftonbladet. Proderm After Sun reyndist „Best í Test“ og fékk hæstu einkunn, 5 stjörnur.



„Ég hef reynt margar tegundir af sólarvörn en **Proderm** hefur reynst mér langbest. Hún endist vel í vatni og maður verður ekki klístraður af henni,“ segir Ragnheiður.

## PRODERM-SÓLARVÖRN

### KEMUR VEL ÚT ÚR PRÓFUM

Óháðir og viðurkenndir sérfræðingar í gæðaprófunum á vörum prófuðu níu þekkt og vinsæl sólarmerki í Svíþjóð í heilt ár. Sólarvörnin var prófuð við ólíkar aðstæður: á strönd, í sjónum, við klettaklifur og í sandroki. Niðurstaðan var að Proderm reyndist besta sólvörnin. www.bäst-i-test.se

### EKKERT KLÍSTUR

Sérlega þægilegt er að bera á sig sólarvörnina, enginn glans eða klístur. Vörnin rennur ekki af húðinni í hita. Þolir sund í sjó og þurrkun með handklæði. Húðvörnin er lofuð af íþróttafólki sem og fólki með viðkvæma húð, þar á meðal rauðhærðum.

### LÍKA FYRIR ANDLIT OG VARIR

Meðmæli húðlækna fyrir allar húðgerðir: kemur í veg fyrir sólarexem og sólarofnæmi. Einkaleyfisverndað, þróað fyrir viðkvæma norræna húð.

### PRODERM AFTER SUN

Gefur langvarandi kælingu á hitaroða í húð og lagar fljótt sviða og ertingu. Mjúkt og ilmefnalaust. Fær lofsamlega dóma og ummæli fyrir góða kælingu. Hægt að setja farða strax yfir.

Dregur fljótt og vel úr sviða og hitaroða í húðinni, kælir vel og lengi og húðin fær jafnan fínan húðlit. Nærir húðina með hydrofil-lipid og bindur raka svo húðin verður mjúk en án fituáferðar og viðheldur sólbrúnum húðlit lengur. Skilur enga flekki eftir í fatnaði. Ekkert klístur, enginn glans og hægt að setja allan farða strax yfir. Endingardrjúgt því froðan margfaldast að rúmmáli. Frískandi kamilla og aloe vera. Án ilms og parabens.

› Sjá nánar á visir.is/lifid

Lífið

HELGARMATURINN

# ÁSTIN BLÓMSTRAR HJÁ HRAFNHILDI OG BUBBA



„Blóma- og ávaxtabrúðkaup í dag. Búin að vera gift ástinni minni í fjögur ár," sagði Hrafnhildur Hafsteinsdóttir, verkefnastjóri MBA Í Háskólanum í Reykjavík, á samskiptavefnum Facebook í gær.

Það virðist ríkja mikil hamingja við Meðalfellsvatnið um þessar mundir þar sem þau hjónin búa enda margar ástæður til, en eins og þjóðin veit eignuðust þau Bubbi og Hrafnhildur dóttur á dögunum. Fjölskyldan hefur því í nógu að snúast en Bubbi er einnig að fara af stað með nýja sjónvarpsþætti sem fara í loftið í haust á Stöð 2.



## Ragnheiður Elín Árnadóttir

**Sumarið er komið á mínu heimili þegar þessi réttur er dreginn fram. Ég rakst á hrísgrjónasalatsuppskriftina að mig minnir í Gestgjafanum fyrir mörgum árum en kjúklingurinn er eigin „uppfinning". Þennan rétt má gera fyrirfram og hentar því mjög vel í mannmargar sumarveislur á pallinum.**

### Sumarstemning á pallinum

**Kjúklingaleggir og hrísgrjónasalat**

**Kjúklingur**
Kjúklingaleggir
Ítalskt pastakrydd frá Pottagöldrum
Rósmarín frá Pottagöldrum
Garlic & Parsley Salt frá McCormic
Svartur pipar
Ólífuolía

Kjúklingurinn þerraður og penslaður létt með ólífuolíu. Kryddaður ríflega með ofangreindu kryddi. Grillaður þar til dökkur og stökkur.

**Hrísgrjónasalat**
2 pokar hrísgrjón
1 búnt vorlaukur, græni parturinn skorinn smátt
1 krukka grænt pestó
sólþurrkaðir tómatar (þerraðir)
maísbaunir
fetaostur í olíu (olían sigtuð frá)



Hrísgrjónin soðin og kæld. Sett í stóra skál. Pestói blandað út í fyrst og síðan öðru koll af kolli.

Ég set salatið alltaf í stóra, víða hringlaga skál og raða kjúklingaleggjunum fallega á salatið. Þetta getur ýmist verið fyrir standandi partý eða sitjandi matarboð. Passa bara upp á að hafa nóg af servíettum því það er bara stemning í því að borða leggina með fingrunum! Kalt og gott hvítvín með og allir eru kátir!

**Verði ykkur að góðu.**








Sumartilboð

TILBOÐIN GILDA ÚT JÚNÍ

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

EJ 220
Verð áður: 630.000.-
Tilboð frá:
398.000,-*
Hægt að fá 2ja og 3ja sæta



*2 sæta með Corvina áklæði



## 2 milljónir +



F-150 árg.2004 ek.76þ. km. 4 tommu Rancho hækkun tölvuk. breyttur fyrir Camper sem getur selst með. Einn sá besti sem er til KR 2.5 m. Ath. skipti á dýrari. Sími 8982189.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Óska eftir gömlum amerískum jeppa eða amerískum fólksbíl fyrir 50 þ. Uppl. í s. 867-9392

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

## Húsbílar






Ford atf55s3 Árg. 2006 Verð er 5.990.000. aukahlutir sem fylgja eru hjólagrind, sjónvarp, sjónvarpsloftnet, sólarsella útvarp. bíllinn er hjá Seglagerðinni Ægi S. 511 2200.

## Mótorhjól



Yamaha Wildstar 1600 árgerð 2004 til sölu, ekið 21.000. Afskaplega fallegt tvílitt hjól og vel viðhaldið. Listaverð 1.190þ. Ekkert ákv. Aðeins bein sala. Upplýsingar í síma 660 8000.



Harley Davidson Sportster árg. 2001, ekið 7500 mílur. Verð 1.100 þús. Möguleiki á að taka bíl/sendibíl upp í kaupverð. S:822 0311.

## Vespur

Til sölu Götuskráð vespa ek.38km hjálmur og hleðslutæki fylgir. Verð 150þús. s.6943202.




GÖTUSKRÁÐAR VESPUR Á TILBOÐI. 199.999.- NOKKRIR LITIR Í BOÐI. HAGKAUP SMÁRALIND 5635000.

## Fjórhjól



**Flott hjól!!!!**

Honda TRX 450cc Raptor árg. 2008 ekið ca. 39 klst flott hjól og vel með farið góð dekk verð 790.000- tilboð óskast engin skipti uppl. í síma 8658112.

## Kerrur




Tilboð á kerrum stærð 205 x 110cmTilboð 135þ.kr m/vsk. Topplausnir ehf Smiðjuvegi 40 s:517-7718 www.topplausnir.is

## Hjólhýsi



Hymer Eriba Nova 680GL árg. 2008 (tekið í notkun 2009) Glæsilegt kojuhús með öllum búnaði. Sjón er sögu ríkari. Flott verð kr. 4.490.000 stgr. Sími: 898-3420.

## Fellihýsi



Aliner 2005, nýlegt fortjald og WC sólarsella, vel með farið. Verð 1800þ. eða tilboð. S:863 7287.



**Tilboð 700 þús!**

Palomino Yerling árg. 2000 11 fet skoðað 2013 fortjald með dúk, gasmiðstöð, ísskápur, 2 gaskútar, grjótgrind, 2 sólarsellur, 12/220 rafmagn. Tilboð 700 þús. Uppl. s. 861 7600.



Til sölu 9 feta Viking. Árg. '00, ný dekk og nýtt fortjald. V. 650 þ. Tilboð 530 stgr. S. 776 9870.

Coleman Santa Fe 10f. árg'08. Mjög vel farið. Aukabúnaður. 220w. 12volt. Sólarsella, nýr rafgeymir, gaskútur fylgir. Tilboð óskast. Uppl í s. 896 5613.

## Pallhýsi



**Travel Lite Pallhýsi**

Henta á flestar gerðir pallbíla. Einnig hægt að hafa hestakerru eða bátinn með. Sýningarhús eru á Akureyri, og Oddagötu 8, Reykjavík Ferðapallhýsi ehf. s. 663 4646.



Shadow Cruiser Camper árg. 2006 8 fet. Ísskápur, frystir,ferðaklóssett, CD útvarp. Sem nýr. KR 1.5 m. Sími 8982189.



**Ford F350 og Pallhús frá Maverick**

**Ford F350 Lariat 4x4. Árgerð 2005. Ekinn 36.000 mílur. Flottur bíll. Verð 3.190.000 + vsk.**

**Pallhús, Maverick 6601. Árgerð 2009 Miðstöð, eldavél, úrvals ísskpáur, vatnshitari, sólarsella, WC og sturta. Verð 2.190.000**

**Upplýsingar: Bílás, Akranesi. Símar 431-2622 og 863-2622**

## Bátar



Færeyingur, lengd 7.33 m. Bukh disel vél. Smíðaður 1981. Hægt að gera kláran fyrir strandveiðar. Nánari upplýsingar í síma 860-5214.




## Varahlutir







Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

**AB - PÚST**

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26 Bleik gata. S 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja






















Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

**Garðsláttur**

Fyrir einstaklinga og húsfélög. Vönduð vinna, gott verð! Sími 662 6873.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Geysilega öflugur bókari getur bætt við sig verkefnum. Bókhald, laun, ársreikningar, framtöl fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Gott verð. S. 772 5533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarar**

Löggildur málari. Getum bætt við okkur verkefnum. S. 696 2748 / 698 4004 / loggildurmalari@gmail.com

RS. Málingaþjónusta getur bætt við sig verkefnum. Föst verðtilboð eða tímavinna. Uppl.gefur Stefán S: 7702117 / Róbert S: 6595041

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**

20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

**Málningarþjónusta Suðurlands**

Málarar geta bætt við sig verkefnum. Lægra verð. S. 779 0900

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**

Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is







**MALBIKSVIÐGERÐIR**

Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun

**Smiðurinn góði**

Alhliða smíðaþjónusta tilboð/tímavinna verk stór sem smá, inni sem úti. Óli s. 698 9608

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Tölvur




## Spádómar

**Spásími 908 7000**

Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið frá 13-23. S. 863 1987 visa/euro.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Eigum úval af Rafskuttlum og Rafmagns golfhjólum á góðu verði Verð frá aðeins 250.000 H-Berg ehf. Grandatröð 2 Hafnarfirði Sími 565-6500 www.hberg.is



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag.

Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavéla. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Gervihnattadiskur til sölu með tilheyrandi. áhugasamir hafið samband í S.8633295

Heilsurúm til sölu, lítið notað, stærð 120 * 200. S:822 0311.

Til sölu 2 söluturnar, annar í Hólahverfi og hinn í Hraunbæ, seljast saman eða í sitt hvoru lagi. Möguleiki á að taka bíl/sendibíl upp í kaupverð. Áhugasamir hafi samband í síma :822 0311.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Ýmislegt til húsbygginga. Vantar glugga, timbur/plast, einangrunarull, 23x120 borð, stallastál, þakpappa, nagla og ýmislegt fl. S. 660-6707

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

**bathmate**
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
*Pantana & upplýsingasími*
**849 0698**
**www.bathmate.is**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Gott nudd**
Bíð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. S. 894 4817.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

**Bílskúrssala**
Antik Eikar borðstofuborð m. ljónslöppum, 6 stólar Eik, lítið 60's sófasett, útsaumaður rococo stóll, manual sjóbrinavél + fleira vegna flutnings. Starhólmi 18 kóp milli 17-20, föstud. 08.06.12

## Dýrahald



Hestaklippur á tilboðið. Verð frá 29.000,- m.vsk. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-17.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Veiðileyfi**

**Veiðileyfi í Kaldá í júlí og ágúst. Aðeins er veitt í 3 daga í viku mánudaga- miðvikudaga og föstudaga. Ein stöng er leyfð frá Ármótahyl til sjávar. Bæði lax og sjóbirtingur er í ánni og er leyfð dagsveiði 6 fiskar.**

**Leyfilegt agn: maðkur og fluga.**

**Verð pr. dag kr. 30.000**

**Þessi á er aðeins 107km frá Reykjavík og 37km frá Borgarnesi. Er í landi Snorrastaða á sunnanverðu Snæfellnesi en m.a. er Eldborg þar. Frekari uppl. í s. 553 2438 og 862 5446**

## Hestamennska




Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



Safamýri, vel skipulögð og snyrtileg 4ra herb. 112,6 fm. íbúð á 4 hæð (efstu) til leigu á 180.þ. Laus strax. Mjög góð staðsetning við opið svæði. Stutt í leikskóla og skóla. Fallegt útsýni. Stórt þvottahús er í kjallara ásamt sér geymslu fyrir íbúðina. Leigist aðeins reyklausu og reglusömu fólki. Gæludýr ekki leyfð. Langtímaleiga. Meðmæli óskast. hebra@simnet.is

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Til leigu**
109 fm, 4ja herb. íbúð á jarðhæð að Lindarsmára í Kópavogi. Leiga 160 þús.pr mán. Upplýsingar sendist á: thjonusta@365.is merkt „íbúð"

**SKAMMTÍMA LEIGA**
85fm raðhúsaíbúð til leigu í kópavoginu í sumar, leiga 120þús með öllu. uppl í s. 659 0879.

**Hæð í Austurbæ**
4. herb. vönduð hæð til leigu í Austurbæ. laus í ágúst. áhugasamir sendið póst á sifj02@gmail.com.

## Húsnæði óskast

Hjón með tvö börn óska eftir íbúð/hæð/húsi til langtímaleigu helst í Norðlingaholti en allt annað kemur til greina. Erum reglusöm, skilvís og reykjum hvorug. Uppl í síma 8210118.

Erlent par með 7 mánaða gamallt barn óska eftir 2-3. herb. íbúð frá 1.júlí. s. 553 0520 eða 697 9582.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kaffihornið í BYKO Breidd.**

**Vantar hressan og duglegan starfsmann í sumarafleysingar. Starfið felur í sér eldamennsku, pantanir á vörum, afgreiðslu, frágang og annað sem til fellur.**

**Hægt er að sækja um starfið á www.byko.is**

**Ræstingar - Keflavík**
Ræstingaþjónustan sf auglýsir laust hlutastarf við ræstingar á dagvinnutíma í Keflavík. Íslensku- eða góð enskukunnátta og hreint sakavottorð skilyrði fyrir ráðningu. Umsóknir berist á umsokn@rth.is

Skipstjóri óskast á farþegabát sem starfar í hvalaskoðunar og skemmtisiglingum. Gerir út frá Reykjavíkurhöfn. Upplýsingar í síma: 892 0099.

**Móttaka gesta - næturvörður**
Íbúðar hótel í miðborg reykjavíkur óskar eftir að ráða næturvörð í móttöku, um er að ræða framtíðarstarf, hugsanlega sumarstarf. vinsamlegast sendið umsóknir til mottaka@apartmentk.is

**Starfsmaður óskast**
Óskum eftir starfsmanni í fullt starf. Vinnan fellst í sér afgreiðslu á varahlutum tengdum vélum ofl. Umsóknir sendist á umsokn83@gmail.com

SKALLI Ögurhvarfi óskar eftir starfsfólki í fullt og hlutastarf, skilyrði íslenskukunnátta, snyrtimennska og kurteisi. Tekið er við umsóknum á staðnum. Fös (13 - 17), laug og sun.

Óskum eftir vönum sölumanni hjá bifreidum.is í sölu á notuðum bifreiðum og tækjum. Áhugasamir sendið upplýsingar á hogni@bifreidar.is

**Smiður á Grænlandi**
Vanan smið vantar til starfa í 2 mánuði í suður Grænlandi. Þarf að geta byrjað fljótlega. Mikil vinna, góð laun. Frekari uppl. í s. 00298505133 eftir kl. 16 eða á hah@kallnet.fo

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynl.sögur**
**905-2002 • 535-9930**
**Símadömur ○ live spjall**
**908-6000 • 535-9999**

**Tilbreyting? Ævintýri?**
Konur sem vilja kynnast körlum strax nota Rauða Torgið. Það er frítt. Sími 555-4321.

**KK um fimmtugt**
vill kynnast karlmanni með leiki í huga. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8690.

**Dökk kona óskast**
Kona leitar að dökkri konu, líklega til að byggja þríhyrning. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8484

**Fáguð kona**
Ríflega fertug kona með fágaða rödd leitar tilbreytingar með karlmann yfir fimmtugt. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8282.

**45 ára grannur KK**
leitar kynna við KK. Þarf helst að hafa aðstöðu. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8513.

## Fundir / Mannfagnaður

**Aðalfundur SÁÁ**
verður haldinn föstudaginn 15. júní kl. 15:00 í Von, Efstaleiti 7.

**Dagskrá fundarins er:**
- Skýrsla stjórnar
- Reikningar samtakanna lagðir fram
- Lagabreytingar
- Kosning í stjórn
- Önnur mál

Upplýsingar um lagabreytingar verða aðgengilegar á vef samtakanna www.saa.is frá og með þriðjudeginum 12. júní.

## Fasteignir

**BYLGJAN 25 ÁRA 989**

**Heimir & Kolla**
**vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar



**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is**
**www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Mávanes- Garðabæ



**Glæsilegt einbýlishús á sunnanverðu Arnarnesi.** Vandað og vel skipulagt 312,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað á sunnanverðu Arnarnesinu. Húsið er mjög fallegt „funkis" hús með kopar þakkanti og gólfsíðum gluggum að hluta. Útsýni til sjávar er á milli húsa, úr stofum. Eignin skiptist m.a. í samliggjandi glæsilegar og stórar stofur með útgangi á stóra og skjólgóða verönd til suðurs, eldhús með fallegum innréttingum og 6 svefnherbergi. Tvö baðherbergi eru í húsinu auk gestasalernis. Húsið er nýlega málað að utan og í góðu ástandi. Stór, ræktuð og skjólsæl lóð með miklum veröndum og stéttum. Hiti er í innkeyrslu og göngustígum við húsið. Tvöfaldur bílskúr. Auk 312 fermetra íbúðarrýmis hússins eru 125 fm. óinnréttaðir í kjallara, en með gluggum. **Tilboð óskast**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. hæð, 6. frá, 8. mánuður, 9. fax, 11. umhverfis, 12. bæ, 14. drykkjarílát, 16. málmur, 17. vafi, 18. blástur, 20. persónufornafn, 21. einsöngur.

**LÓÐRÉTT**
1. afkvæmi, 3. hljóm, 4. reiðufé, 5. festing, 7. litur, 10. neitun, 13. atvikast, 15. göngulag, 16. kerald, 19. ætíð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. höll, 6. af, 8. maí, 9. mön, 11. um, 12. bless, 14. bikar, 16. ál, 17. efi, 18. más, 20. ég, 21. aría.
**LÓÐRÉTT:** 1. lamb, 3. óm, 4. lausafé, 5. lím, 7. fölblár, 10. nei, 13. ske, 15. rígs, 16. áma, 19. sí.




# Þeir fiska ekki sem kóa

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**

Einu sinni vann ég á stað þar sem yfirmaðurinn var tuddi. Við erum að tala um hreinræktaðan búra, sem hafði fyrir framast langt umfram hæfileika, menntun og getu í skjóli ættartengsla. Eins og títt er með þessar manngerðir var okkar maður jafnan að drepast úr minnimáttarkennd og hafði horn í síðu þeirra sem stóðu honum framar á einhverju sviði, til dæmis þá sem kunnu á tölvu eða skildu ensku. Mest fóru þó í taugarnar á honum þeir sem sýndu frumkvæði og höfðu hugmyndir sem voru á skjön við hans um hvernig hlutirnir ættu að ganga fyrir sig. Þá fyrst fannst honum valdi sínu ógnað og fjandinn varð laus.



**AÐ** hætti eineltisbola með svipu og titil gætti maðurinn sín á því að láta ekki jafnt yfir alla ganga heldur sigtaði suma út til að pönkast á meðan aðrir voru í náðinni. Mér er sérstaklega minnisstætt atvik þar sem hann hellti sér yfir samstarfskonu okkar, út af tittlingaskít sem hún bar ekki einu sinni ábyrgð á. Að horfa á aðfarirnar í gegnum glervegginn á skrifstofunni hans var eins og sjá manneskju fasta í búri með mannýgri górillu. Samt sagði maður ekki neitt. Við vorum meðvirk.

**FÆST** okkar sem þurftum að afplána vinnudaginn undir stjórn þessa manns báru virðingu fyrir honum, sum okkar voru beinlínis hrædd við hann, enda hafði hann lifibrauð fólks í hendi sér. Með því að deila og drottna kom hann í veg fyrir að það myndaðist víðtæk andstaða gegn sér og maður varð dauðhræddur við að svara fyrir sig af ótta við enda atvinnulaus.

**ÞAÐ** fylgdi því mikill léttir þegar sauðnautið fékk loksins boð yfir á það sem það taldi grænni gresjur og hvarf af sínum pósti. Allt í einu varð aftur gaman að mæta í vinnuna, og minningin um bolann varð fóður í gamansögur sagðar honum til háðungar. Því miður rann það ekki upp fyrir mér fyrr en eftir að hann var hættur að það var aldrei ástæða til óttast hann. Í fyrsta lagi var hann allur í kjaftinum og hefði hann í öðru lagi rekið mig hefði mér hvort eð er lagst eitthvað annað til.

**HÁTTALAG** útvegsmanna undanfarið minnir mig á þennan mann; þessi ófyrirleitni áróður um að þeir sem vilja hrófla við kvótakerfinu séu veruleikafirrtir hatursmenn einhverrar óskilgreindar landsbyggðar og vilji svipta hana brauðmolunum sem hrökkvi af allsnægtarborði útgerðarinnar. Þegar þessir menn auglýsa að það verði „aldrei sátt án samstarfs“ meina þeir: Gerið eins og við segjum og haldið kjafti! Að sundra og hræða, þetta er aðferðafræði tuddans. Hvort hún virkar er hins vegar undir sjálfum okkur komið.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Panasonic**
ideas for life




**Nýju Smart VIERA sjónvörpin. Með einfaldri fingrastroku á Smart síma eða spjaldtölvu má senda ljósmyndir, hreyfimyndir og uppáhalds efni af internetinu á stóran skjá og deila með öðrum í yfirburða myndgæðum.**

Gerðu alla upplifun á afþreyingu ógleymanlega með Smart VIERA sjónvarpinu. Halaðu niður Remote App viðmótinu og með einföldum fingrastrokum geturðu sent ljósmyndir, hreyfimyndir og efni af vefnum af snjallsímanum eða spjaldtölvunni beint yfir á sjónvarpið. Veldu Panasonic Smart VIERA sjónvarpið og njóttu afþreyingar á alveg nýjan hátt. Góð hugmynd frá Panasonic.

SMART VIERA

**PANASONIC SJÓNVÖRP Á EM TILBOÐI - Lítið við eða skoðið úrvalið á sm.is**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

**Panasonic** ideas for life

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

Mitt kort

## ALLIR DAGAR ÁRSINS EIGA AÐ VERA

# SKEMMTILEGIR...

## ÞÚ HEFUR ÞETTA ALLT Í HENDI ÞÉR

30%

SÉR TILBOÐ

20%

999 kr.

25%

20%

!

25%




HRINGTORG
&Kortið

Hringtorg veitir korthöfum Kortsins afslátt hjá fjölda fyrirtækja um allt land. Þessi dæmi eru aðeins brot af því sem er í boði. Upplýsingar um samstarfs-fyrirtæki Hringtorgs má finna í Hringtorgsappinu eða á www.hringtorg.is

Fríðindi | Viðburðir | Bíó | Flug | Matvara



## Tónleikar með John Grant

Korthafar fá 30% afslátt af miðum á tónleika John Grant í Háskólabíó fimmtudaginn 19. júlí nk. Afsláttur reiknast sjálfkrafa þegar greitt er með **Kortinu** á midi.is

## World Class

Mánaðaraðgangur í Baðstofuna Laugum fylgir frítt með kaupum á þriggja mánaða sumarkorti í World Class. Athugið að aðganginn að baðstofunni verður að nýta innan gildistíma sumarkortsins.




## Te og kaffi

Korthafar fá Oreo Frappó með 20% afslætti á Te og kaffi.
Njóttu svalandi kaffidrykkjar með Oreo bragði í sumar!




TE & KAFFI

## Serrano

Korthafar fá Kjúklinga feta Burrito og ískaldan Kristal á aðeins 999 krónur.



serrano

## Bræðslan

Korthafar fá 25% afslátt af miðum á tónlistarveisluna Bræðsluna sem verður haldin á Borgarfirði eystri 26. – 29. júlí nk.
Afsláttur reiknast sjálfkrafa þegar greitt er með **Kortinu** á midi.is

BRÆÐSLAN 2012

## Domino's

Korthafar fá 20% afslátt af öllu á matseðli ef pantað er á dominos.is.
Til að afsláttur virki þarf að nálgast kóða í Hringtorgsappinu undir Domino's.




## London á 26.900

Fram og til baka með sköttum og gjöldum. Fyrstir koma fyrstir fá, takmarkað magn sæta. Vinsamlegast hafið samband við söluskrifstofu Iceland Express í síma 560 0600.




## Úrilla Górillan

Korthafar fá 25% afslátt af matseðli í allt sumar.
Nú er hægt að velja um tvo staði, Stórhöfða og Austurstræti.




úrilla górillan

Sækja fyrir Android

Sækja fyrir iPhone

Arion banki

# menning

menning@frettabladid.is



**ÁTTUNDA OG NÍUNDA SINFÓNÍA BEETHOVENS** verða fluttar í kvöld af Sinfóníuhljómsveit Íslands og Móttettukór Hallgrímskirkju. Stjórnandi er Hanne Lintu. Þar með er Beethoven-hring Sinfóníunnar lokað.

## Guðrún Nielsen í SÍM

Guðrún Nielsen skúlptúrlistakona er listamaður júnímánaðar í SÍM-húsinu í Hafnarstræti í júní. Í tilefni af því verður sýning á verkum Guðrúnar opnuð í húsinu klukkan 15 á laugardag.

Á sýningunni eru ljósmyndir og módel af verkum sem flest hafa verið sett upp á erlendri grund á árunum 1992 til 2012. Einnig sýnir Guðrún hluta af nýju verki sem kemur beint af sýningu alþjóðlegra skúlptúrlistamanna í Svíþjóð. Það er skúlptúr, vídeó og hljóðverk, „Borrowed View 231“ sem tilheyrir Japönsku tehúsaseríunni frá 2005. Verkið samanstendur af tvö hundruð þrjátíu og einum geometrískum skúlptúr, jafnmörgum textuðum vatnslitateikningum og plexígleri.



**ÞJÓÐMINJASAFN** Sigurjón Pétursson og Þóra Hrönn Njálsdóttir leiða gesti um sýningar sínar á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Aðventa og ferðalangar

Hjónin og áhugaljósmyndararnir Sigurjón Pétursson og Þóra Hrönn Njálsdóttir leiða gesti um ljósmyndasýningarnar Aðventa á Fjöllum og Ferðalangar á Fjöllum, sem nú standa yfir í Þjóðminjasafni Íslands, sunnudaginn 10. júní klukkan 14.

Á sýningunni Aðventa á Fjöllum getur að líta svarthvítar ljósmyndir Sigurjóns af landslaginu á Fjöllum í vetrarbúningi. Saga sæluhússins á Fjöllum, sem reist var árið 1881, er efni sýningarinnar Ferðalangar á Fjöllum.

Sigurjón og Þóra Hrönn hafa ljósmyndað vítt og breitt um Ísland sem og víða um heim, til dæmis í Grænlandi, Alaska, Bandaríkjum Norður-Ameríku, Kína, víða um Evrópu, í Líbanon og Namibíu.



**EINAR MÁR** Tók þá sem gagnrýndu hann fyrir að ráðast á frjálshyggju í Bréfi til Maríu á orðinu og hefur nú skrifað fyrstu bók af tveimur þar sem hann rekur sögu kenningarinnar með gagnrýnum augum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Örlagaborgin sem hrundi

**Örlagaborgin nefnist ný bók eftir Einar Má Jónsson sagnfræðing. Í bókinni er stiklað á stóru í „afrekasögu frjálshyggjunnar“ á 19. öld.**

„[H]agfræðin er of alvarlegt mál til að hagfræðingum einum sé fyrir henni treystandi, sagnfræðingur ætti að fá að leggja þar eitt lítið orð í belg,“ skrifar Einar Már Jónsson, prófessor í sagnfræði við Sorbonne-háskóla í Frakklandi, í Örlagaborgina – fyrri hluta verks sem hann kallar brotabrot úr afrekasögu frjálshyggjunnar. Bókin kom út í gær á vegum Ormstungu og var útgáfunni fagnað í Bókabúð Máls og menningar við Laugaveg síðdegis, þar sem Einar sagði frá tildrögum bókarinnar og las valda kafla.

„Þetta er athugun á uppruna frjálshyggjunnar, kenningarinnar og fyrsta tímabils hennar á fyrri hluta 19. aldar,“ segir Einar um Örlagaborgina. Hann hafði hugsað sér að skrifa um efnið frá því að hann gaf út greinasafnið Bréf til Maríu fyrir nokkrum árum, þar sem hann tók á nokkrum helstu álitamálum samtímans og hjólaði meðal annars í hugmyndafræði frjálshyggjunnar.

„Ég var gagnrýndur og legið á hálsi fyrir að ráðast á frjálshyggjuna án þess að skilgreina hana eða þekkja hana nógu vel. Ég hugleiddi að skrifa greinaflokk til að svara því en svo hafði ég öðrum hnöppum að hneppa og það varð ekkert úr því.“

Við hrunið fannst Einari hins vegar tilefni til að dusta rykið af hugmyndinni og gera frjálshyggjunni skil.

„Ég ætlaði að fylgja upphaflegu hugmyndinni um greinaflokk en sá fljótt að efnið myndi vaxa fljótt svo ég ákvað að skrifa sjálfstæða bók.“

Örlagaborgin er sem fyrr segir fyrri bókin af tveimur en í þeirri seinni hyggst Einar Már beina sjónum sínum að seinna tímabili frjálshyggjunnar, upp úr 1970 og fram að fjármálakreppunni 2008.

„Það tímabil er oftar en ekki kennt við nýfrjálshyggju,“ segir Einar Már. „En eins og ég kem inn á í bókinni hefur kenningin ekki breyst í meginatriðum frá því hún kom fram hjá þessum klassísku höfundum. Það er því rétt hjá þeim sem segja að það sé ekki til neitt sem heiti nýfrjálshyggja; kenningin er sú sama en stendur okkur aðeins nær í tíma.“

Einar Már dregur ekki dul á það að hann tekur afstöðu til efnisins.

„Þetta er gagnrýnin athugun. Ef frjálshyggjan er útfærð út í æsar verður hrun, því ekkert þjóðfélag stendur til lengri tíma þegar það er leyst upp í óreindir hagmenna, eða homo economicus, sem eru í raun ekki þátttakendur í samfélaginu heldur hugsa fyrst og fremst um eigin hag og að græða sem mest.“

Að mati Einars beið frjálshyggjukenningin skipbrot í hruninu en það þýði þó ekki að tími hennar sé á enda runninn.

„Kenningin hrundi gjörsamlega en frjálshyggjumennirnir eru ekki af baki dottnir; þeir hurfu ofan í holu um skeið en eru nú smám saman að stíga fram aftur. Ég vil gjarnan rita sögu frjálshyggjunnar fram að hruni en að því loknu fór af stað nýtt ferli og það sér ekki enn fyrir endann á því.“

bergsteinn@frettabladid.is

## Samsýning í Gallerí Tukt

Sýningin 10 mánuðir í Gallerí Tukt í húsakynnum Hins hússins verður opnuð á laugardaginn klukkan 15.

Á sýningunni munu nemendur sem lokið hafa fyrsta ári af tveimur við Sjónlistadeild Myndlistaskólans í Reykjavík sýna ný verk, en námið er undirbúningur í fögum er snúa að myndlist og hönnun. Deildin er tilraunakenndur vettvangur í samþættingu listnáms og bóklegra faga, og munu nemendur útskrifast að námi loknu með stúdentspróf þar sem bókleg fög eru kennd á forsendum myndlistar og hönnunar. Sjónlistadeild var stofnuð vorið 2011 og er þetta fyrsta sýning þessara nemenda.



**KRISTÍN DAGMAR**

## Leiðsögn um Sjálfstætt fólk

Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, listfræðingur og verkefnastjóri fræðslu hjá Listasafni Reykjavíkur, leiðir gesti um sýninguna „Sjálfstætt fólk“ sem stendur nú yfir í Hafnarhúsinu klukkan 15 á sunnudag.

Sýningin sem haldin var í tengslum við Listahátíð 2012 stendur yfir sumarmánuðina en Hafnarhúsið er einn helsti vettvangur samstarfsverkefnisins sem sýnt var á hinum ýmsu sýningarstöðum í Reykjavík. Verkefnið hverfist um samstarf í samtímamyndlist undir sýningarstjórn listheimspekingsins og rithöfundarins Jonatan Habib Engqvist. Meðal þátttakenda eru íslensk listamannateymi á borð við Gjörningaklúbbinn, Jónu Hlíf Halldórsdóttur og Hlyn Hallsson, hópurinn að baki Kling & Bang gallerís og Steingrímur Eyfjörð í samvinnu við Ulriku Sparre (SE).





4. ÍSLENSKA SÖGUÞINGIÐ
7.-10. júní 2012

**Evrópa í sögu og samtíð**

**Sunnudaginn 10. júní verður opið málþing í Hátíðarsal Háskóla Íslands, „Evrópa í sögu og samtíð“.**

Dagskráin er hluti Söguþings sem í ár er haldið í fjórða sinn. Saga Íslands hefur ætíð verið samofin sögu Evrópu. Frá landnámi til okkar daga hafa samskipti Íslendinga við aðrar Evrópuþjóðir verið mismikil en ætíð hafa þau þó verið mikilvæg. Á málþinginu mun valinkunnt fræðafólk fjalla um sögu Íslands og Evrópu frá ólíkum sjónarhólum. Aðgangur er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir.

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 13:00-13:40 | Ann Katherine Isaacs, University of Pisa: *Looking at Europe in Historical Perspective.* |
| 13:40-14:00 | Helgi Þorláksson, Háskóla Íslands: The Europeanization of Iceland: *Iceland and the rest of Western-Europe, 1000-1700.* |
| 14:00-14:20 | Anna Agnarsdóttir, Háskóla Íslands: *Iceland: An Isolated Outpost of Europe?* |
| 14:20-15:00 | Umræður og kaffihlé. |
| 15:00-15:20 | Guðmundur Hálfdanarson, Háskóla Íslands: *Icelanders: Reluctant Europeans.* |
| 15:20-16:00 | Alyson Bailes, Háskóla Íslands: Nordic States and European Integration: *The "Me" Region?* |
| 16:00-16:40 | Anne Deighton, University of Oxford: The EU's strategic crisis: *Temporary or fatal?* |
| 16:40-17:00 | Umræður. |

Að málþinginu standa Evrópustofa, Félag sögukennara á Íslandi, ReykjavíkurAkademían, Sagnfræðingafélag Íslands, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sögufélag.

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Söguþingsins, www.akademia.is/soguthing.


## IsNord hátíðin í áttunda sinn

Tónlistarhátíðin IsNord verður haldin í áttunda sinn í dag og á morgun. Hátíðin hefst með tónleikum Gissurar Páls Gissurarsonar tenórs og Árna Heiðars Karlssonar píanóleikara í Reykholtskirkju klukkan 20.30 í kvöld. Þar flytja þeir Árni Heiðar og Gissur Páll íslensk sönglög úr ýmsum áttum.

Á laugardag klukkan 16 verða tónleikar í Borgarneskirkju þar sem Jónína Erna Arnardóttir og Morten Fagerli flytja fjórhent píanóperlur frá Noregi og Íslandi, þar á meðal norska dansa eftir Grieg og fjórhenta útgáfu af Brennið þið vitar eftir Pál Ísólfsson sem sjaldan heyrist.

Jónína og Morten námu tónlist við Grieg akademiet í Noregi fyrir fimmtán árum en hafa síðan komið fram á ótal tónleikum en eru nú að spila fjórhent saman í fyrsta sinn.

Síðustu tónleikar hátíðarinnar eru yfirleitt haldnir á sunnudeginum en að þessu sinni verður brugðið út af venjunni og þeir haldnir á sumarsólstöðum, fimmtudaginn 21. júní, en þá mun karlakórinn Söngbræður syngja í Álftanesi á Mýrum lög um sumar og sól.

Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á heimasíðunni isnord.is.



**ÁRNI HEIÐAR OG GISSUR PÁLL** Flytja íslensk sönglög úr ýmsum áttum í Reykholtskirkju í kvöld.




# KAUPI GULL

Magnús Steinþórsson gullsmíðasmeistari er að kaupa gull, gullpeninga og gullskartgripi.
Einnig veiti ég góð ráð og upplýsingar.

**Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Opið alla helgina frá kl. 10 til 18**

Samkvæmt skoðanakönnun Stöðvar 2 borgum við betur

*Verið velkomin*





**Magnús Steinþórsson • Upplýsingar í síma 699 8000**
**Pósthússtræti 13 101 Reykjavík**

# Einleiksverk í öndvegi á Frum

Hin árlega nútímatónlistarhátíð Frum verður haldin á Kjarvalsstöðum á sunnudag. Kammerhópurinn Adapter stendur að Frum-hátíðinni í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur en markmiðið er að kynna meistaraverk nútímatónbókmenntanna fyrir tónlistarunnendum, verk sem þegar hafa sett mark sitt á tónlistarsöguna en eru þó sjaldheyrð í tónleikahúsum Reykjavíkur.

Einleiksverk verða í öndvegi á hátíðinni í ár. Kristjana Helgadóttir og Ingólfur Vilhjálmsson leika verk fyrir alt- og bassaflautu og klarinett og bassaklarinett. Verkin eru afar fjölbreytt, eftir níu tónskáld frá átta löndum, og spanna helstu tónlistarstíla nútímatónlistar sem og möguleika hljóðfæranna til hins ýtrasta. Elsta stykkið er frá 1969 en það nýjasta, Quietly Breathing eftir Heather Frasch, er spánnýtt og verður flutt á hátíðinni í fyrsta sinn.



**ADAPTER** Kristjana Helgadóttir og Ingólfur Vilhjálmsson, félagar í Adapter, flytja níu einleiksverk eftir átta nútímatónskáld á Frum á Kjarvalsstöðum á sunnudag.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 á sunnudagskvöld en húsið verður opnað hálftíma fyrr.




Helgarblað
alla laugardaga

Orðinn sósíalisti

Reynslan af stjórnmálum hefur gert borgarstjórann Jón Gnarr að sósíalista.

Meðal annars efnis:



Hvar liggja áherslurnar?

Forsetaefnin svara spurningum Fréttablaðsins.




Allt sem þú þarft



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif


# Enn af syndum feðranna

Bækur ★★★☆☆

**Leikarinn**
Sólveig Pálsdóttir

**JPV**



**SÓLVEIG PÁLSDÓTTIR** Heldur haganlega um marga þræði í sinni fyrstu skáldsögu, að mati gagnrýnanda, en persónusköpunin mætti vera sterkari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einn ástsælasti leikari þjóðarinnar er myrtur á tökustað kvikmyndar, fyrir augum alls tökuliðsins en enginn veit eða skilur hvað hefur gerst. Lögreglan er kölluð til og við fyrstu sýn virðist leikarinn hafa lifað fullkomlega flekklausu lífi og ekki átt sökótt við nokkurn mann. Nánari rannsókn leiðir svo auðvitað í ljós óhreint mjöl í poka hans og inn í söguna dragast barnaklámhringur, fyrrverandi eiginkona og ýmis leyndarmál úr fortíðinni. Sögusviðið er nútíminn, en eins og vinsælt er í glæpasögum leiðir rannsóknin löggurnar á vit fortíðarinnar, þar sem fiskar sprikla undir hverjum steini.




Persónugalleríið er fjölbreytt. Í forgrunni er propsari kvikmyndarinnar, Alda Ingþórsdóttir, ung kona með fortíð sem ekki þolir nánari skoðun, þótt ekki verði séð að sú fortíð tengist morðinu á nokkurn hátt. Lögguteymið inniheldur fjórar persónur, tvo karla og tvær konur, sem öll hafa sína djöfla að draga og eru vel dregnar og sannfærandi persónur. Fjöldi aukapersóna dregst inn í rannsóknina og eru þær allar vel skapaðar og eftirminnilegar, hver á sinn hátt.

Flétta sögunnar er töluvert flókin. Margir þræðir vefjast saman og höfundur hefur fullt vald á þeim vefnaði, skammtar upplýsingar yfirleitt í hæfilegum skömmtum þótt einstaka sinnum bregðist henni bogalistin og upplýsi of mikið of snemma.

Leikarinn er fyrsta bók Sólveigar Pálsdóttur og ber þess nokkur merki. Spennan er ekki mikil þar sem nokkuð ljóst er um miðja bók hver morðinginn er og það eina sem er óljóst er ástæðan fyrir morðinu. Fléttan er þó prýðileg og textinn ágætlega skrifaður, fyrir utan samtölin sem sverja sig í ætt íslenskra glæpasagna, eru stirð og ótrúverðug. Helsti galli bókarinnar er þó persónusköpun prímus mótors sögunnar, propsarans Öldu. Maður trúir ekki á þessa persónu eitt augnablik og er þar af leiðandi hjartanlega sama um örlög hennar og ástæður fyrir gerðum hennar. Lögguteymið er hins vegar skemmtilega samsett, en Guðgeir yfirmaður teymisins er þó ansi langt frá því að vera nokkur Erlendur, daufgerð persóna sem virkar mun eldri en sagan segir hann vera. Skemmtilegasta persóna teymisins, fullkomnunarsinninn Særós, hefur hins vegar alla burði til að verða ástsæl krimmalögga og vonandi fær hún meira pláss í næstu bókum Sólveigar. Því það er ljóst að hér er kominn fram höfundur sem hefur alla burði til að blanda sér í glæpasagnaslaginn á íslenskum metsölulistum í framtíðinni.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Prýðilega ofin flétta og fjölbreytt persónugallerí í ágætlega skrifuðum krimma sem geldur fyrir ótrúverðugleika aðalpersónunnar.

# Popptónlist og gleði

Hljómsveitin Retro Stefson og Jón Jónsson spila saman á Faktorý á laugardagskvöld. Slegið verður til veislu í hverjum mánuði á skemmtistaðnum þar sem Retro Stefson býður mismunandi listamönnum að spila með sér. Þema þessa fyrsta kvölds er dásemdir popptónlistarinnar og endalaus gleði.

Retro Stefson er á fullu við upptökur á nýrri plötu sem kemur út á Menningarnótt, 18. ágúst, á milli þess sem sveitin spilar á hinum ýmsu tónlistarhátíðum í Evrópu. Smáskífulagið Qween er nýkomið út á vínil ásamt endurhljóðblandaðri útgáfu Hermigervils af laginu. Jón Jónsson er að undirbúa nýja plötu sem kemur út í haust og verður vafalítið í miklu stuði.

Forsala á tónleikana er hafin á Midi.is. Miðaverð er 1.500 kr. í forsölu og 2.000 kr. við dyrnar.



**RETRO STEFSON** Retro Stefson og Jón Jónsson spila á Faktorý á laugardagskvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 08. júní 2012**

### Sýningar

**17.00** Olivier Manoury opnar sýningu á vatnslitamyndum frá Íslandi í Þjóðmenningarhúsinu. Hann, kona hans Edda Erlendsdóttir píanóleikari og fleiri landsþekktir tónlistarmenn munu leika tónlist fyrir gesti. Enginn aðgangseyrir er að sýningunni og verkin eru til sölu.

### Tónlist

**21.00** Þingeyska hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir heldur tónleika í Klifi á Ólafsvík. Nýtt lag þeirra, Ég ræ, verður á efnisskrá tónleikanna.

**21.00** Feðginin Erla Stefánsdóttir söngkona og Stefán S. Stefánsson saxófónleikari koma fram ásamt hljómsveit á Café Rosenberg. Þau munu flytja Bítlalög í djössuðum útsetningum Stefáns. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Böddi Reynis, unnusta hans Jórunn Steinsson og hljómsveit leika lög af sólóplötu Bödda, So Simple, á Hressó. Aðgangur er ókeypis

**22.00** Vintage Caravan ásamt Why Not Jack spila á Græna Hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

**23.00** Ingvar Grétarsson og Tómas Tómasson skemmta ásamt gestum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Hátíðir



**10.00** The Icelandic Tattoo Convention verður haldin á Bar 11 alla helgina. Dagskrá verður í gangi í allan dag en klukkan 21 hefjast tónleikar. Þar spila hljómsveitirnar Sólstafir, Foreign Monkeys og Endless Dark.

**23.00** Hátíðin Kótelettan hefst á Selfossi. Meðal þeirra sem fram koma eru RetRoBot, Kiriyama family, Blár Ópal, Geirmundur Valtýsson og Helga Möller. Miðaverð á hátíðina er kr. 5.900.




### Leiklist

**20.00** Einleikurinn Fastur er sýndur á Norðurpólnum, Seltjarnarnesi. Sýningin er án orða og hentar öllum frá 10 ára aldri. Miðaverð er kr. 2.200 en kr. 1.500 fyrir nemendur.

### Fræðsla

**13.00** Boðið verður upp á fræðslugöngu um Grasagarð Reykjavíkur alla föstudaga í júní. Þáttaka er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 2 NETFRELSI AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÚ ER ÞAÐ STÓRT Á GRILLIÐ




**1698** KR. 10 STK.

**159** KR. 4 STK.

10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ



FRYSTI VARA

**2798** KR. KG

DANSKT FROSIÐ NAUTARIBEYE




**1379** KR. KG

KJARNAFÆÐI FERSKT EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI




**398** KR. 2 STK.

ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 X 140 GR. UNGNAUTA -HAMBORGARAR



FRYSTI VARA

**3998** KR. KG

ÞÝSK FROSIN NAUTALUND




**1198** KR. KG

ALI ELDUÐ GRÍSA-SPARERIBS

*FULLELDAÐ: ÞARF AÐEINS AÐ HITA*

TILBÚINN TIL MATREIÐSLU Í OFNINN EÐA GRILLIÐ




**798** KR. KG

1/2 FERSKUR BÓNUS-KJÚKLINGUR FORKRYDDAÐUR



FERSKUR STÓR ANANAS
FRÁ COSTA RÍKA CA 1,7 KG
**359 KR. STK**

## ÍSLENSKUR LAX Á GRILLIÐ




FROSINN **1898** KR. KG

NORÐANFISKUR ÍSLENSKUR LAX FROSINN BEINHR. M.ROÐI




FROSINN **1898** KR. KG.

NORÐANFISKUR LAX GRILL-KRYDDAÐUR BEINHR. M.ROÐI




## GÓU-ÞRENNAN

HRAUNBITAR - PRINSBITAR - ÆÐIBITAR

3 X 200 GR KASSAR

**598 KR.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR


Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

398 KR. 375 GR
COCOA PUFFS HEILKORNA

198 KR. 1 KG.
BÓNUS BRAUÐ 1 KG.

198 KR. 4 STK.
BÓNUS LANGLOKUR 4 STK.

OS SAMLOKUOSTUR
Í SNEIÐUM
1198 KR.KG
VERÐ ÁÐUR 1498 KR.KG
300 KR. VERÐLÆKKUN

ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR
149 KR STK.

ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ
798 KR.KG

ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
359 KR.KG

Coca-Cola
79 KR. DÓSIN

639 KR. 560 G
SS VÍNARPYLSUR 10 STK.

198 KR. 570 G
HEINZ TÓMATSÓSA

159 KR. 5 STK.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ

359 KR. 480 G
10 STK. BÓNUS PYLSUR

OPNUM KL.10

Egils
139 KR. 1 LTR.

EURO SHOPPER
95 KR. 500 ML

20 ÞÚSUN DÓSIR
Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
EUROSHOPPER 250 ML.
ORKU-DRYKKUR
ENERGYDRINK / SUGAR FREE
69 kr.dósin

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

# lífsstíll
lifsstill@frettabladid.is



**2 SINNUM Á ÁRI** er hversu oft óhætt er að lita á sér hárið án þess að eyðileggja það, samkvæmt hárgreiðslukonu Emmu Stone, Marie Robinson. Hún segir það þó óhætt að bæta strípum ofan á nýlitað hár sé maður ekki nógu sáttur með útkomuna. Ef lýsa á hárið með strípunum ráðleggur hún að beðið sé í viku, en eigi að dekkja það segir hún vissara að bíða í tvær vikur.



**VELGENGNI** Bloggarinn Elin Kling klífur metorðastiga tískuiðnaðarins. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hannar fyrir Guess

**TÍSKA** Sænski bloggarinn og tískufyrirmyndin Elin Kling hefur gengið til liðs við fataframleiðandann Guess, en fatalína hönnuð af Kling er væntanleg í verslanir í haust. Mikil spenna er fyrir fatalínu Kling sem er fræg fyrir einfaldan stíl.

Kling var fyrsti bloggarinn til að hanna fatnað fyrir sænsku verslanakeðjuna Hennes & Mauritz og stofnaði í kjölfarið sitt eigið tískumerki, Nowhere, og stjórnar að auki sænska tískublaðinu Styleby. Nýverið seldi Kling bloggveldi sitt til fjölmiðlafyrirtækisins Condé Nast sem meðal annars á tímaritið Vogue.



**BRENNSLA** Meðalmanneskja getur brennt 100 kalóríum með því að hoppa á trampólíni í hálftíma.

## Sumarleg kaloríubrennsla

**ÚTIVIST** Eins og oft hefur verið bent á þarf ekki að vera leiðinlegt að brenna kaloríum. Heimasíðan Everyday Health bendir á ýmsar leiðir til að nota sumarið og skemmta sér og brenna kaloríur á meðan. Meðalmanneskja getur til dæmis brennt 100 kaloríum með því að kasta frisbídiski eða leika sér á trampólíni í hálftíma, 150 kaloríum á því að fara á hestbak í jafnlangan tíma og 250 með því að skella sér í létta hjólaferð.



**FRISBÍGOLF** Haukur Arnar segir mikla sprengingu hafa orðið innan íþróttarinnar þegar folfvöllurinn á Klambratúni var opnaður í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# FOLF ER ALLT ÖÐRUVÍSI EN GOLF

**ÚTIVIST** „Þetta er íþrótt sem allir geta stundað. Bæði er vinsælt að fólk komi með börnin sín og leiki sér að kasta og svo geta hörðustu keppnismenn sökkt sér í pælingar um kasttækni og diska,“ segir Haukur Arnar Árnason, einn helsti frisbígolfspilari landsins.

Folfíþróttin hefur slegið í gegn á Íslandi að undanförnu, en hún snýst um að koma frisbídisk í þar til gerða körfu í sem fæstum köstum. „Þetta er byggt upp svipað og golf en tæknin er allt önnur og ekkert samhengi er á milli þess að vera góður í folfi og að vera góður í golfi,“ segir Haukur. Fyrsti folfvöllurinn kom á Úlfljótsvatni árið 2000 og 2003 var opnaður völlur í Gufunesi í Grafarvogi. Þá varð til um 30 manna kjarni sem fór að stunda íþróttina reglulega en það var loks í fyrrasumar sem almenningur tók við sér. „Við fengum völlinn á Klambratúni í júlí 2011 og það er varla hægt að lýsa sprengingunni sem varð í kjölfarið,“ segir Haukur sem telur að nú sé hægt að telja iðkendur íþróttarinnar í hundruðum.

Haukur hefur séð um innflutning á diskum og körfum fyrir folf og segir hann þetta vera ódýrt sport. „Það hlýst aldrei neitt stórkostlegt fjárhagslegt tjón af því að týna diski en það getur verið mikið sálrænt tjón þar sem allir diskar eiga sér sögu,“ segir hann og hlær. Aðspurður segist hann ekki hafa áhyggjur af því að íþróttin sé tískubóla sem muni springa. „Folf er það sport sem hefur verið í hvað örustum vexti í heiminum síðastliðin 10-15 ár samfleytt og hvar sem það nær fótfestu er það komið til að vera,“ segir hann.

Íslenska frisbígolfsambandið stendur fyrir hittingum á Klambratúni alla mánudaga og í Gufunesi á miðvikudögum. „Þangað er öllum velkomið að mæta og við getum lánað fólki diska og kennt þeim leikinn,“ segir Haukur sem mætir líka á Klambratún alla þriðjudaga klukkan 17 og býður áhugasömum upp á kennslu. Sérstakar kvennaæfingar eru svo nýfarnar af stað á Klambratúni á miðvikudögum klukkan 18 en allt er þetta fólki að kostnaðarlausu. Félagið stendur fyrir ýmsum mótum hérlendis auk þess sem meðlimir hafa tekið þátt í mótum erlendis. Nýlega tók Haukur þátt í Opna breska meistaramótinu í folfi þar sem hann lenti í 4.-5. sæti af 50 þátttakendum. „Það var verið að halda það mót 34. árið í röð, svo það sýnir manni að þetta sport er ekkert nýtt af nálinni,“ segir hann. Hægt er að kynna sér íþróttina nánar á www.folf.is.

tinnaros@frettabladid.is

### HVAR ER HÆGT AÐ STUNDA FOLF

Það er lítið mál að setja upp folfvelli og auðvelt að spila íþróttina nokkurn veginn hvar sem er. Það eru þó sex sérhannaðir folfvellir hérlendis sem eru öllum opnir allt árið um kring.

- Í Gufunesi í Grafarvogi er 18 holu völlur.
- Á Klambratúni er níu holu völlur.
- Á Úlfljótsvatni er tíu holu völlur.
- Á Hömrum á Akureyri er níu holu völlur.
- Í Miðhúsaskógi við Laugavatn er fimm holu völlur.
- Í Garðalundi á Akranesi er sex holu völlur.

Auk þess er níu teiga púttvöllur á tjaldsvæðinu á Fossatúni við Grímsá í Borgarfirði. Þar fyrir utan eru einstakar körfur víðs vegar um landið.

## krakkasíðan
krakkar@frettabladid.is



**Sirkuslistakonan Eyrún Ævarsdóttir hefur gaman af því að heyra áhorfendur taka andköf úti í sal, þegar hún leikur listir sínar í háloftunum.**

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**

# Týnda fullnægingin

**?** Ég var gift sama manninum í sirka 40 ár. Kynlífið hjá okkur var mjög gott, ég fékk reglulega fullnægingu með honum, en nú er hann látinn. Ég er búin að kynnast manni og erum við farin að búa saman. Kynlífið hjá okkur er yndislegt nema sá hængur er á að ég fæ mjög sjaldan fullnægingu með honum nema með aðstoð hjálpartækis. Ég sakna þess að fá ekki fullnægingu með honum samtímis. Ég held að það séu liðnir um átta mánuðir síðan ég fékk fullnægingu með honum. Er eitthvað sem ég get gert í því að fá fullnægingu á eðlilegan hátt?

**SVAR:** Ég vil byrja á því að samhryggjast þér vegna fráfalls mannsins þíns. Það eru nokkrir hlutir sem við þurfum að skoða í tengslum við týndu fullnæginguna þína. Í fyrsta lagi þá langar mig að segja þér að það sé enginn skömm í því að nota kynlífstæki til að fá fullnægingu í samförum – mörg pör nota kynlífstæki og það er eðlilegt og algengt. Hann gæti meira að segja notið góðs af titringnum. Ef þig langar til að halda áfram að nota titrara þá má fá þá í alls kyns stærðum svo hann ætti ekki að vera ógnandi eða of fyrirferðarmikill. Mörg pör eiga erfitt með að fá fullnægingu samtímis í samförum, og margar konur eiga erfitt með fá fullnægingu í samförum almennt, án beinnar örvunar snípsins. Örvar hann þig eða þú sjálfa þig í samförum? Gætir þú beðið hann um að örva þig eða værir þú mögulega tilbúin að gera það sjálf? Svo er það annað, ertu nógu æst og blaut þegar samfarir hefjast? Var forleikurinn nægur? Værir þú opin fyrir því að prufa sleipiefni? Lykillinn í þessu máli er að finna saman farsæla lausn og það fæst aðeins með því að tala saman. Þið þurfið því að finna hvað hentar ykkur báðum og ykkur líður vel með að gera.



**MISJAFNT** Mörg pör eiga erfitt með að fá fullnægingu samtímis í samförum.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# Óvíst með framhald

Ekki hefur verið ákveðið hvort framhald verður gert af spennumyndinni Prometheus. Þetta segir handritshöfundurinn Damon Lindelof. Prometheus fór beint á toppinn yfir aðsóknarmestu myndir Bretlands um síðustu helgi og hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda.

Lindelof ræddi oft við leikstjórann Ridley Scott um hversu mikið yrði afhjúpað í myndinni. „Ég sagði við hann: „Fólk gæti orðið pirrað ef við ætlum að halda aftur af okkur. Við þurfum að hugsa vel og vandlega um hverju við viljum sleppa því það er alls ekki öruggt að framhaldsmyndir verði gerðar,“ sagði Lindelof.



**PROMETHEUS** Kvikmyndin Prometheus hefur fengið góðar viðtökur.

# Með heilaæxli

Tónlistarkonan Sheryl Crow greindist með heilaæxli í nóvember í fyrra en þessu greindi Crow frá í viðtali við blaðið Las Vegas Review á dögunum. Crow segir æxlið vera góðkynja en hún þurfi að fara reglulega til læknis sem fylgist með þróuninni. „Ég fór fyrst til læknis því mér fannst ég vera orðin svo gleymin. Það er engin ástæða til að vera með áhyggjur, þetta er bara smá hraðahindrun á lífsleiðinni,“ segir Crow en hún var meðal annars farin að gleyma söngtextunum á tónleikum.

Leikkonurnar Elizabeth Taylor og Mary Tyler Moore voru með svipaða tegund af æxli í heila. Crow greindist með brjóstakrabbamein árið 2006 sem var uppgötvað snemma og hún sigraðist á. Á Facebook-síðu söngkonunnar þakkar Crow aðdáendum sínum fyrir fallegar kveðjur og segir þeim ekki að hafa áhyggjur, henni líði vel.

**VAR GLEYMIN** Sheryl Crow fór til læknis síðasta haust vegna þess að hún var farin að gleyma textunum við lögin sem hún var að flytja.
NORDICPHOTOS/GETTY





**TRÚLOFUÐ** Hin 19 ára gamla Miley Cyrus og leikarinn Liam Hemsworth opinberuðu trúlofun sína í lok maí.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Trúlofuð

**Ungstirnið Miley Cyrus er trúlofuð ástralska leikaranum Liam Hemsworth. Þau hafa verið saman í þrjú ár en þau staðfesta bæði trúlofun sína við blaðið People. „Ég er svo hamingjusöm yfir að vera trúlofuð og hlakka til að eyða ævinni með Liam,“ segir hin 19 ára leik- og söngkona í viðtali við blaðið. Parið hittist við tökur á myndinni The Last Song en Hemsworth bað stúlkunnar hinn 31. maí síðastliðinn. Hemsworth sló í gegn í myndinni The Hunger Games en hann er nú við tökur á myndinni Empire State í New Orleans.**

# Elíza með Stjörnuryk

Elíza Newman hefur gefið út lagið Stjörnuryk, sem er fyrsta lagið af þriðju sólóplötu hennar sem er í undirbúningi í London. Áætlað er að platan komi út í ágúst. Hún verður frábrugðin fyrri plötum Elízu því hún verður eingöngu á íslensku.

Stjörnuryk er upplífgandi popplag með jákvæðum boðskap sem ætti að höfða til flestra í sumarstuði. Það var samið af Elízu og var Gísli Kristjánsson upptökustjóri. Hann stjórnaði einnig upptökum á síðustu sólóplötu Elízu, Pie in the Sky. Lagið er fáanlegt á Tonlist.is og Gogoyoko.



**NÝTT LAG** Fyrsta lagið af næstu plötu Elízu Newman er komið út.




midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| PROMETHEUS 3D | 4, 7, 10(P) |
| SNOW WHITE | 4, 7, 10 |
| MEN IN BLACK 3 3D | 5, 8 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 10.15 |


# Dásamlegt með Engilbert

**Hljómsveitin Júpíters fór í hljóðver í gær og tók upp gamalt lag í nýjum búningi. Söngvarinn Engilbert Jensen var henni til halds og trausts.**



**TÓKU UPP NÝTT LAG** Engilbert Jensen og hljómsveitin Júpíters tók upp nýtt lag í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hljómsveitin Júpíters hefur tekið upp lagið Þokkagyðja býrðu hjá foreldrum þínum? ásamt Engilbert Jensen, fyrrum söngvara Hljóma. Upptökur fóru fram í Hljóðrita í Hafnarfirði í gær. Lagið var frumflutt í nýrri útgáfu með Engilbert á styrktartónleikum Kristjáns Eldjárns í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi.

„Þetta er gamalt lag. Tveir látnir meðlimir hljómsveitarinnar sömdu það," segir Haraldur Flosi Tryggvason úr Júpíters. Þar á hann við Steingrím Eyfjörð Guðmundsson sem samdi lagið og Þorgeir Kjartansson sem átti textann. „Það hefur aldrei verið sungið við lagið og þá kom upp sú hugmynd að bæta söngvara við sveitina. Við spurðum okkur hver væri besti núlifandi söngvarinn á Íslandi og það er enginn annar en Engilbert," segir Haraldur Flosi. „Það er dásamlegt að vinna með svona öðlingi. Hann hefur engu gleymt."

Nýja lagið er það fyrsta sem Júpíters tekur upp í langan tíma. Hljómsveitin var stofnuð árið 1989 og spilar dansvæna stuðtónlist þar sem blásturhljóðfæri eru áberandi. „Við höfum hist undanfarin ár, einu sinni á ári og æft fyrir góðgerðargigg. Núna ákváðum við að hittast aftur til að láta gott af okkur leiða," bætir Haraldur við um tónleikana í Þjóðleikhúsinu. freyr@frettabladid.is

Bíó ★★★★☆

**Moonrise Kingdom**
Leikstjórn. Wes Anderson

**Leikarar:** Jared Gilman, Kara Hayward, Bruce Willis, Edward Norton, Bill Murray, Frances McDormand, Tilda Swinton, Jason Schwartzman, Bob Balaban

## Stingum af



**SÉR Á BÁTI** Myndir Wes Anderson er einstakar og Moonrise Kingdom er engin undantekning.

Samfélag pínulítillar eyju í Nýja-Englandi fer á hliðina þegar tvö ungmenni láta sig hverfa út í óbyggðir. Hann er munaðarlaus skáti og hún dekurbarn með hegðunarvandamál. Reynsla piltsins af skátastörfum auðveldar þeim að lifa af landinu og á kvöldin spilar stúlkan tónlist á rafhlöðuknúnum plötuspilara og les upphátt. Allt ákaflega rómantískt, nema þau eru bara 12 ára.

Myndir Wes Anderson eru algjörlega sér á báti og Moonrise Kingdom er engin undantekning þar á. Hann leyfir sér aldrei að vera hádramatískur, sama hvaða hörmungar dynja á persónunum, og þrátt fyrir að myndir hans séu á köflum fyndnar gætu þær aldrei kallast gamanmyndir. Þær eru á einhverju furðulegu gráu svæði milli gamans og alvöru, eins og lífið sjálft, en þó aldrei neitt sérlega raunverulegar.

Hinir ungu aðalleikarar standa sig vel, og Jared Gilman (sem lítur út eins og barnungur Nilli) ber sig eins og hann hafi aldrei gert annað en að leika í kvikmyndum. Þá rífur Bruce Willis sig loksins upp úr meðalmennskunni og er fantagóður í hlutverki vinalegrar löggu sem hefur sjaldan fengið meira að gera en að leita að ungmennunum.

Mig skortir kjark í að reyna að finna einhvern boðskap eða rauðan þráð í Moonrise Kingdom. Hvað merkir það að börn megi ekki elska hvort annað en geri það samt, á meðan hinir fullorðnu gera það ekki þó þeir megi það? Ég hef ekki hugmynd. Wes Anderson býr til glæsilegar myndir með vönduðum karakterum, en söguþráðurinn virðist alltaf skipta minna máli. Sama er mér. Á meðan ég fæ annað slagið að stinga af frá hinu daglega amstri og upplifa hugarheim hans er ég þrælsáttur.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Litrík og lokkandi mynd frá einum mest spennandi leikstjóra Ameríku.



**SÖKNUÐURINN ENNÞÁ MIKILL** Paris Jackson talar um lát föður síns, Michaels Jackson, og leikkonudrauminn við Opruh Winfrey. NORDICPHOTOS/GETTY

# Talar um föðurmissinn

Paris Jackson, dóttir tónlistarmannsins sáluga Michaels Jackson, talaði í fyrsta sinn opinberlega um föðurmissinn við sjónvarpskonuna Opruh Winfrey á dögunum. Viðtalið verður sýnt vestanhafs næsta sunnudag í nýja þætti Winfrey, Oprah's Next Chapter. Paris talar meðal annars um að hún sakni föður síns á hverjum degi og um leikkonudrauminn en hana langar mikið að verða leikkona og hefur nú þegar landað sínu fyrsta aðalhlutverki í bíómyndinni Lundon's Bridge and the Three Keys.

Paris er nú 14 ára gömul en þrjú ár eru síðan Jackson féll frá.


SMÁRABÍÓ midi.is HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| SMÁRABÍÓ | | |
|---|---|---|
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 5.20 - 10.40 | 16 |
| SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 | 10 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| HÁSKÓLABÍÓ | | |
|---|---|---|
| SLAY MASTERS | KL. 6 | |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN | KL. 9 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 9 | 10 |
| GRIMMD:SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| BORGARBÍÓ | | |
|---|---|---|
| PROMETHEUS | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 16 |
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 6 | 10 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE | KL. 3:20 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 3:40 - 6 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| THE AVENGERS | KL. 5:40 - 8 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| LOL | KL. 8 | 2D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 5:10 | 3D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| RAVEN | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALANDIBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| SELFOSS | | | |
|---|---|---|---|
| LOL | KL. 8 - 10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| PROMETHEUS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 | 3D | 10 |
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| LOL | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| PROMETHEUS | KL. 8 - 10:40 | 3D | 16 |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| MEN IN BLACK 3 | KL. 5:40 | 3D | 10 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA M/ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT








MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**FÖSTUDAGUR:** **SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS)** 17:50, 20:00, 22:10 ■ TYRANNOSAUR 20:00, 22:00 ■ I AM SLAVE 18:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:10 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 18:00 ■ *BLACK'S GAME (ENG. SUBS)* 20:00, 22:00

13. JÚNÍ: **UNG** (Goodbye Young Love) eftir Mia Hansen-Löve!

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is






## + öryggi í hverju skrefi

**Göngutaskan er ómissandi í farteskið** hvort sem þú ætlar í langa og stranga ferð um hálendið eða léttan skreppitúr á næsta fjall. Festu hana í beltið eða stingdu henni í bakpokann. Byrjaðu ferðina með því að koma við í Lyfju og notaðu ferðina til að fylla á sjúkrakassann í bílnum eða bústaðnum og njóttu öryggis í allt sumar.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 59825 05/12

# Regenovex

**Regenovex** er árangursrík, fljótleg og náttúruleg lausn gegn eymslum og óþægindum í liðum líkamans. Gel, plástrar og perlur til að taka inn. Þú finnur árangurinn samstundis.




# Lóritín




**Lóritín 10 mg**
10 og 30 stk.

# Mygga og After Bite

**„Láttu ekki bíta þig".**
**Mygga** er góð vörn gegn biti frá moskítóflugum, mýflugum, flóm og flestum öðrum skordýrum. Lyktar vel og klístrast ekki. Virkar í a.m.k. 6 klst.

**„Burt með kláðann!"**
**After Bite** er öflugt krem sem slær á kláða og bólgu undan biti frá moskító- og mýflugum, flóm og flestum öðrum skordýrum. Berist eingöngu á bitið eða stungusvæðið. Notist ekki á börn undir tveggja ára aldri.




# Heelen gelhlíf fyrir hæl

**Hælsærisvörn sem virkar.**
Afar einfalt í notkun, mjúkur gelpúði situr þétt á hælnum og ver hæl og hásin. 2 stk. í pakka.

+ Engar blöðrur
+ Ekkert lím
+ Ekkert klístur
+ Hægt að nota aftur og aftur

Einnig er hægt að fá Heelen gelhlíf fyrir ökklakúlur, og Heelen gelhlíf fyrir hæl og rist.




# Kerasal fyrir fætur

**Kerasal – Foot Pain Relief Roll-On**
Roll on sem hjálpar til við að létta á verkjum í hælum, taugaverkjum og stressi.
Mælt er með Foot pain relief fyrir þá sem eru:
+ sykursjúkir og með verki í fótum
+ þreyttir í fótum eftir íþróttaiðkun, göngur eða hælaskó
+ tognaðir eða þjást af öðrum meiðslum
+ sem þjást af bólgum í iljum (plantar fasciitis)
+ með liðagigt og liðverki

**Kerasal – Ultra 20**
**moisturizer daytime therapy**
Öflugt rakakrem fyrir fætur sem inniheldur einstaklega sterka rakaformúlu, mýkir þurr og erfið svæði á augabragði.




# Compeed

**Compeed frá toppi til táar**
Compeed-plástrar og stifti vernda fætur og hindra blöðrumyndun.

Gegn áblæstri færðu svo Compeed plástra á aumar varir.




Lágmúla - Laugavegi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd
Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík



IKEA
Tónleikar laugardag kl. 17-19
Friðrik Dór, Jón Jónsson, Dikta, Þórunn Antonía og Blár Ópal
Ekki missa af þessu!
50% afsláttur af 10 kjötbollum og laxi
Íspinnar fyrir börnin kl. 13-17
Gos og grillaðar pylsur kl. 13-17
Valin sumar-húsgögn á tilboði
Andlitsmálun kl. 13-17
Kaffi og terta 15
© Inter IKEA Systems B.V. 2012
Verslun opin 10-20 alla helgina - Veitingastaður opinn 9-19:30 - www.IKEA.is

# FESTIVAL

Í tilefni af þjóðhátíðardegi Svía bjóðum við ykkur á IKEA festival helgina 9.-10. júní




IKEA®

# sport

sport@frettabladid.is



**ÓÐINN BJÖRN ÞORSTEINSSON** varð í sjötta sæti á demantamótinu á Bislett-leikvanginum í Ósló í gær. Hann kastaði lengst 18,66 m en á best 20,22 m. Óðinn er nú að undirbúa sig fyrir Ólympíuleikana í Lundúnum í sumar.



**JAKOB JÓHANN** Á enn eftir að ná svokölluðu OQT-lágmarki fyrir Ólympíuleikana í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mare Nostrum-mótaröðin:

## Enginn náði lágmarki í gær

**SUND** Síðari keppnisdagur á Mare Nostrum-mótinu í Canet-en-roussillion í Frakklandi fór fram í gær en þar er flest okkar besta sundfólk að keppa og freistar þess að ná OQT-lágmarki fyrir Ólympíuleikana í Lundúnum í sumar en því má líkja við gömlu A-lágmörkin.

Enginn náði lágmarkinu í gær en Jakob Jóhann Sveinsson varð þriðji í 100 m bringusundi er hann synti á 1:02,19 mínútum – sama tíma og á EM í síðasta mánuði. Hann er einni og hálfri sekúndu frá lágmarkinu.

Hrafnhildur Lúthersdóttir er um sekúndu frá lágmarkinu í 100 m bringusundi en mjög lítið vantar upp á til að ná lágmarkinu í 200 m bringusundi.

Hún og sjö aðrir íslenskir sundmenn fá tækifæri til að ná lágmarkinu í sínum greinum þegar mótaröðin færir sig yfir til Mónakó um helgina en það verður lokatilraun íslensks sundfólks til að komast til Lundúna.

Tveir sundmenn hafa náð OQT-lágmörkum, þær Eygló Ósk Gústafsdóttir og Sarah Blake Bateman. Fjölmargir hafa náð OST-lágmarki (gamla B-lágmarkinu) en Alþjóðasundsambandið, FINA, mun gefa út í júlí hverjir úr þeim hópi fá boð um að taka þátt í leikunum í sumar. - esá

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR**

### Bolt á góðum tíma í Osló

Usain Bolt sigraði í 100 m hlaupi karla á demantamótinu á Bislett-leikvanginum í Osló í gær. Hann hljóp á 9,79 sekúndum sem er næstbesti tími ársins. Heimsmet Bolt í greininni er 9,58 sekúndur og orðið þriggja ára gamalt. Asafa Powell varð annar í gær á 9,85 sekúndum en báðir koma frá Jamaíku. Bolt stefnir á að bæta heimsmetið í greinni á Ólympíuleikunum í Lundúnum í sumar.

# Var ekki í myndinni að fara á ÓL

**Sundkonan Eva Hannesardóttir byrjaði fyrst að hugsa um þann möguleika að keppa á Ólympíuleikunum í Lundúnum fyrir um mánuði síðan en fyrr í vikunni fékk hún staðfest að hún verði með á leikunum í ár.**

**SUND** Eva Hannesdóttir, 24 ára sundkona úr KR, verður einn fulltrúa Íslands á Ólympíuleikunum í Lundúnum í sumar. Þetta fékk hún staðfest þegar FINA, Alþjóðasundsambandið, sendi íslenska sundsambandinu boð um að senda boðsundsveit í 4x100m fjórsundi kvenna á leikana.

Óhætt er að segja að atburðarásin hafi verið hröð hjá Evu sem byrjaði fyrst að hugsa um Ólympíuleikana fyrir mánuði.

„Langflesta íþróttamenn dreymir um að keppa á Ólympíuleikum og ég er ekki undanskilin,“ sagði Eva við Fréttablaðið í gær. „En ég er búin að vera í skóla í Bandaríkjunum síðan 2008 og hafði ekki keppt í sundmóti hér á landi í þrjú ár þegar ég kom hingað í apríl.“

### Missti áhugann á sundinu

Eva hefur verið að keppa í háskólasundinu í Bandaríkjunum undanfarin fjögur ár og því ekkert gefið eftir í íþróttinni. En hún var orðin leið á sundinu þegar hún fór út á sínum tíma.

„Ég vildi athuga hvort ég hafði enn áhuga á íþróttinni. Ég komst fljótt að því að svo væri og breyttist mikið við það að komast í nýtt umhverfi, fá nýjan þjálfara og kynnast nýju fólki. Á þessum tíma var ég bara með hugann við það sem ég var að gera úti og kom lítið heim til að keppa. Ólympíuleikar voru aldrei inni í myndinni fyrr en fyrir um mánuði,“ segir Eva en góður árangur á Íslandsmeistaramótinu í apríl og svo EM í Debrecen í maí hefur fleytt henni þessa leið. Hún vann sér sess í boðsundssveitinni með því að ná bestum tíma í 100m skriðsundi á EM en alls tóku fjórar íslenskar sundkonur þátt í greininni.

„Ég er nú að uppskera eftir allt það sem á hefur gengið hjá mér síðustu fjögur ár og er ég í skýjunum yfir því að fá að upplifa Ólympíuleika. Ég er ekki alveg búin að fatta þetta allt saman,“ segir hún.



**FER TIL LUNDÚNA** Eva Hannesardóttir verður í fyrstu íslensku boðsundsveitinni sem keppir á Ólympíuleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eva hefur einnig náð svokölluðu OST-lágmarki í 100 m skriðsundi (gamla B-lágmarkið) en FINA mun tilkynna í júlí hvaða OST-sundmenn fái boð um að keppa á Ólympíuleikunum. „En mér sýnist eins og málin standa nú að ég muni aðeins keppa í boðsundinu,“ segir Eva.

### Fengu þriggja daga undirbúning

Ísland hefur aldrei áður átt boðsundsveit á Ólympíuleikum enda fáar útvaldar sem fá að keppa. Fyrir þessa leika var ákveðið að tólf bestu sveitirnar á HM í fyrra fengju boð og svo fjórar sveitir til viðbótar. Ísland fékk boð fyrir góðan árangur á EM í Debrecen, þar sem liðið var hársbreidd frá verðlaunum í greininni.

Eva segir að íslensku keppendurnir hafi ekki byrjað að hugsa um boðsundið af fullri alvöru fyrr en þremur dögum áður en keppt var í greininni. Þá var EM þegar hafið í Ungverjalandi.

„Jacky [Pellerin landsliðsþjálfari] var búinn að leggja þetta saman og sjá það út að þetta var raunhæfur möguleiki. Hann sagði að við þyrftum að synda á um 4:06 mínútum og náðum við því í úrslitunum. Við þurftum svo að bíða í nokkra daga eftir staðfestingunni frá FINA en það var góð tilfinning að sjá tímann á töflunni.“

Margir félagar Evu í sundlandsliðinu eru nú að keppa í Mare Nostrum-mótaröðinni í Frakklandi og Spáni en sjálf er hún hér á landi. Hún neitar því ekki að það hefði verið spennandi að keppa úti til að gera aðra atlögu að aðallágmarkinu í 100m skriðsundi. „Staðreyndin var bara sú að ég átti ekki pening fyrir þessari ferð, eins leiðinlegt og það er. En ég er samt ánægð með að vera komin heim og geta byrjað að búa mig undir leikana í sumar.”

eirikur@frettabladid.is

Landsliðsmanninum Rúnari Kárasyni líst vel á skiptin til Grosswallstadt og ekki síður á litina í búningi liðsins:

# Fullkomið skref á þessum tímapunkti

**HANDBOLTI** Rúnari Kárasyni, sem á dögunum gekk til liðs við Grosswallstadt í efstu deild þýska handboltans, líst vel á að spila í bláu og hvítu á nýjan leik.

Rúnar segir fyrsta kost hafa verið að spila áfram með Bergischer HC og hafi verið lagt allt kapp á að halda liðinu uppi. Það tókst þó ekki. „Ég gat sagt upp samningnum ef við myndum falla sem var alltaf möguleiki sem ég ætlaði að nota,“ segir Rúnar og segir hjólin hafa farið að snúast hratt eftir að ljóst var að Bergischer félli.

„Það var fínt að klára þetta áður en ég kom heim. Ég var búinn að ákveða að ef þetta myndi ekki ganga upp myndi ég fara til „Grosso“. Það er gott skref fyrir mig. Fornfrægur klúbbur sem hefur stöðugt verið að skila af sér ungum leikmönnum í betri lið,“ segir Rúnar en ekki spilli fyrir að hafa félaga sinn Sverre Jakobsson úr landsliðinu í herbúðum liðsins.

Rúnar, sem er nýorðinn 24 ára, telur skrefið til Grosswallstadt passlegt fyrir sig á þessum tímapunkti á ferli sínum.

„Hvorki of stórt né of lítið. Fullkomið í rauninni. Það er betra fyrir mig að fá að spila mikið með félagi í neðri hluta deildarinnar heldur en að fara ofar og vera mikið á bekknum,“ segir Rúnar sem reiknar með samkeppni um stöðu hægri skyttu.

„Þeir vilja ekki setja alla pressuna á 24 ára strák sem ég skil mjög vel. Það er líka gott fyrir mig. Ég hef fengið mjög lítið aðhald í vetur hvað varðar samkeppni og hef í rauninni bara verið tekinn út af ef ég hef verið lélegur.“

Rúnar segist ekki vera kominn með fiðring vegna Ólympíuleikanna í sumar. „Fyrir það fyrsta veit ég ekki hvort ég fer með eða ekki. Það er bara að taka hvern dag með því hugarfari að hann sé síðasti dagur fyrir niðurskurð,“ segir Rúnar og bætir við að hann hafi aldrei verið í betra líkamlegu formi. „Það væri algjör draumur að fá að spila á Ólympíuleikum með þessum snillingum hérna.“

Áður en að Ólympíuleikunum kemur mætir landsliðið Hollendingum í tveimur leikjum í undankeppni heimsmeistaramótsins sem fram fer á Spáni í janúar. - ktd



**ÆTLAR AÐ NÝTA TÆKIFÆRIÐ BJÓÐIST ÞAÐ** Rúnar vonast til að verða í eldlínunni með Íslandi gegn Hollendingum í Laugardalshöll á sunnudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | Djurgården |
| Þóra Björg Helgadóttir | LdB Malmö |
| **Varnarmenn:** | |
| Hallbera Guðný Gísladóttir | Piteå IF |
| Katrín Jónsdóttir - fyrirliði | Djurgården |
| Mist Edvardsdóttir | Valur |
| Rakel Hönnudóttir | Breiðablik |
| Sif Atladóttir | Kristianstads DFF |
| Þórunn Helga Jónsdóttir | Avaldsnes |
| Anna María Baldursdótir | Stjarnan |
| **Miðjumenn:** | |
| Dagný Brynjarsdóttir | Valur |
| Dóra María Lárusdóttir | Valur |
| Edda Garðarsdóttir | KIF Örebro |
| Katrín Ómarsdóttir | Kristianstads DFF |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | LdB Malmö |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir | Stjarnan |
| Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir | Stjarnan |
| **Sóknarmenn:** | |
| Fanndís Friðriksdóttir | Breiðablik |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | Avaldsnes |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | án liðs |
| Kristín Ýr Bjarnadóttir | Avaldsnes |
| Elín Metta Jensen | Valur |
| Katrín Ásbjörnsdóttir | Þór/KA |

Landsliðið valið fyrir tvo leiki í undankeppni EM:

# Þrír nýliðar í hópnum

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson valdi í gær 22 manna hóp fyrir leikinn gegn Ungverjalandi í undankeppni EM á Laugardalsvelli annan laugardag. Þrír nýliðar eru í hópnum. Katrín Ásbjörnsdóttir úr Þór/KA, Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir Stjörnunni og hinn 17 ára framherji Vals, Elín Metta Jensen.

Sigurður Ragnar segist hafa getað valið alla sína sterkustu leikmenn í leikinn gegn Ungverjalandi. Þó setur hann fyrirvara við Fanndísi Friðriksdóttur, Hallberu Guðnýju Gísladóttur og markvörðinn Guðbjörgu Gunnarsdóttur sem glíma við smávægileg meiðsli. Sandra Sigurðardóttir, markvörður Stjörnunnar, er klár á hliðarlínunni skyldi Guðbjörg þurfa frá að hverfa.

Sigurður valdi 22 leikmenn en ljóst er að hópurinn sem flýgur til Búlgaríu að loknum landsleiknum gegn Ungverjalandi verður ekki svo stór. „Fjórir leikmenn okkar (Fanndís, Hólmfríður, Sara Björk og Þórunn Helga) eru á gulu spjaldi. Ef þær fá spjald í fyrri leiknum eru þær í banni í seinni leiknum svo það er gott að hafa margar stelpur til taks,“ sagði Sigurður Ragnar. **- ktd**



**MÆTA AFTUR Í DALINN** Ísland gerði markalaust jafntefli við Belgíu í síðasta heimaleik Íslands í undankeppni EM. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VIÐAR ÖRN** Tryggði Selfyssingum sæti í 16-liða úrslitum bikarsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Borgunarbikarinn:

# Selfoss naumlega áfram

**FÓTBOLTI** Fjórir leikir fóru fram í 32-liða úrslitum Borgunarbikarsins í gær en tvö úrvalsdeildarlið komust þá áfram. Selfoss hafði betur gegn Njarðvík, 2-1, þar sem Viðar Örn Kjartansson skoraði sigurmark heimamanna rétt fyrir leikslok. 2. deildarlið Njarðvíkur komst yfir í leiknum.

Stjarnan lenti ekki í teljandi vandræðum með Gróttu sem leikur í 2. deildinni, rétt eins og Afturelding. Mosfellingar gerðu góða ferð í Vogana og unnu þar lið Þróttar, 3-1.

KB mætti svo KFS í Vestmannaeyjum en bæði lið leika í 3. deildinni. Sigmar Egill Baldursson tryggði fyrrnefnda liðinu dramatískan sigur með marki á lokamínútu leiksins.

Fjórir leikir fara fram í kvöld og verður þá öllum nema einum leik í 32-liða úrslitum lokið. Dregið verður í 16-liða úrslit á mánudaginn. **- esá**

## ÚRSLIT

### Borgunarbikar karla

**Stjarnan - Grótta 4-1**
1-0 Garðar Jóhannesson (36.), 2-0 Darri Konráðsson (67.), 3-0 Kennie Chopart (71.), 4-0 Mads Laudrup (82.), 4-1 Jónmundur Grétarsson (90.).

**Selfoss - Njarðvík 2-1**
0-1 Magnús Örn Þórsson (33.), 1-1 Jon Andre Royrane (56.), 2-1 Viðar Örn Kjartansson (86.).

**Þróttur V. - Afturelding 1-3**
0-1 John Henry Andrews, víti (7.), 0-2 Wentzel Steinarr Ragnarsson Kamban (68.), 1-2 Reynir Þór Valsson (71.), 1-3 Wentzel Steinarr Ragnarsson Kamban (84.).

**KFS - KB 0-1**
0-1 Sigmar Egill Baldursson (90.).

*Upplýsingar um markaskorara frá Úrslit.net.*

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **Þór - Valur** | **í kvöld kl. 19.15** |
| **FH - Fylkir** | **í kvöld kl. 19.15** |
| **Breiðablik - BÍ/Bol.** | **í kvöld kl. 19.15** |
| **ÍA - KR** | **í kvöld kl. 20.00** |
| **Víkingur Ó. - ÍBV** | **þriðjudag kl. 19.15** |



## > Stöð 2 kl. 20.55

### So You Think You Can Dance

***Glæný þáttaröð af So You Think You Can Dance hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Fjörið hefst á áheyrnarprufum í Dallas og New York þar sem fjöldi dansara fær að spreyta sig en aðeins örfáir ná að heilla dómarana. Breska þokkadísin Cat Deeley er sem fyrr kynnir keppninnar.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON VAKIR Á NÓTTINNI

# *Vandi körfuáhugamannsins*

Stjórnendur NBA-deildarinnar eru ekki að hugsa mikið um íslenska körfuboltaáhugamenn þegar þeir ákveða leiktíma í deildinni. Byrja leikirnir flestir eftir miðnætti og geta teygt sig langt fram á nótt. Það er því ekki auðvelt fyrir vinnandi fólk að fylgjast með því virknin í vinnunni er einfaldlega ekki hin sama fyrir hádegi hafi maður horft á körfubolta langt fram eftir nóttu. Þakkar maður þá fyrir að vera í vaktavinnu og geta í það minnsta suma daga glápt án samviskubits.

Málið er einfaldlega það að úrslitakeppni NBA-deildarinnar, sérstaklega á seinni stigum, er svo mikil veisla að aðrir hlutir, þar á meðal hressleikinn fyrir hádegi daginn eftir, verða að víkja. Síðustu daga höfum við orðið vitni að tveimur undanúrslitaseríum sem eru þegar orðnar klassískar. Úrslitin í annarri, viðureign Oklahoma City Thunder og San Antonio Spurs, réðust í fyrrinótt eftir magnaða sex leikja seríu þar sem tvö stórkostleg en gjörólík körfuboltalið mættust. Úrslitin í hinni kunna að hafa ráðist í nótt (koma svo Celtics) en ef ekki þá er úrslitaleikur um sæti í úrslitunum á laugardagskvöld. Af því má enginn missa enda viðureignin hreinræktað stríð á fjölunum. Í kjölfarið verður úrslitaeinvígið svo leikið og sama hvort liðið mætir graðnautunum í Thunder get ég lofað góðri skemmtun. Þá er bara að vaka.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Eyjar fyrir Austurlandi **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Djassvisjón Evrópu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Ritþing með Vigdísi Grímsdóttur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**13.25 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**14.05 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**14.45 Táknmálsfréttir**

**15.00 EM stofa** Fylgst með setningarhátíð EM í fótbolta og hitað upp fyrir leik.

**16.00 EM í fótbolta** (Pólland - Grikkland) Bein útsending frá leik í Varsjá.

**18.00 Fréttir og veður**

**18.20 EM stofa** Hitað upp fyrir leik á EM í fótbolta.

**18.40 EM í fótbolta** (Rússland - Tékkland) Bein útsending frá leik í Wroclaw.

**20.40 EM kvöld** Farið yfir leiki dagsins á EM í fótbolta.

**21.10 Óskin** Heimildarmynd um Bubba Morthens og gerð nýjustu plötu hans sem heitir Þorpið. Myndina gerði Árni Sveinsson.

**22.10 Lewis – Gamlar sorgir** (1:4) (Lewis V: Old, Unhappy, Far-Off Things) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis lögreglufulltrúi í Oxford glímir við dularfullt sakamál. Meðal leikenda eru Kevin Whately, Laurence Fox, Clare Holman og Rebecca Front. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.45 Bókin hans Elis** (The Book of Eli) Í framtíðinni, eftir að mikil áföll hafa dunið á, ráfar einn maður um Bandaríkin með helga bók sem hefur að geyma leyndarmál sem gætu bjargað mannkyninu. Leikstjórar eru Albert og Allen Hughes og meðal leikenda eru Denzel Washington, Mila Kunis, Gary Oldman, Ray Stevenson, Jennifer Beals, Michael Gambon og Tom Waits. Bandarísk bíómynd frá 2010. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Picture This**

**10.00 A Walk In the Clouds**

**12.00 Lína Langsokkur**

**14.00 Picture This**

**16.00 A Walk In the Clouds**

**18.00 Lína Langsokkur**

**20.00 Leap Year**

**22.00 Green Zone**

**00.00 The Man With One Red Shoe**

**02.00 We Own the Night**

**04.00 Green Zone**

**06.00 Scott Pilgrim vs. The World**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.30 Oprah**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (151:175)

**10.15 Sjálfstætt fólk** (4:38)

**10.55 The Glades** (5:13)

**11.45 Hollráð Hugos** (1:2)

**12.10 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (1:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Living Out Loud** Lífi Emily Marshall er snúið á hvolf þegar hún greinist með brjóstakrabbamein á miðjum aldri.

**14.30 The Cleveland Show** (5:21)

**14.55 Tricky TV** (23:23)

**15.20 Sorry I've Got No Head**

**15.50 Barnatími Stöðvar 2**

**16.20 Waybuloo**

**16.40 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (18:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 American Dad** (18:18)

**19.45 The Simpsons** (12:22)

**20.10 Spurningabomban** (4:6)

**20.55 So You Think You Can Dance** (1:15) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur níunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei hafa jafn margir hæfileikaríkir eða skrautlegir dansarar skráð sig til leiks.

**22.10 Harold & Kumar Escape From Guantanamo** Gamanmynd um þá miður gæfulegu félaga Harold og Kumar sem eru í þetta sinn hundeltir af yfirvöldum sem gruna þá félaga um að vera hryðjuverkamenn.

**23.55 Anna Nicole** Kvikmynd byggð á skrautlegri ævi Önnu Nicole Smith.

**01.25 Gifted Hands: The Ben Carson Story** Dramatísk hetjusaga Ben Carson sem reis upp úr sárri fátækt og varð einn af fremstu heilaskurðlæknum Bandaríkjanna.

**02.55 Living Out Loud**

**04.25 Spurningabomban** (4:6)

**05.10 The Simpsons** (12:22)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA: Boston - Miami**

**14.00 Formúla 1: Kanada - Æfing 1** BEINT frá Montreal í Kanada.

**18.00 Formúla 1: Kanada - Æfing 2** BEINT frá Montreal í Kanada.

**19.45 ÍA - KR** BEINT frá 32 liða úrslitum í bikarkeppni karla í knattspyrnu.

**22.00 Bikarmörkin 2012** Samantekt frá leikjunum í 32 liða úrslitum bikarkeppni karla.

**23.05 NBA: Boston - Miami**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Bolton - Man. Utd.**

**20.00 The Stars** Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.

**21.00 Premier League World**

**21.30 Chelsea - Wolves**

**23.15 Alfonso** Frábær þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um hin snjalla og skemmtilega leikmann Alfonso.

**23.40 PL Classic Matches: Arsenal - Man United, 1998**

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** (131:175)

**20.10 Friends** (21:24)

**20.35 Modern Family** (21:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Masterchef USA** (3:20)

**22.35 The Closer** (5:21)

**23.20 NCIS: Los Angeles** (23:24)

**00.05 Rescue Me** (16:22)

**00.50 Friends** (21:24)

**01.15 Modern Family** (21:24)

**01.40 The Doctors** (132:175)

**02.20 Fréttir Stöðvar 2**

**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Solsidan** (8:10) (e)

**12.25 Pepsi MAX tónlist**

**16.30 Britain's Next Top Model** (13:14) (e)

**17.20 Dr. Phil** Bandarískur spjallþáttur með sálfræðingnum Phil McGraw sem hjálpar fólki að leysa vandamál sín í sjónvarpssal.

**18.00 The Good Wife** (19:22) (e)

**18.50 America's Funniest Home Videos** (e)

**19.15 Will & Grace** (23:25) (e) Endursýningar frá upphafi

**19.40 Got to Dance** (15:17) Got to Dance er breskur raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín á milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.

**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar.

**21.15 The Biggest Loser** (5:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið.

**22.45 HA?** (7:27) (e)

**23.35 Prime Suspect** (6:13) (e)

**00.20 Franklin & Bash** (9:10) (e)

**01.10 Saturday Night Live** (22:22) Stórskemmtilegur grínþáttur sem hefur kitlað hláturtaugar áhorfenda í meira en þrjá áratugi. Mick Jagger sló í gegn vestanhafs með frammistöðu sinni sem gestastjórnandi.

**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Fedex. St. Jude Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Fedex. St. Jude Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **15.00** LPGA Highlights (10:20) **16.20** Inside the PGA Tour (23:45) **16.45** Fedex. St. Jude Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **19.00** Fedex. St. Jude Classic - PGA Tour 2012 (2:4) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (21:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.35** Keeping Up Appearances **07.35** My Family **08.05** Dalziel and Pascoe **09.45** Deal or No Deal **10.20** My Family **10.50** Come Dine With Me **11.40** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.40** My Family **14.40** The Best of Top Gear **15.30** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** The Best of Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Shooting Stars **21.45** Peep Show **22.14** Live at the Apollo **23.00** The Best of Top Gear **23.50** The Graham Norton Show **00.35** QI

## DR 1

**13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie Olivers dagbog fra Australien **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.25** Dukkeeventyret **14.40** Penelope **14.45** Penelope **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det sode liv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** EURO 2012 **18.45** Fodbold. Euro 2012 **19.30** TV Avisen **19.40** Fodbold. Euro 2012 **20.30** EURO 2012 **21.00** Den sidste tempelridder **22.25** Et barn er forsvundet

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Kjendisbarnevakten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Verda vi skaper **18.55** 20 spørsmål **19.25** Detektiv Aurelio Zen **21.00** Kveldsnytt **21.20** Tudors **22.10** Under Afrikas himmel med Paul Simon **23.55** Partyløvene **00.45** Detektiv Aurelio Zen **02.15** Norge rundt **05.30** Solens mat **06.00** Doktoren på hjørnet

## svt1

**08.00** Dox **09.20** Gravid i höga klackar **10.05** South Riding **11.00** Hundra procent bonde **11.30** Golf **14.00** Rapport **14.05** Golf **15.15** Fotboll. Euro 2012 **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Vildsvin på fatet **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Macken **18.30** Eighties **19.00** Closer **20.40** Golf **21.25** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.35** En man kommer hem **23.15** Rapport **23.20** Simon & Garfunkel **00.35** Rapport **00.40** Mästarnas mästare

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun




**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



**FÓTBOLTAMARK**
Sniðugt fótboltamark þar sem hægt er að stilla stærð.
Stærð: L366 x H183 sm. Stillanlegt niður í L244 x H183 sm.

VERÐ AÐEINS:
**29.950**






VERÐ AÐEINS:
**19.950**

**FÓTBOLTAMARK**
Fótboltamark, bolti, pumpa og taska saman í einum pakka á frábæru verði!
Einnig fylgir æfingadúkur til að æfa skottæknina.



VERÐ AÐEINS:
**5.995**

**PÚTTSETT**
Frábært golfsett sem inniheldur, 1 stk. pútter, 1 stk. motta, 3x bolta og 1 stk. púttvél. Motta stærð: 120 x 26 sm.

# ALLIR ÚT AÐ LEIKA SÉR!

Gildir til 10.06.12




**KRIKKETSETT**
Frábært verð!

VERÐ AÐEINS:
**6.995**




**TENNISSETT**
Flott tennissett sem inniheldur 2 tennisspaða og tennisbolta.

VERÐ AÐEINS:
**3.995**




**KÖRFUBOLTASETT**
Sem inniheldur:
Körfuboltaspjald á fæti, bolta og pumpu.
Stillanleg hæð allt að 178 sm.

VERÐ AÐEINS:
**12.495**



VERÐ AÐEINS:
**6.995**

**ÆFINGAGRINDUR**
Góðar æfingagrindur á frábæru verði! 6 stk. saman í pakka.



VERÐ AÐEINS:
**12.495**

**BOXÆFINGASETT**
Flott æfingasett fyrir boxarann.
Settið inniheldur boxpúða og boxhanska.




**ROTOR SPIN**
Sniðugt æfingasett sem inniheldur: 2 stk. spaða og 1 stk. stöng með bolta.

VERÐ AÐEINS:
**7.995**



VERÐ AÐEINS:
**12.495**

**BADMINTON, BLAK OG TENNISSETT**
Settið inniheldur: 2 stk. tennisspaðar, 2 stk. badmintonspaðar, 1 stk. pumpa og boltar fylgja með.





**ÆFINGAKEILUR**
Tilvalið fyrir fótboltaæfingarnar.
4 stk. saman í pakka.

HÁAR KEILUR 4 STK.
**1.295**

LÁGAR KEILUR 4 STK.
**995**




**PÚTTSETT**
Sniðugt púttsett fyrir yngri kynslóðina.
Settið inniheldur:
2 stk. flögg/holur, 3 stk. golfboltar og 1 stk. pútter.

VERÐ AÐEINS:
**3.995**

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Það er Was That All It Was sem Svala Björgvins söng með Scope. Remixið af því lagi er voða skemmtilegt."*

Eva María Þórarinsdóttir hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Pink Iceland.

# Meðhöfundur að nýrri bók um velgengni

„Ég hef lúmskt gaman af því að skrifa og þá helst um eitthvað sem getur verið uppbyggjandi eða fræðandi fyrir aðra en það eru einmitt þannig bækur sem ég sjálf sökkvi mér í," segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, eigandi Gyðju Collection, sem er meðhöfundur í nýrri bók sem nefnist The Success Secret.

Bókin, sem er gefin út af Celebrity Press, kemur út í Bandaríkjunum í haust en ásamt Sigrún Lilju koma fleiri frumkvöðlar í atvinnulífinu um allan heim að verkinu. Þar ber hæst nafn bandaríska metsöluhöfundarins Jacks Canfield sem er þekktur fyrir þátttöku sína í bókunum The Secret og The Chicken Soup for the Soul. Efnistök The Success Secret eru árangurssögur og hagnýt ráð frá sérfræðingunum og frumkvöðlum sem hafa náð langt á sínu sviði.

„Hver höfundur ljóstrar upp sínum bestu leyndarmálum um árangur og gefur góð ráð með það að leiðarljósi að hjálpa öðrum við að ná árangri í markaðssetningu, viðskiptum og í mörgum þáttum hins daglega lífs."

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Sigrún Lilja tekur þátt í að skrifa bók á borð við þessa en hún var einnig meðhöfundur að bókinni The Next Big Thing sem kom út á síðasta ári og komst á topp metsölulista Amazon. „Það var í kjölfarið á velgengni þeirrar bókar sem útgefandi bauð mér að taka þátt í þessari bók líka. Ég var fljót að samþykkja það enda nýtur Canfield gríðarlegrar velgengni og virðingar í í Bandaríkjunum og ég aðhyllist þá hugmyndafræði sem hann miðlar," segir Sigrún sem byrjaði að skrifa síðasta haust. Hennar kafli í bókinni fjallar um hversu mikilvægar öflugar hugsanir séu til að ná árangri í lífinu. „Þó að bókin komi út á ensku á ég von á því að hún verði fáanleg í takmörkuðu upplagi í nokkrum vel völdum bókabúðum hér á landi í haust um svipað leyti og hún kemur út í Bandaríkjunum." - áp



**MIÐLAR VISKU SINNI** Sigrún Lilja er meðhöfundur bókar sem nefnist The Success Secret. MYND/KÁRI SVERRISSON


FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM



**Sundföt**
**frá SPEEDO í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa**

**Sundbolir**
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 4.990 kr.**
Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**
Allt að 60%

**Bikiní**
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 1.990 kr.**
Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr**
Allt að 75%

**Sundskýlur**
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**
Allt að 40%

**Watershorts**
Herrastærðir
Verð: 6.990 - 9.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**
Allt að 55%

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6 113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17




**HOLLYWOOD KALLAR** Hollywood-leikstjórinn David Gordon Green hefur endurgert mynd Hafsteins Gunnars Sigurðssonar, Á annan veg, en með aðalhlutverk fara leikaranir Paul Rudd og Emile Hirsch. Tökum er lokið og myndin komin á klippiborðið en ekki er vitað hvenær hún sést á hvíta tjaldinu.

DAVÍÐ ÓSKAR ÓLAFSSON: BÚIÐ AÐ GANGA ÓVENJU HRATT FYRIR SIG

# Á ANNAN VEG SELD OG ENDURGERÐ Á FJÓRUM MÁNUÐUM

„Þetta hefur gengið óvenju hratt fyrir sig og verið mikið leyndarmál að ósk leikstjórans," segir Davíð Óskar Ólafsson, einn framleiðenda myndarinnar Á annan veg sem nýverið var endurgerð í Hollywood.

Leikstjórinn David Gordon Green leikstýrir en endurgerðin nefnist Prince Avalanche og skartar þeim Paul Rudd og Emile Hirsch í aðalhlutverkum.

Davíð segir að ferlið hafi fyrst farið af stað fyrir nokkrum mánuðum en það var fyrir tilstuðlan leikmyndahönnuðar myndarinnar, Hálfdáns Petersen, sem Gordon Green fékk veður af Á annan veg. Í byrjun febrúar á þessu ári fór boltinn að rúlla og nú er tökum lokið og myndin komin á klippiborðið.

„Gordon Green var með aðra mynd í framleiðsluferli þegar hann ákvað að gera þessa. Hann heillaðist af einföldu sögunni og sagði okkur að hann vildi leita aftur til upprunans með því að gera myndina, en hann byrjaði feril sinn á að gera indí-kvikmyndir. Hann vildi gera þetta utan kastljóss fjölmiðlanna en fréttin lak út fyrr en þeir ætluðu," segir Davíð sem segir símtalið frá Hollywood í byrjun árs hafi verið einstaklega skemmtilegt. „Við vorum ekki að trúa þessu fyrst en við erum mjög glaðir og þetta opnar margar dyr fyrir okkur sem framleiðslufyrirtæki og fyrir leikstjórann, Hafstein Gunnar Sigurðsson. Það virðist vera einhver tískubóla í Hollywood að leita til norrænnar kvikmyndagerðar þessa stundina og Gordon Green fylgist mjög vel með."

Davíð er nýkominn heim frá Texas þar sem honum og Árna Filippussyni, meðframleiðenda hans hjá fyrirtækinu Mystery, var boðið að fylgjast með lokadögunum í tökum sem lauk í síðasta mánuði. „Þetta var alveg svakalega skemmtilegt að fá að fylgjast með tökum en þeir hafa verið mjög opnir og leyft okkur að fylgjast með öllu ferlinu frá upphafi til enda," segir Davíð sem getur ekkert sagt um hvenær myndin sést á hvíta tjaldinu.

En urðu þeir ríkir af ævintýrinu? „Við erum allavega mjög sáttir, meira get ég ekki sagt."

alfrun@frettabladid.is

### STÓRSKOTALIÐ ENDURGERIR Á ANNAN VEG

**David Gordon Green** er þekktur fyrir myndir á borð við Pineapple Express, Snow Angels og All the Real Girls. Pineapple Express er hans þekktasta mynd en hún skartaði þeim Seth Rogen og James Franco í aðalhlutverkum.



**Paul Rudd** á sér langa ferilskrá í Hollywood en hann bregður sér í hlutverk Sveins Ólafs Gunnarssonar í endurgerðinni. Hann hefur leikið í myndunum The Anchorman, I Love You Man, Forgetting Sarah Marshall, Knocked Up og The 40 Year Old Virgin.



Emile Hirsch fer með hlutverk Hilmars Guðjónssonar í Á annan veg. Hann hefur leikið í Milk, Into the Wild og The Girl Next Door.

# Costello vill rauðvín og osta

Enski tónlistarmaðurinn Elvis Costello sem spilar í Hörpunni á sunnudagskvöld er hógvær í kröfum varðandi það sem hann vill hafa hjá sér baksviðs.

Hann er greinilega mikill tedrykkjumaður því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vill hann hafa hjá sér nóg af tei, ávaxtakörfu með auka sítrónum, hunangskrús, brauð og grænmeti. Hann vill einnig tvær flöskur af góðu rauðvíni og innflutta osta.

Costello ætlaði upphaflega að koma hingað til lands 21. nóvember en vegna veikinda föður síns varð hann að fresta tónleikunum. Ótti Costello reyndist á rökum reistur því faðir hans lést í kjölfar veikinda sinna í desember.

Kappinn er að heimsækja Ísland í annað sinn. Síðast kom hann hingað 2003 með eiginkonu sinni, söngkonunni Diana Krall. Þá hélt hún vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll og allar götur síðan hefur fyrirtækið Concert unnið að því leynt og ljóst að fá Costello til landsins.

Tónleikar hans verða í Eldborgarsalnum. Örfáir miðar eru fáanlegir á Midi.is og Harpa.is. - fb



**HÓGVÆR** Elvis Costello er hógvær í kröfum sínum og ætlar að gæða sér á góðum ostum með rauðvínsglas í hendi.

# ÍSLANDSMÓT IÐNAÐAR-MANNA Í FÚSSBALL



## SKRÁNING HAFIN Á WURTH.IS

Mótið hefst föstudaginn 15. júní.
Ath. fjöldi liða er takmarkaður.

**1. VERÐLAUN**
**Ferð fyrir liðið til Manchester**
(Flug, skattar, gisting og miði á leik með VITA SPORT)

**2. VERÐLAUN**
**Inneign hjá Würth – kr. 40.000 x2**

**3. VERÐLAUN**
**Inneign hjá Würth – kr. 20.000 x2**

**4. VERÐLAUN**
**Inneign hjá Würth – kr. 10.000 x2**

Leikreglur, skráningarform og miklu nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu mótsins á Wurth.is

**Forkeppnir fara fram í öllum útibúum Würth á Íslandi. Komdu og æfðu þig.**

Würth blæs til boltaveislu fyrir iðnaðarmenn í verslunum sínum í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og á Akureyri dagana 15.–29. júní.
Komdu og skoðaðu aðstæður, prófaðu borðin og umfram allt vertu með!
Tveir leikmenn eru í hverju liði. Allir iðnaðarmenn geta tekið þátt, 18 ára og eldri.
Öllum keppendum er sérstaklega boðið á úrslitaleikina 29. júní þar sem boðið verður upp á léttar veitingar.

WÜRTH
www.wurth.is

**Vesturhraun 5, Garðabæ**
Mán.–fös.: 08:00–17:00
Sími: 530 2000

**Bíldshöfði 16, Reykjavík**
Mán.–fös.: 08:00–17:00
Laugardag: 10:00–14:00
Sími: 530 2002

**Smiðjuvegi 11e, gul gata Kópavogi**
Mán.–fös.: 08:00–17:00
Sími: 530 2028

**Freyjunes 4, Akureyri**
Mán.–fös.: 08:00–12:00
13:00–17:00
Sími: 461 4800

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Margeir út með CCP

EVE Online-partí var haldið á Standard Hollywood-hótelinu í Los Angeles á miðvikudagskvöld. Tilefnið var þátttaka tölvuleikjafyrirtækisins CCP í ráðstefnunni E3 í borg englanna. Fjölmiðlafólki, starfsmönnum tölvuleikjaiðnaðarins og spilurum EVE Online í Kaliforníu var boðið í veisluna. Plötusnúðurinn **Margeir Ingólfsson** sá svo um að halda uppi góðri stemningu.



### Ný tónlist frá Magnúsi og Jóhanni

Tónlistardúettinn **Magnús og Jóhann** er í þann mund að senda frá sér tvö ný lög. Annað lagið heitir „Þar sem ástin býr" og er eftir Jóhann og hitt „Sumir dagar" sem er eftir Magnús. Lögin verða á væntanlegri plötu þeirra félaga sem kemur út í haust. Hún verður sú fyrsta sem þeir senda frá sér með nýju efni eingöngu í um tuttugu ár og einnig sú fyrsta sem er alfarið á íslensku. Magnús og Jóhann gáfu í fyrra út safnplötu í tilefni af fjörutíu ára samstarfi sínu og hituðu í framhaldinu upp fyrir Eagles í Nýju Laugardalshöllinni.

- fb



## Mest lesið VÍSIR

1. Örtröð í Reykjavíkurhöfn, mörg skip bíða eftir...
2. Ásakanir um svindl í keppninni Ungfrú Bandaríkin
3. Nokkur þúsund manns á Austurvelli - bein útsending...
4. Bað Jón afsökunar á ummælum...
5. Ungmenni tóku út refsinguna með því að hreinsa rusl





„Þessi bók er sannkallaður gimsteinn og er algjört möst í hillum allra þeirra sem hafa áhuga á veiðum hér á landi... Það er mikill fengur að þessari litlu bók"

*Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttatíminn 5. apríl 2012*

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG



50% AFSLÁTTUR

FYRIR BÖRN Í JÚNÍ OG JÚLÍ*

Bókaðu núna! Takmarkað sætaframboð



Flug+ Gisting ★★★★

Almería

Arena Center
19. júní - 1 vika

Verð frá:
79.900,-

M.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.
Verð m.v. 2 fullorðna, 118.800,-

* Fjölskylduplús!
Plúsferðir bjóða upp á frábært fjölskyldutilboð í sólina á Almería. Nú fá börnin helmingsafslátt á flugsæti í júní og júlí!

Í Almería, sem er í hjarta Andalúsíu á Spáni, ríkir ekta spænsk menning. Verðlag er þar hagstætt og þar má finna stærstu verslunarmiðstöð í Andalúsíu héraði. Stutt er til Granada og Sierra Nevada en þangað er haldið í skoðunarferðir í hverri viku. Hótel Plúsferða standa öll við ströndina í Roquetas de Mar en þar skemmtilegt strandlíf og fjölbreytt mannlíf.

Flogið er í vikulegu morgunflugi í allt sumar!
Fyrstur kemur, fyrstur fær!

Brottfarir:
19. júní / 26. júní / 3. júlí / 10. júlí
17. júlí / 24. júlí / 31. júlí

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is